# FRÉTTABLAÐIÐ

138. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 14. JÚNÍ 2016

# Áfram Ísland!



**Rúmlega níu mánaða bið strákanna okkar lýkur í kvöld þegar Ísland spilar sinn fyrsta leik á Evrópumótinu í Frakklandi. Ísland og Portúgal verða þá tvær síðustu þjóðirnar til hefja leik á Evrópumótinu sem hófst á föstudaginn. Hér sjást strákarnir æfa á Geoffroy-Guichard leikvanginum í Saint-Étienne í gær.** **Sjá síður 26 og 28** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fylgi við Andra og Höllu eykst

**Guðni Th. Jóhannesson mælist með 4,6 prósentum minna fylgi í nýrri könnun en hann gerði fyrir viku. Er þó enn með langtum meira fylgi en aðrir frambjóðendur. Bæði Andri Snær og Halla bæta við sig fylgi.**

**STJÓRNMÁL** Fylgi við Guðna Th. Jóhannesson hefur minnkað um tæp fimm prósentustig á einni viku, samkvæmt niðurstöðum könnunar Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis. Bæði Halla Tómasdóttir og Andri Snær Magnason bæta við sig fylgi.

Átta prósent myndu kjósa Andra Snæ Magnason, 10 prósent Davíð Oddsson, 35 prósent Guðna Th. Jóhannesson, 6 prósent Höllu Tómasdóttur og 2 prósent Sturlu Jónsson. Fimm prósent segjast myndu ekki kjósa eða skila auðu, 26 prósent segjast vera óákveðin en 7 prósent svara ekki.

Séu einungis skoðuð svör frá þeim sem afstöðu taka segist 13,1 prósent myndu kjósa Andra Snæ, 16,1 prósent myndi kjósa Davíð, slétt 56 prósent Guðna, 9,6 prósent Höllu og 2,9 prósent Sturlu. Aðrir frambjóðendur eru með minna fylgi.

Í könnun sem gerð var 6. júní sögðust 60,6 prósent þeirra sem afstöðu tóku að þau myndu kjósa Guðna, 17,7 prósent sögðust myndu kjósa Davíð, 10,9 prósent Andra Snæ og 7,3 prósent Höllu.

Þau Andri Snær, Guðni og Halla mælast öll með meira fylgi meðal kvenna en karla. Davíð er hins vegar langtum sterkari á meðal karla.

### Fylgi fjögurra efstu forsetaframbjóðendanna

Samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins 13. júní 2016.




Könnunin var gerð mánudagskvöldið 13. júní. Hringt var í 926 manns þar til náðist í 802 og var svarhlutfallið því 86,6 prósent. Spurt var: Ef forsetakosningar færu fram á morgun, hvern myndir þú kjósa? Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Alls tóku 62,3 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar. **– jhh**

## Fréttablaðið í dag



**LÍFIÐ** Jökull í Kaleo fylgir nýrri plötu eftir raddlaus. **42**

**FRÉTTIR** Byssueignin sögð vandamálið vestra. **16**

**SKOÐUN** Formaður BSRB um lög á deilu flugumferðarstjóra. **18**

**SPORT** Lið Portúgals snýst ekki lengur bara um Ronaldo. **28**

**TÍMAMÓT** Breyta ljótum færslum á Twitter í fallega tónlist. **30**

**MENNING** Njála hreppti níu Grímuverðlaun. **34**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

50.000 kr. afsláttur með ljósleiðara hjá Nova!



**55" Samsung Smart TV 4K Curved**
**199.990 kr.** stgr.
Fullt verð: **249.990 kr.**

30.000 kr. afsláttur með ljósleiðara hjá Nova!



**49" Samsung Smart TV 4K Curved**
**159.990 kr.** stgr.
Fullt verð: **189.990 kr.**

30.000 kr. afsláttur með ljósleiðara hjá Nova!



**49" Samsung Smart TV 4K flatt**
**149.990 kr.** stgr.
Fullt verð: **179.990 kr.**

**BESTI SJÓNVARPS-DÍLLINN HJÁ NOVA!**

Öll snjallsjónvörp tengjast netinu sem gerir allt efni mun aðgengilegra. Snjallasta leiðin til að horfa á sjónvarp.

Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA

## Veður




Norðaustlæg eða breytileg átt, yfirleitt 3-8 m/s. Víða léttskýjað á landinu, en skýjað og smádropar austanlands. Hiti 7 til 18 stig, hlýjast í uppsveitum á Suðvestur- og Vesturlandi en kaldast við austurströndina. SJÁ SÍÐU 32

# Njála fékk flest verðlaun



Það þarf gífurlegt hugrekki til að hrófla við menningararfinum okkar," sagði Brynhildur Guðjónsdóttir leikkona þegar hún tók við Grímuverðlaununum sem leikkona ársins fyrir hlutverk sitt sem Njáll á Bergþórshvoli í leikritinu Njálu. Hún er hér með dóttur sinni, Rafnhildi Rósu Atladóttur. Njála var annars sigurvegari kvöldsins og hlaut verðlaun í níu flokkum. Sjá síðu 34 FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Styðja við systur sínar í Póllandi

**SAMFÉLAG** „Það er erfitt og hættulegt að stunda femíníska baráttu í Póllandi um þessar mundir vegna fjársveltis og áreitis frá stjórnvöldum sem vilja takmarka getu samtaka til aðgerða í jafnréttismálum," segir Áslaug Einarsdóttir, framkvæmdastýra samtakanna Stelpur rokka. Samtökin eru rekin af sjálfboðaliðum og starfa af femínískri hugsjón við að efla ungar stelpur í gegnum tónlistarsköpun. Samtökin eru nú í samstarfi við samtökin Foundation for Positive Change í Póllandi sem beita sér fyrir vitundarvakningu um ofbeldi gegn konum í landinu. Haldnar verða þrjár rokkbúðir í Póllandi í sumar og eru Stelpur rokka að safna peningum fyrir búðirnar. Í búðunum verður rokkað gegn ofbeldi.



Áslaug Einarsdóttir, framkvæmdastýra Stelpur rokka

„Það eru forréttindi að fá að starfa í femínísku starfi á Íslandi og viljum við leggja okkar af mörkum til að styðja við systur okkar í Póllandi," segir Áslaug en hún segir ástæðuna fyrst og fremst vera þá erfiðu tíma sem ríki í Póllandi. Stjórnvöld samþykki hverja takmarkandi löggjöfina á fætur annarri og séu í virkri andstöðu gegn hvers kyns jafnréttisbaráttu. Hún segir að nýlega hafi til dæmis verið sett allsherjarbann við fóstureyðingum. Þá ætli Pólsk yfirvöld ekki að samþykkja samning Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi.

Áslaug segir að í sumar muni svo koma út plata á netinu með bæði þeim lögum sem Stelpur rokka á Íslandi hafa samið og lögum sem samin eru í pólsku búðunum. – **ngy**

# Olíubíll lenti utan vegar í Skagafirði

**SLYS** Ökumaður olíuflutningabíls var fluttur á sjúkrahúsið á Sauðárkróki eftir að bíllinn valt við Höskuldsstaði í Skagafirði á sjöunda tímanum í gær.

„Það er alltaf hætta þegar svona bílar eru á ferð en við mættum með öll tæki sem við gátum sem varúðarráðstafanir. Einnig eru slökkviliðsbílar að aðstoða okkur," segir Höskuldur Erlingsson, varðstjóri hjá lögreglunni á Norðurlandi vestra.

Höskuldur segir olíu hafa lekið úr bílnum en ekki sé vitað nákvæmlega hversu mikil. „Það þarf að tæma úr bílnum áður en hægt er að rétta hann við enda var hann fulllestaður af olíu," segir hann.

Þegar tal náðist af Höskuldi í gærkvöldi stóðu aðgerðir yfir og gengu að hans sögn vel. Nokkrar tafir urðu á umferð vegna slyssins. – **ngy**

# Ljóð og skrímslarusl eru meðal hugmynda

**Metaðsókn hefur verið á nýjan hugmyndavef Reykjavíkurborgar. Hugmyndir um framkvæmdir og viðhald í hverfum borgarinnar streyma inn. Framkvæmt verður fyrir 450 milljónir og borgarar kjósa milli hugmynda í nóvember.**

**REYKJAVÍK** Hugmyndasöfnun á Betri Reykjavík vegna nýframkvæmda og viðhaldsverkefna lýkur á morgun. Rúmlega fimm hundruð hugmyndir hafa skilað sér inn á vefinn og yfir 18 þúsund Reykvíkingar skoðað þær á vefnum.

Eftir að hugmynd hefur verið sett inn er hægt að deila henni á samfélagsmiðlunum og vekja athygli á henni. Þannig getur skapast stemning um hugmyndir og aðrir geta sett inn rök með eða á móti hugmynd. Þessi nýbreytni hefur aukið áhuga borgarbúa á verkefninu.

Á morgun verður lokað fyrir möguleikann á að senda inn hugmyndir og byrjað að vinna úr þeim sem komnar eru.

Sonja Wiium verkefnastjóri segir fagteymi meta hugmyndirnar, hverjar séu innan fjárhagsramma og framkvæmanlegar, og svo velja um fimmtíu fyrir hvert hverfi. Þar á eftir stillir hverfisráðið upp tuttugu hugmyndum sem borgarbúar kjósa um fyrstu vikuna í nóvember.

„Hverfisráðið tekur tillit til vinsælda, hversu mörgum hefur líkað við hugmyndina og einnig er reynt að dreifa hugmyndunum um hverfið."

Framkvæmt verður fyrir 450 milljónir króna og skiptist fjárhæðin milli hverfa. Dreifingin byggir að hluta til á íbúafjölda.

„Upphæðin hefur verið 300 milljónir undanfarin ár en hún hækkaði í ár. Það var kominn tími til að mæta verðlagsbreytingum," segir Sonja en fjárhæðin sem hvert hverfi fær er frá þrettán milljónum, á Kjalarnesi, til tæplega sjötíu milljóna í Breiðholti.

erlabjorg@frettabladid.is



Fólk er hvatt til að sleppa ímyndunaraflinu lausu eins og sést á kynningarmynd verkefnisins þar sem sjá má rússibana á Klambratúni. MYND/REYKJAVÍKURBORG

### Fjölbreyttar hugmyndir

Algengast er að hugmyndir snúi að bættum leikvöllum, nýjum gönguleiðum eða umferðaröryggi. En einnig er að finna ævintýralegar og frumlegar hugmyndir.

- Ævintýra- og þrautagarður í Bakkahverfi
- Bryggja eða tangi fyrir dorgveiðimenn í Laugarnesi
- Ljóð sem birtast á Ægisíðunni í rigningu
- Skrímslaruslatunnur í Breiðholti
- Sundlaug í Fossvoginum
- Heit fótalaug í Laugardalnum
- Rennibraut í Ártúnsbrekku
- Yfirbyggður leikvöllur með gleri
- Broskallar í umferðarljós

**Upphæðin hefur verið 300 milljónir undanfarin ár en hún hækkaði í ár. Það var kominn tími til að mæta verðlagsbreytingum.**

Sonja Wiium, verkefnastjóri

### Hugmyndin þarf að:

- Nýtast hverfinu í heild.
- Ekki kosta meira en er í framkvæmdapotti hverfisins.
- Má ekki krefjast mjög flókins undirbúnings og framkvæmdar.
- Verður að falla að skipulagi borgarinnar og stefnu, vera í verkahring borgarinnar og á borgarlandi.






ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

# Ráðgjöf Hafró leyfir veiði á 224 hrefnum á ári

**SJÁVARÚTVEGUR** Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar er að árlegar veiðar á hrefnu næstu þrjú árin, 2016 til 2018, verði ekki meiri en 224 dýr á íslenska landgrunnssvæðinu, eins og segir í skýrslu stofnunarinnar um ástand nytjastofna á Íslandsmiðum 2015/2016 og aflahorfur fiskveiðiárið 2016/2017.

Ráðgjöfin er byggð á úttektum vísindanefnda Norður-Atlantshafs sjávarspendýraráðsins (NAMMCO) og Alþjóðahvalveiðiráðsins (IWC).

Hrefnuveiðar hafa undanfarin ár verið innan við helmingur af ráðlögðum hámarksfjölda. Flestar hrefnur hafa verið veiddar í Faxaflóa utan afmarkaðs hvalaskoðunarsvæðis. Árið 2015 veiddust 36 hrefnur.

Stefnt er að því að viðamikilli úttekt vísindanefndar IWC á hrefnustofnum Norður Atlantshafs ljúki árið 2016, en slíkar úttektir fara fram á sex til átta ára fresti. Árið 2017, á grundvelli þeirrar úttektar ásamt nýjum gögnum úr hvalatalningum 2015–2016, mun verða veitt ráðgjöf til lengri tíma.

Þá ráðleggur Hafró að árlegar veiðar á langreyði árin 2016 og 2017 verði ekki meiri en 146 dýr á veiðisvæðinu milli Austur-Grænlands og Íslands. Langreyði hefur fjölgað jafnt og þétt við Ísland frá upphafi hvalatalninga árið 1987 og var fjöldinn í síðustu talningu (2007) sá hæsti síðan talningar hófust.


Hvalur hf. hóf hvalveiðar að nýju 2006, en þær gætu verið úr sögunni að óbreyttu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Veiðar á langreyði hafa síðastliðin ár verið nálægt ráðlagðri hámarksveiði, að undanskildum árunum 2011 og 2012 þegar engin veiði var vegna náttúruhamfara í Japan sem er helsta útflutningslandið. Árið 2015 veiddust 155 langreyðar.

Forsvarsmenn Hvals hf. gáfu það út í vetur að skip fyrirtækisins færu ekki til veiða í sumar. Ástæðan eru aðferðir Japana við rannsóknir á kjötinu, og sagði Kristján Loftsson í viðtali við Morgunblaðið að breyttust þær ekki væri hvalveiðum sjálfhætt. **– shá**

# Áður heilbrigðir eru greindir geðsjúkir

„Margir sem voru áður álitnir heilbrigðir eru nú greindir geðsjúkir,“ segir Allen Frances, heimsþekktur bandarískur geðlæknir. Hann er kominn hingað til lands og ræðir um ofgreiningar og ofneyslu geðlyfja. Skortur er á aðgengi að viðtalsmeðferðum hér á landi.

**GEÐHEILBRIGÐISMÁL** „Aldous Huxley spáði þessari þróun fyrir mörgum árum þegar hann sagði: Framþróun nútímalæknisfræði er svo undraverð að brátt verður ekkert okkar heilbrigt,“ segir Allen Frances. Þekktur bandarískur geðlæknir, fyrirlesari og höfundur bókarinnar Saving Normal. Hann er hér til að flytja fyrirlestur á málþingi Geðhjálpar: Hefur okkur borið af leið …? á Grand Hóteli á morgun, 15. júní.

Þar fjallar Frances um ofgreiningar, yfir- og undirþjónustu og ofneyslu lyfja. Hann er þekktastur fyrir að tala opinberlega gegn of ítarlegum greiningum sem hann segir þjóna lyfjaiðnaði frekar en fólki.

Hann segir marga sem áður voru álitnir heilbrigðir greinda með geðsjúkdóma, þjáning hversdagsins hafi verið gerð að geðröskunum og allt of oft meðhöndluð með lyfjum.

„Áttatíu prósent geðlyfja eru uppáskrifuð af heimilislækni sem hefur hvorki þjálfun né tíma til að kynnast sjúklingnum og er líka undir þrýstingi frá lyfjafyrirtækjum,“ segir Frances. Helst séu það börn og konur sem séu ofmeðhöndluð.


Allen Frances er gagnrýninn á greiningarkerfi geðlæknisfræðinnar. Hann telur lyf gegna of veigamiklu hlutverki í meðferð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


Auðna Ýr Oddsdóttir hefur náð að fóta sig en læknir hennar fer eftir kenningum um valdeflingu. Hlustað er á hennar þarfir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Skortur á viðtalsmeðferðum

Þórgunnur Ársælsdóttir geðlæknir er einn geðlækna sem taka þátt í málþinginu og segir skort á aðgengi að viðtalsmeðferðum. „Áhersla á lyfjameðferð hefur verið of mikil hér á landi. Ein af ástæðunum fyrir því er tvímælalaust slakt aðgengi að viðtalsmeðferð í grunnheilbrigðisþjónustunni,“ segir Þórgunnur og segir viðhorf fólks til vanlíðunar einnig skipta máli. „Það getur líka skýrst af þrýstingi á að laga hlutina fljótt, og óþoli gagnvart vanlíðan

> Áttatíu prósent geðlyfja eru uppáskrifuð af heimilislækni sem hefur hvorki þjálfun né tíma til að kynnast sjúklingnum.
>
> Allen Frances, geðlæknir



og þjáningu. Það gleymist stundum í umræðunni að það að finna til og þjást er eðlilegur hluti af því að vera manneskja.“

### Sorg er ekki þunglyndi

Þórgunnur tekur undir með Frances og nefnir dæmi um vanlíðan og þjáningu sem líkist geðsjúkdómum og röskunum en eru það ekki. „Sorg í kjölfar ástvinamissis getur til dæmis líkst þunglyndi, en er það þó ekki, heldur eðlileg viðbrögð við missi. Það að vera utan við sig og gleyminn, einbeitingarlaus og fljótfær, þarf ekki að þýða að maður hafi athyglisbrest,“ segir Þórgunnur og segir fræði Frances áhugaverð og vekja upp þarfa umræðu.

„Það voru gríðarlegar framfarir í meðferð geðsjúkra á síðustu öld og einn veigamesti liðurinn var framþróun í lyfjameðferð. Lyf geta verið gríðarlega mikilvæg í alvarlegum veikindum og geta verið hjálpleg í leið til bata,“ segir Þórgunnur.

### Aldrei neydd til neins

Auðna Ýr Oddsdóttir veiktist í kjölfar kannabisneyslu á unglingsárum. Batasaga hennar er gott dæmi um það hversu margir þættir aðrir en lyf stuðla að bata.

Eftir neysluna missti hún tökin á námi sínu og einangraðist félagslega. Hún fékk einnig svokölluð síðhvörf, ofskynjanir og mikil óþægindi.

Auðna fann fyrir markverðum árangri eftir að farið var að vinna eftir kenningum valdeflingar í meðferð hennar.

„Ég var aldrei neydd til neins og kenning um valdeflingu er nokkuð sem læknirinn minn hefur fylgst með. Það er komið til móts við fólk með geðsjúkdóma. Ég treysti ráðum læknisins, fékk ráðgjöf hjá félagsráðgjafa menntuðum í fjölskyldutengslum, fór í iðjuþjálfun og fór að huga að námi en á mínum eigin hraða,“ segir Auðna frá. Hún gerði margt fleira til að vinna í bata, breytti um mataræði, jók við hreyfingu og bætir sífellt við sig í vinnu.

„Allt þetta, uppbyggingin, fæðið og hreyfingin hefur góð áhrif,“ segir Auðna sem er komin í 90 prósenta starf. „Ég var að vinna á heimili fyrir fatlaða en er að skipta yfir í geðgeirann, mér finnst það góð tilhugsun að gefa af mér til baka,“ segir hún.

**kristjanabjorg@frettabladid.is**






# Verða að vinna yfirvinnu

**KJARAMÁL** „Maður leiðir hugann að því hvort það sé virkilega komin upp sú staða að þessi stétt geti ekki haldið uppi þjónustu án þess að þeir vinni yfirvinnu. Ef þeir geri það ekki sé almannahagsmunum stefnt í hættu,“ segir Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, um þá staðreynd að Alþingi hafi staðfest með lagasetningu sinni að það varði almannahagsmuni ef flugumferðarstjórar vinna ekki yfirvinnu.

„Þetta er afskaplega einkennilegt fyrirkomulag enda hafa flugumferðarstjórar ekki yfirvinnuskyldu. Þeir uppfylla algjörlega vinnutímaskyldu sína samkvæmt ráðningarsamningum en það eina sem þeir ákváðu að gera var að taka ekki aukavaktir en þá ákveður Alþingi að það sé almannavá,“ segir Elín Björg en í grein sinni í Fréttablaðinu í dag kallar hún eftir því að stjórnvöld haldi áfram á vegferð sinni við að tryggja almannahagsmuni og rannsaki hverjir beri ábyrgð á því að svo illa sé komið að flugumferðarstjórar verði að vinna yfirvinnu þrátt fyrir að þeim beri ekki lagaleg skylda til þess.


Frá fundahöldum flugumferðarstjóra um áhrif lagasetningar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Nú er staðan einfaldlega þannig að þeim er skyldað að vinna yfirvinnu og það þarf einhver að svara fyrir það.
>
> Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB



„Nú er staðan einfaldlega þannig að þeim er skyldað að vinna yfirvinnu og það þarf einhver að svara fyrir það. Maður fer auðvitað líka að velta því fyrir sér hvernig standi á því að það sé ekki tryggð endurnýjun í stéttinni þegar staðan er svona,“ segir Elín Björg. **– ngy**


Gangi ykkur vel strákar!
ÍSLAND Á EM
Við óskum íslenska karlalandsliðinu til hamingju með glæstan árangur og þátttökuna á lokamóti EM í Frakklandi. Við getum öll verið stolt af strákunum og Landsbankinn óskar liðinu góðs gengis í leikjunum sem nú eru framundan á EM. Áfram Ísland.
Kynntu þér hugmyndir Lars um fótboltann og taktu þátt í skemmtilegum leik um strákana okkar á landsbankinn.is/em2016.

# Voru fastir úti á rúmsjó í rúma tvo sólarhringa

**Togarinn, öflugt dráttarskip sem hingað kemur frá Spáni, þurfti á hjálp björgunarskips að halda á siglingunni til Íslands. Skipið fékk net í skrúfuna og var stopp. Hjálparskip var sent frá Bretlandi. Að óbreyttu hefði skipið átt að koma hingað síðasta sunnudag. Verður dregið til hafnar á Írlandi í dag.**

**VIÐSKIPTI** „Þeir urðu fyrir því óhappi að sigla inn í svokallað drauganet sem festist í skrúfunni og skipið varð stopp úti á hafi,“ segir Ægir Arnar Valgeirsson, framkvæmdastjóri Skipaþjónustu Íslands. Sex manna áhöfn Skipaþjónustunnar hefur setið föst úti á hafi í tvo og hálfan sólarhring á skipinu Togaranum.

Skipaþjónusta Íslands keypti skipið frá Spáni og var áhöfn send til að sækja það í byrjun júní.

Fram kemur á vef Skipaþjónustunnar að Togarinn sé dráttarbátur, 33,5 metrar að lengd og 8,8 metra breiður, smíðaður í Hull árið 1977, en endurnýjuð í honum vélin 1998. Um er að ræða eitthvert öflugasta togskip sem hér verður við störf, en skipið er sagt með 48 tonna togkraft.

Togarinn lagði af stað til Íslands í byrjun júní. Aðfaranótt laugardags festist net í skrúfu skipsins þegar það var statt í um 220 sjómílur vestur af Írlandi.

„Þetta gerðist úti á miðju hafi um nóttina á föstudaginn og það var strax sett saman björgunarteymi. Þetta tekur auðvitað tíma og það tók yfir sólarhring bara að sigla út til að ná í þá. Svo átti eftir að draga skipið í land aftur,“ segir Ægir en áhöfnin er loks væntanleg í land í dag.

„Sem betur fer var gott veður og allir eru í góðum málum. Það ræður auðvitað enginn við þetta og það geta allir lent í þessu miðað við allt ruslið í sjónum. Þeir voru vel búnir og með allt til alls enda leggur enginn af stað öðruvísi.“

Ægir segir ferðina frá Spáni til Íslands hafa verið áætlaða átta daga og að áhöfnin sé spennt að komast heim.

„Ef allt hefði gengið upp hefðu þeir komið til Íslands síðastliðinn sunnudag. Í dag verður athugað með skrúfuna og hún löguð ef þess þarf. Þá verður farið yfir búnaðinn. Ef allt gengur upp leggja þeir af stað heim í dag eða á morgun,“ segir Ægir Arnar Valgeirsson.

nadine@frettabladid.is



**Aðfaranótt laugardags festist net í skrúfu skipsins þegar það var statt í um 220 sjómílur vestur af Írlandi.** MYND/SKIPAÞJÓNUSTA ÍSLANDS

> **Sem betur fer var gott veður og allir eru í góðum málum. Það ræður auðvitað enginn við þetta og það geta allir lent í þessu miðað við allt ruslið í sjónum.**
>
> Ægir Arnar Valgeirsson, framkvæmdastjóri Skipaþjónustu Íslands

**Nýtt dráttarskip Skipaþjónustu Íslands hefur fengið nafnið Togarinn, en það er á leið hingað frá Spáni. Skipið varð fyrir óhappi á leið sinni til landsins.**

## Hittir kjósendur




**Vilja úr ESB** Nigel Farage, formaður Breska sjálfstæðisflokksins (UKIP), stillir sér í gær upp með kjósendum þar sem hann fer fyrir kosningaherferð undir yfirskriftinni „Leave“, en hann mælir fyrir útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu. Kosið verður um veru Breta í ESB 23. júní næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




SUZUKI
Way of Life!
NÝR BALENO!
KYNNUM NÝJAN TÍMAMÓTA BALENO
ÞÚ VERÐUR AÐ PRÓFA HANN
VERÐ FRÁ KR.
2.460.000
BALENO
SAMRUNI RÝMIS OG HÖNNUNAR
NÝR VALKOSTUR! SUZUKI BALENO MILD HYBRID
BALENO setur ný viðmið í nýtingu rýmis. Hann hefur mesta innra-og farangursrými í sínum flokki og er um leið sérlega vel hannaður og glæsilegur ... samruni hönnunar og rýmis.
Við kynnum nú í fyrsta sinn Suzuki Baleno með MILD HYBRID vél, ásamt tveimur sparneytnum bensínvélum, 1,0 Boosterjet og 1250 Dualjet. Meðal eyðsla frá 4,0 l/100km.
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
SUZUKI
Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

# Genin ráða hvenær lax snýr aftur

**Nature birtir rannsókn sem sýnir að lengd sjávardvalar Atlantshafslaxins er arfgeng. Rannsóknin undirstrikar mikilvægi þess að vernda stórlax. Mikil stórlaxagengd í byrjun sumars er sett í samhengi við átak um að leyfa stórlaxi að lifa. Um metveiði var að ræða.**

**NÁTTÚRA** Komið hefur í ljós að það er arfgengt hvort laxar dvelja eitt eða tvö ár í sjó. Þetta undirstrikar mikilvægi þeirrar aðgerðar að sleppa stórlaxi, sem hvatt hefur verið til á undanförnum árum.

Upplýsingar um þessa mismunandi arfgerð laxa koma fram í grein sem birtist fyrir skömmu í hinu virta vísindariti Nature, og vitnað er til af Guðna Guðbergssyni, fiskifræðingi hjá Veiðimálastofnun, í nýrri lokaskýrslu um lax- og silungsveiðina sumarið 2015.

Í Nature er sagt frá rannsóknum sem sýndu að fundist hefur gen í laxi sem gegnir veigamiklu hlutverki í að ákvarða hvort Atlantshafslax gengur til hrygningar sem smálax, og þá eftir eitt ár í sjó eða stórlax eftir tvö ár eða lengur.

„Fækkun laxa með tveggja ára sjávardvöl (stórlaxa) stóð nærri samfellt frá miðjum níunda áratug síðustu aldar fram til 2000 og veldur sú fæð stórlaxa verulegum áhyggjum. Talið er að meginorsökin fyrir minnkandi stórlaxagengd á undanförnum tveimur áratugum sé vegna hækkaðrar dánartölu laxa á öðru ári í sjó,“ skrifar Guðni.

Eins og kunnugt er hafa Landssamband veiðifélaga og stangveiðimanna auk Veiðimálastofnunar beint þeim eindregnu tilmælum til veiðimanna að þeir sleppi stórlaxi í stangveiði. Veiðimálastofnun hefur þá skorað á veiðiréttarhafa og stjórnvöld að grípa til friðunar á stórlaxi í íslenskum veiðiám á meðan þetta ástand varir.

Þetta hefur borið árangur. Laxi hefur fjölgað og hlutfall þeirra laxa sem veiddir eru á stöng og sleppt aftur hefur hækkað. Sumarið 2015 var 42,8% smálaxa af villtum uppruna sleppt aftur en 70% stórlaxa, segir í skýrslu Veiðimálastofnunar.

Fréttir undanfarinna daga af upphafi laxveiða í Norðurá, Blöndu og Þverá/Kjarará hafa allar verið á einn veg. Mikið af stórlaxi hefur veiðst í upphafi veiðitímans og vöktu niðurstöðutölur opnunarhollanna athygli, enda um metveiði að ræða. Um helgina var það sama uppi í Þverá/Kjarará í Borgarfirði þar sem tugir laxa komu á land.

Einar Sigfússon, sölustjóri í Norðurá, sagði í viðtali við Stöð 2 að hann hefði mikla trú á því að upphaf veiðitímans, og fjöldi stórlaxa, væri í beinu sambandi við það átak veiðimanna og yfirvalda að sleppa veiddum stórlaxi. Til þess ber einnig að líta að veiðin sumarið 2015 var sú fjórða mesta sem sagan geymir. Þetta uppfyllir vonir veiðimanna vegna sterkra gangna smálaxa í fyrrasumar, og svo virðist sem aðstæður í sjónum hafi verið góðar upp skeið – enda lax að ganga sem er afar vel haldinn.

svavar@frettabladid.is



**Um sjötíu prósent af veiddum stórlaxi sumarið 2015 fengu lífgjöf frá veiðimönnum.** MYND/NASF

## Stórveiðisumar staðfest:

- Sumarið 2015 var stangveiði á laxi í ám á Íslandi alls 71.708 laxar.
- Af þeim var 28.120 (39,2%) sleppt aftur.
- Af veiddum löxum voru 61.576 laxar með eins árs sjávardvöl (smálaxar) (85,8%).
- Af veiddum löxum voru 10.132 (14,2%) laxar með tveggja ára sjávardvöl eða lengri (stórlaxar).
- Skráð stangveiði 2015 var sú fjórða mesta sem skráð hefur verið hér á landi og rúmlega tvöfalt meiri en var á árinu 2014 þegar 33.598 laxar veiddust.
- Veiðin var um 76% yfir meðalveiði áranna 1974 til 2014 (40.684).

**Fækkun laxa með tveggja ára sjávardvöl (stórlaxa) stóð nærri samfellt frá miðjum níunda áratug síðustu aldar fram til 2000 og veldur sú fæð stórlaxa verulegum áhyggjum.**



Guðni Guðbergsson, fiskifræðingur hjá Veiðimálastofnun





Starfsemi Edduhótelanna hófst árið 1961 og er nánast samofin sögu ferðaþjónustu á Íslandi. Við höldum upp á 55 ára afmæli okkar með því að bjóða 55% afslátt af gistingu á Hótel Eddu ML og ÍKÍ á Laugarvatni 17. og 18. júní.
**Skelltu inn bókun á hoteledda.is dagana 14.-17. júní.**

*Við tökum vel á móti þér eins og við höfum gert í meira en hálfa öld!*

**11 HÓTEL ALLAN HRINGINN:** **1** ML Laugarvatn • **2** ÍKÍ Laugarvatn • **3** Skógar • **4** Vík í Mýrdal • **5** Höfn • **6** Neskaupstaður • **7** Egilsstaðir • **8** Stórutjarnir • **9** Akureyri • **10** Ísafjörður • **11** Laugar í Sælingsdal

Pantaðu allan hringinn á www.hoteledda.is eða í síma 444 4000.

hotel edda
Gestrisni af gamla skólanum
SÍÐAN 1961





**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

NOTAÐIR BÍLAR
TILBOÐ
BÍLALAND BÝÐUR NOKKRA BÍLA Á EINSTÖKUM KJÖRUM!
KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL Á FRÁBÆRU VERÐI!




RANGE ROVER SPORT V6
Nýskr. 05/12, ekinn 45 þús. km, dísil, sjálfskiptur
Verð áður kr. 10.900.000
TILBOÐSVERÐ! 9.900 þús.




MMC PAJERO INSTYLE
Nýskr. 12/10, ekinn 105 þús. km, dísil, sjálfskiptur
Verð áður kr. 5.870.000
Rnr. 143163
TILBOÐ kr. 4.990 þús.




HYUNDAI ix35 COMFORT
Nýskr. 05/15, ekinn 31 þús. km, dísil, sjálfskiptur
Verð áður kr. 4.990.000
Rnr. 143158
TILBOÐ kr. 4.490 þús.




RENAULT MEGANE BERLINE
Nýskr. 12/09, ekinn 85 þús. km, dísil, 5 gírar
Verð áður kr. 1.650.000
Rnr. 283302
TILBOÐ kr. 1.350 þús.




SUZUKI GRAND VITARA PREM.
Nýskr. 05/14, ekinn 88 þús. km, bensín, 5 gírar
Verð áður kr. 3.990.000
Rnr. 143132
TILBOÐ kr. 2.990 þús.




HYUNDAI SANTA FE II V6
Nýskr. 03/07, ekinn 170 þús. km., bensín, sjálfskiptur 4 gírar
Verð áður kr. 1.590.000
Rnr. 152288
TILBOÐ kr. 1.090 þús.




RENAULT MEGANE SCENIC III
Nýskr. 08/14, ekinn 61 þús. km., dísil, sjálfskiptur
Verð áður kr. 3.190.000
Rnr. 283307
TILBOÐ kr. 2.890 þús.

WWW.BÍLALAND.IS
bílaland
Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is



Guðmundur segir erfitt að vera svo mikið fjarri fjölskyldu sinni og vill fá að sinna starfi sínu hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Flugumferðarstjóri segist útlægur frá Isavia

**Flugumferðarstjóri sem var sagt upp störfum á ólögmætan hátt á ekki afturkvæmt í stéttina hér á landi. Var sagt upp eftir að hann kvartaði undan einelti á vinnustað. Hefur sótt um störf hjá Isavia í fjögur ár án árangurs.**

**ATVINNUMÁL** „Ég er í raun sendur í útlegð því menntun mín nýtist ekki hjá öðrum vinnuveitanda á Íslandi,“ segir Guðmundur Jón Friðriksson flugumferðarstjóri sem hefur síðustu fimm ár starfað víðs vegar um heiminn fjarri fjölskyldu sinni eftir að honum var sagt upp störfum hjá Isavia. Hann segist ekki eiga afturkvæmt heim.

„Það versta er að þeir vita alveg hvað þeir eru að gera með því að segja upp 43 ára gömlum flugumferðarstjóra þegar það er ekkert annað fyrirtæki á landinu sem sinnir flugumferðarstjórn. Ég hef reynt að komast aftur til starfa og sæki reglulega um en fæ engin svör. Á meðan er skortur á flugumferðarstjórum, til dæmis á Akureyri, og það er skortur á kennurum en ég hef mikla reynslu af kennslu,“ segir hann.

> **Það versta er að þeir vita alveg hvað þeir eru að gera með því að segja upp 43 ára gömlum flugumferðarstjóra þegar það er ekkert annað fyrirtæki á landinu sem sinnir flugumferðarstjórn.**
>
> Guðmundur Jón Friðriksson, flugumferðarstjóri

Guðmundur hafði unnið sem flugumferðarstjóri á Keflavíkurflugvelli í rúm tuttugu ár þegar honum var sagt upp. Hann segir móralinn á vinnustaðnum hafa breyst vegna nýs yfirmanns. „Það kom nýr yfirmaður sem hafði neikvæð áhrif á vinnustaðinn. Menn hættu störfum vegna hans, fóru fyrr á eftirlaun eða létu færa sig í starfi.“

Guðmundur segir nýja yfirmanninn hafa lagt sig í einelti en þegar hann kvartaði til starfsmannastjóra fékk hann uppsagnarbréf í hendurnar með þeirri einu skýringu að það væru samskiptaörðugleikar.

Guðmundur reyndi að ná sáttum í málinu því hann vildi gjarnan halda áfram að starfa sem flugumferðarstjóri, en án árangurs. Þegar hann fékk engin svör frá Isavia fór hann með málið fyrir dóm. Fyrir ári dæmdi héraðsdómur að uppsögnin hefði verið ólögmæt því Guðmundur fékk enga áminningu. Í dómsorðinu kemur einnig fram að framkoma Isavia í garð Guðmundar hafi verið meiðandi og mannauðssviðið hafi ekki staðið sig þegar ekki var brugðist við kvörtunum um einelti.

„En allan tímann reyndi ég að ná sáttum. Þetta snerist ekki um peninga heldur vildi ég fá starfið mitt aftur. Mér var sagt að ég hefði sömu möguleika og aðrir á að fá starf að nýju hjá fyrirtækinu án þess þó að fá forgang. Ég var hvattur til að fara út og sækja aftur um. Og það gerði ég, náði mér í meiri reynslu og góð meðmæli en það breytti engu. Mér er enn ekki svarað og er sýnd algjör vanvirðing.“

Síðustu fimm ár hafa verið Guðmundi þungbær enda erfitt að búa fjarri fjölskyldunni en aðstæður ytra bjóða ekki upp á að fjölskyldan búi hjá honum. En hann segir erfitt fyrir mann á miðjum aldri með svo sértækt nám á bakinu að finna sér nýjan starfsvettvang. „Það er búið að fjárfesta tugi milljóna í þjálfun minni. Á sama tíma kvarta flugumferðarstjórar undan álagi og segja að það þurfi að fjölga í stéttinni. En umsóknum mínum er ekki enn svarað. Isavia hefur gefið öllum öðrum flugumferðastjórum sem hafa farið frá fyrirtækinu tækifæri nema mér. Ég vil gjarnan fá skýringu.“

Sigurður Ólafsson, framkvæmdastjóri mannauðssviðs Isavia, vildi ekki tjá sig um mál einstakra starfsmanna þegar haft var samband við hann.

**erlabjorg@frettabladid.is**

# Kolefnisjafna eigin akstur til vinnu

**UMHVERFISMÁL** „Starfsfólk okkar vill gjarnan taka enn frekari þátt í að hugsa um umhverfið,“ segir Randver Fleckenstein, fræðslustjóri Valitor, um samning sem fyrirtækið hefur gert við Kolvið. Samningurinn felur í sér að starfsfólk kolefnisjafnar eigin akstur til og frá vinnu. „Starfsfólk sem skrifar undir þennan samning veitir okkur leyfi til að draga af launum þeirra mánaðarlega, eins og einn eldsneytistank á ársgrundvelli, og greiðslurnar renna til Kolviðs,“ segir Randver frá.

Markmið samningsins er að binda kolefni sem fellur til vegna aksturs starfsmanns á ársgrundvelli. Kolviður hefur umsjón með kolefnisbindingunni sem á sér stað í gróðri og jarðvegi með skógrækt og landgræðslu.

Þetta er í fyrsta skipti sem gerður er álíka samningur hér á landi en vanalega varða slíkir samningar aðeins ferðir á vegum fyrirtækisins. „Viðbrögðin eru jákvæð. Valitor kolefnisjafnar allar flugferðir og ökuferðir á vegum fyrirtækisins en við gerum okkur grein fyrir að fólk vill gera betur,“ segir Randver.



Randver Fleckenstein, verkefnastjóri í stýrihóp á sviði samfélagsábyrgðar hjá Valitor, Viðar Þorkelsson, forstjóri Valitor, Einar Gunnarsson, frá Kolviði, og Lára Björk Erlingsdóttir, fulltrúi starfsmanna í stýrihópi samfélagsábyrgðar hjá Valitor.

„Með þessu fyrirkomulagi við Kolvið erum við að bjóða þeim starfsmönnum sem hafa ekki möguleika á að vera með samgöngusamning við félagið tækifæri á því að vernda umhverfið. Á þennan hátt getum við verið ábyrgari í okkar umhverfismálum og stuðlað að vitundarvakningu meðal starfsmanna,“ segir Viðar Þorkelsson, forstjóri Valitor. **– kbg**

CITROËN

# HVAÐ Á C4 CACTUS SAMEIGINLEGT MEÐ KAKTUSUM?

CITROËN
C4
CACTUS

VERÐ FRÁ
**2.690.000 KR.**
STÓRGLÆSILEGUR
**300.000 KR.**
KAUPAUKI FYLGIR MEÐ
Í TAKMARKAÐAN TÍMA

NÝTTU TÆKIFÆRIÐ




INTERNATIONAL engine of the year awards 2015
Presented by engine technology international magazine

**Kaktusar** eru harðgerðir, lifa á nánast engu og verja sig á snjallan hátt. Það sama á við um Citroën C4 Cactus. Veldu hagnýta hönnun, sparneytni og lágan rekstrarkostnað. Ekkert prjál, einungis hlutir sem skipta máli í dag.

Citroën C4 Cactus er fáanlegur með BlueHdi dísilvél eða nýrri PureTech bensínvél sem nýverið hlaut eftirsótta titilinn vél ársins (International Engine of the Year). Báðar vélarnar sameina frábæra frammistöðu, lága eyðslu og litla koltvísýringslosun.

Citroën C4 Cactus hefur slegið í gegn um allan heim. Glæsilegur kaupauki fylgir með tímabundið. Tryggðu þér eintak.

**Komdu í reynsluakstur**

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

# Ná Jóni Hákoni á flot

**LANDHELGISGÆSLAN** „Þetta er búið að vera í undirbúningi í allan vetur. Við buðum rannsóknarnefnd að leggja fram skip og kafara í verkið og síðan er þetta búið að vera í undirbúningi í allan vetur. Það var alltaf alveg ljóst að það yrði ekki farið í þetta í vetur vegna veðurs og við stefndum alltaf á vorið,“ segir Auðunn F. Kristinsson, verkefnastjóri aðgerðasviðs Landhelgisgæslu Íslands, en nú er unnið að því að ná fiskiskipinu Jóni Hákoni á flot. Landhelgisgæslan og rannsóknarnefnd samgönguslysa ásamt Árna Kópssyni kafara vinna nú að verkinu en aðgerðir hófust síðastliðinn föstudag. Jón Hákon sökk í utanverðu Ísafjarðardjúpi síðastliðið sumar með þeim afleiðingum að einn skipverji lést en þremur var bjargað af kili skipsins.

„Þetta er talsvert verk en það hefur gengið vel hingað til og allt samkvæmt áætlun. Þetta er mjög flókin köfunaraðgerð en við byrjuðum á því að krækja í skipið og lyfta því upp í 15 metra dýpi af 80 metrum,“ segir Auðunn en nú er verið er að tæma úr því afla og veiðarfæri sem voru um borð. „Það er líka kafað þarna í kring og allt skipið myndað í bak og fyrir.“



**Unnið er að því að ná flaki Jóns Hákons á flot í Ísafjarðardjúpi.** MYND/LHG

Auðunn segist reikna með því að aðgerðirnar taki um tíu til tólf daga ef allt gengur eftir. Að verkinu koma varðskipið Þór, sjómælingabáturinn Baldur, séraðgerðasvið Landhelgisgæslunnar, Árni Kópsson kafari auk fulltrúa rannsóknarnefndar samgönguslysa. **– ngy**






**Englendingur með höfuðáverka í haldi lögreglu í Frakklandi.** NORDICPHOTOS/AFP

# Þjálfaðar rússneskar boltabullur stóðu fyrir óeirðunum í Marseille

**Hundrað og fimmtíu Rússar voru mættir á EM í þeim tilgangi að slást. 35 slösuðust í óeirðunum í Marseille. Rússneskur þingmaður lofar athæfið en íþróttamálaráðherrann segir rétt af UEFA að refsa rússneska knattspyrnusambandinu.**

**FRAKKLAND** Hundrað og fimmtíu manna hópur vel þjálfaðra rússneskra fótboltabulla stóð fyrir óeirðunum í Marseille á sunnudaginn í kjölfar leiks Englands og Rússlands á Evrópumeistaramótinu í knattspyrnu. Leiknum lauk með 1-1 jafntefli.

Alls slösuðust 35 manns í óeirðunum, þar af fjórir alvarlega. Um tuttugu voru handteknir en réttað verður yfir tíu þeirra á næstu dögum.

Frá þessu greinir Brice Robin, saksóknari í borginni. „Þeir voru vel þjálfaðir til að beita ofsafengnu ofbeldi á miklum hraða,“ segir Robin.

Á blaðamannafundi í gær sagði Robin að það hefði verið sérstaklega erfitt að handtaka rússnesku bullurnar þar sem þær væru vanar að komast hjá handtöku. Hann sagði bullurnar ekki fagmenn en einkar öfgafullar.

Lögregluyfirvöld í Frakklandi greina nú myndir úr öryggismyndavélum til að bera kennsl á sem flesta sem áttu þátt í ofbeldinu. Gera þeir það í samstarfi við rússnesk og ensk lögregluyfirvöld.

Tveir Englendingar voru í gær dregnir fyrir dómstóla fyrir sinn þátt í óeirðunum. Hinn tvítugi Alexander Booth var dæmdur í tveggja mánaða fangelsi fyrir að kasta flösku í lögreglumann og hinn 41 árs Ian Hepworth var dæmdur í þriggja mánaða fangelsi fyrir sama athæfi. Báðum var þeim bannað að koma til Frakklands næstu tvö árin. Tveimur Rússum hefur einnig verið vísað úr landi.

UEFA, Knattspyrnusamband Evrópu, hótaði Englendingum og Rússum brottrekstri af mótinu ef athæfið endurtæki sig. Einnig hefur sambandið ákært rússneska knattspyrnusambandið og verður refsingin ákveðin í dag.

Vitaly Mutko, íþróttamálaráðherra Rússa, telur UEFA hafa gert rétt. Frá því sagði hann í viðtali við rússneska miðilinn R-Sport í gær.

Igor Lebedev, þingmaður minnihlutaflokksins LDPR, er hins vegar ósammála Mutko.

„Ég skil ekki hvað er að því að fótboltaaðdáendur slást. Þvert á móti. Vel gert, strákar! Haldið þessu áfram,“ sagði hann á Twitter-síðu sinni í gær. Þá sagði hann óeirðirnar alfarið á ábyrgð lögreglu.

Yfirvöld í Frakklandi hafa hvatt stjórnendur leikvanga þar sem keppt verður á á mótinu til þess að taka allt áfengi úr sölu á meðan á leik stendur. **thorgnyr@frettabladid.is**

> **Ég skil ekki hvað er að því að fótboltaaðdáendur slást. Þvert á móti. Vel gert, strákar!**
>
> Igor Lebedev, þingmaður



> **Þeir voru vel þjálfaðir til að beita ofsafengnu ofbeldi á miklum hraða.**
>
> Brice Robin, saksóknari í Marseille í Frakklandi



# DEWALT Á HEIMA HJÁ SINDRA...

## LÍNULASER GRÆNN 10.8V

10.8V 2.0Ah rafhlaða
4x sjáanlegri en rauður
Vatns og rakavarinn IP65



vnr 94DCE088D1G

**83.745** m/vsk

## HERSLULYKILL 18V 1/4”

Tvær 18v 5.0Ah rafhlöður
205 Nm hersla
1/4” hex bitahaldari
Kolalaus mótor



vnr 94DCF887P2

**79.403** m/vsk

Fullt verð 86.222 m/vsk

## BORVÉL OG HERSLUVÉL 18V

Borvél m/höggi DCD795
-Hersla 60 Nm
Hersluvél DCF885
-Hersla 155 Nm



vnr 94DCK250P2

**98.000** m/vsk

Fullt verð 129.734 m/vsk

## HANDRYKSUGA 18V

Án rafhlaðna og hleðslutækis
1m gúmmíbarki
Öflugur filter, tekur allt að 0,3 mikron ryk sem er 10X minna en gipsryk



vnr 94DCV517N

**23.832** m/vsk

Fullt verð 30.782 m/vsk

## HJÓLSÖG 1200W

165mm blað
1200W mótor
55 mm skurðardýpt



vnr 94DWE550

**28.746** m/vsk

Fullt verð 41.513 m/vsk

## GEIRUNGSSÖG 216 MM

1400 watta mótor
Þyngd: 11,5 kg
216 mm blað
Skuggalína



vnr 94DWS774

**59.850** m/vsk

Fullt verð 68.154 m/vsk

## SLÍPIROKKUR 1200W

Afl: 1200 wött
Skífustærð: 125 mm
Snúningshraði: 11000 sn/mín



vnr 94DWE4227

**22.900** m/vsk

Fullt verð 27.929 m/vsk

## VERKFÆRASETT 6STK

Skemmtilegt 18V sett í tveimur töskum.
Settið inniheldur: slípirokk, hjólsög, stingsög, borvél, hersluskrúfvél, ljós, hleðslutæki og þrjár 4Ah rafhlöður



**175.000** m/vsk

Fullt verð 242.986 m/vsk

## BORÐ F. GEIRUNGSSAGIR

Létt og þægilegt borð fyrir allar gerðir geirungsaga. Borðið er 1,9m samanbrotið en 3,9m útbreitt Festingar fyrir geirungsög fylgir



vnr 94DE7023

**35.900** m/vsk

Fullt verð 51.627 m/vsk

## FJARLÆGÐAMÆLIR

Drægni 50m
Nákvæmni +/- 1,5mm á 50m
Mælir: Lengd, fermetra og rúmmetra



vnr 94DW03050

**35.900** m/vsk

Fullt verð 31.195 m/vsk

## FJÖLNOTA SÖG OG JUÐARI

Frábær fjölnotasög
Fljótvirk blaðaskipting og stilling.
Hraðastilltur 0 - 22.000 OPM



vnr 94DWE315

**28.620** m/vsk

Fullt verð 35.456 m/vsk

# ÚRVAL BORGA OG ÆVINTÝRAFERÐA



BORGARFEÐIR Í HAUST OG VETUR 2016

## BERLÍN, BRIGHTON, BÚDAPEST & DUBLIN

**ERTU MEÐ HÓP!**

Við skipuleggjum ferðina fyrir allar gerðir af hópum. Við tökum á móti smáum jafnt sem stórum hópum. Sendu fyrirspurn á **hopar@uu.is** Úrval Útsýn hefur áratuga reynslu af skipulagningu borgarferða bæði fyrir einstaklinga og hópa.



21. SEPT.– 1. OKT. 2016

## LANDIÐ HELGA JERÚSALEM

Hér er á ferðinni einstök sögu- og menningarferð til Jerúsalem með Sr. Hirti Magna Fríkirkjupresti.

**VERÐ FRÁ 449.900 KR.**
á mann í tvíbýli með hálfu fæði.





3. – 15. NÓVEMBER 2016 HÖFUM BÆTT VIÐ SÆTUM

## THAILAND BANGKOK

Ferð sem sameinar strandarlíf við fagra strönd og upplifun á framandi slóðum. 8 nætur á Hua Hin og 3 nætur í Bangkok. Fararstjóri; Kristján Steinsson

**VERÐ FRÁ 298.900 KR.**
á mann í tvíbýli með morgunverði.





21. OKT. – 3. NÓV. 2016 AUKAFERÐ

## DRAUMADVÖL Á BALÍ

Einstök ferð til Balí þar sem ferðast er um eyjuna í 8 daga og endar ferðin á dásamlegri strönd í afslöppun í 3 nætur. Fararstjóri Halla Frímannsd.

**VERÐ FRÁ 399.800 KR.**
á mann í tvíbýli.



# SUÐUR AFRÍKA - FRÁBÆRT KYNNINGARVERÐ



## SUÐUR AFRÍKA CAPE TOWN

15. FEBRÚAR - 3. MARS 2016

**FERÐIN SLÓ Í GEGN Í FYRRA!**

KYNNINGARAFLÁTTUR TIL 1. JÚLÍ

**498.900 KR.***

*á mann í tvíbýli með morgunverði.

Ævintýraferð þar sem ferðast verður frá Cape Town um vínlöndin upp til Klein Karoo og meðfram ströndinni. Fararstjórar ferðarinnar eru Bói og Villi sem bjuggu þar um tíma.





**AFSLÁTTARKÓÐI EMSÓL**

NOTAÐU KÓÐANN Á UU.IS OG FÁÐU FERÐINA 10.000 KR. ÓDÝRARI Á HVERN FARÞEGA!

**TILBOÐIÐ BYRJAR Í DAG! EKKI MISSA AF ÞESSU**

BENIDORM / HÁLFT FÆÐI



Benidorm

## MELIA BENIDORM ★★★★

Net · Skemmtidagskrá · Fæði · Strönd 900 m

Verð frá **79.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í tvíbýli með hálfu fæði 14.–22. júní.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna 89.900 kr.

Gott hótel á Levante ströndinni. Fallegur sundlaugargarður, upphituð innilaug góð líkamsrækt. Gott leiksvæði fyrir börnin. Skemmtidagskrá fyrir börn og fullorðna.

ALBÍR



Albír

## ALBIR PLAYA★★★★

Net · Fæði · Strönd 150 m

VERÐ FRÁ **57.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með morgunverði. 17. - 24. júní.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna 73.900 kr.

Albir Playa er rétt hjá listamannabænum Altea og Benidorm sem iðar af mannlífi á sumrin. Ein besta gisting sem völ er á í Albir. Herbergi nýtískuleg og hlýleg.

*Athugið verðdæmi sýnd með afslætti og gilda aðeins með nýjum bókunum. Birt með fyrirvara um prentvillu




# ÓTRÚLEG EM TILBOÐ!

## ÚRVAL ÚTSÝN ÓSKAR STRÁKUNUM OKKAR GÓÐS GENGIS Í KVÖLD OG LANDSMÖNNUM ÖLLUM SKEMMTUNAR. **ÁFRAM ÍSLAND!**

ALMERÍA / HÁLFT FÆÐI



Roquetas de Mar
### BEST SABINAL ★★★★
Net · Skemmtidagskrá · Fæði · Við Strönd

VERÐ FRÁ **69.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með hálfu fæði. 23. – 30. júní.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna 86.900 kr.

Vinsælt hótel í hjarta bæjarins. staðsett alveg við ströndina í Roquetas de Mar. Góð herbergi, hægt að fá sjávarsýn gegn gjaldi. Hálft fæði eða allt innifalið í boði.

ALMERÍA / FJÖLSKYLDUGISTING



Roquetas de Mar
### PIERRE VACANCES ★★★
Net · Strönd 500 m

VERÐ FRÁ **56.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 3 börn í íbúð með 2 svefnh. 16.–23. júní. Verð á mann m.v. 2 fullorðna 79.900 kr.

Glæsilegar íbúðir með 2 svefnherbergjum. Sundlaug og barnalaug. Ekkert fæði er í boði en lítill bar er á svæðinu. Góður kostur fyrir stórar fjölskyldur.

## DAGSETINGAR Á TILBOÐSVERÐI

**ALMERÍA**
16., 23. OG 30. JÚNÍ

**KANARÍ**
15 OG 22. JÚNÍ

**MALLORCA**
21. JÚNÍ

**ALICANTE, BENIDORM OG ALBÍR**
14. OG 17. JÚNÍ

MALLORCA



Santa Ponsa
### VISTA CLUB ★★★
Strönd 300 m

VERÐ FRÁ **59.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi 21. – 28. júní
Verð á mann m.v. 2 fullorðna 79.900 kr.

Góðar íbúðir við Santa Ponsa ströndina um 300 metra frá miðbæ Santa Ponsa. Verslanir, kaffihús og veitingastaðir eru í göngufæri.

KANARÍ



Enska ströndin
### APARTMENTOS TENEGUIA ★★
Strönd 500 m

VERÐ FRÁ **39.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íbúð með einu svefnh. 15. – 22. júní
Verð á mann m.v. 2 fullorðna 44.900 kr.

Íbúðagisting staðsett við Tirajana götuna. Stutt er í alla þjónustu, verslanir og veitingahús. Ganga niður að strönd tekur u.þ.b. 10 mínútur.

KANARÍ



Enska ströndin
### EUGENIA VICTORIA ★★★
Net · Skemmtidagskrá · Fæði · Strönd 500 m

VERÐ FRÁ **69.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 barn í tvíbýli með hálfu fæði. 22. – 29. júní
Verð á mann m.v. 2 fullorðna 79.900 kr.

Vel staðsett 3ja stjörnu hótel á Ensku ströndinni. Verslanir, veitingastaðir og barir í næsta nágrenni. Einstaklega fallegur og rúmgóður sundlaugagarður.

Innifalið í verði hjá Úrvali Útsýn er flug, gisting, íslensk fararstjórn, flugvallaskattar, ferðataska og handfarangur.

# Frambjóðendur rökræða um hvernig skilgreina skuli árásina

**BANDARÍKIN** Forsetaframbjóðendur í Bandaríkjunum hafa deilt um skilgreiningar á skotárásinni í Orlando á sunnudag. Donald Trump, frambjóðandi repúblikana, hefur kallað eftir því að Hillary Clinton, líklegur frambjóðandi demókrata, kalli árásina „hryðjuverk róttækra íslamista“. Repúblikanar hafa kallað eftir því að demókratar noti slíka skilgreiningu á hryðjuverkum undanfarin misseri.

Clinton sagði hins vegar að skilgreiningar skiptu ekki máli í viðtali á CNN í gær. „Mér finnst meiru máli skipta hvað við gerum en hvað við segjum. Það sem skiptir máli er að við náðum [Osama] bin Laden, ekki hvað við kölluðum hann.“ Clinton hefur hins vegar kallað árásina hatursglæp gegn hinsegin fólki. Það hefur Trump ekki gert.

„Leiðtogar okkar eru veikir. Ég sagði að þetta myndi gerast og þetta mun einungis versna. Ég er að reyna að bjarga mannslífum og koma í veg fyrir næstu árás. Við höfum ekki efni á pólitískri rétthugsun núna,“ sagði Trump í yfirlýsingu sinni í fyrrinótt.

Tengsl árásarmannsins, Omars Mateen, við hryðjuverkasamtök eru óljós. Heimildir CNN herma að Mateen hafi verið yfirheyrður af Alríkislögreglu Bandaríkjanna vegna hugsanlegra tengsla við hryðjuverkahópa og fullyrða að hann hafi svarið hryðjuverkasamtökunum sem kenna sig við íslamskt ríki hollustueið í símtali við neyðarlínuna á sunnudag.

Árásin er sú mannskæðasta í sögu Bandaríkjanna en skotárásir eru tíðar í landinu. Alls voru rúmlega 350 skotárásir þar sem fleiri en fjórir eru skotnir í Bandaríkjunum á síðasta ári. – þea

> **Leiðtogar okkar eru veikir. Ég sagði að þetta myndi gerast og þetta mun einungis versna.**
>
> Donald Trump, forsetaframbjóðandi repúblikana í Bandaríkjunum






Íbúar í Washington DC halda á skiltum til minningar um fórnarlömb árásarinnar í Orlando. NORDICPHOTOS/AFP

# Byssueignin er vandamálið vestanhafs

**Bandaríkjamenn styðja frelsi fólks til skotvopnaeignar þrátt fyrir mannfall í skotárásum þar. Litlar breytingar eru í sjónmáli á skotvopnalöggjöf. Samtökin '78 segja árásina í Orlando vera hatursglæp af sama meiði og kerfisbundið ofbeldi gegn hinsegin fólki.**


Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is




**BANDARÍKIN** „Kærleikurinn mun sigra,“ segir í yfirlýsingu Samtakanna '78 vegna skotárásarinnar á skemmtistaðinn Pulse í Orlando að morgni sunnudags. Fimmtíu létu lífið og 53 slösuðust þegar Omar Mateen réðst inn á klúbbinn, sem ætlaður er hinsegin fólki, vopnaður hríðskotariffli og skammbyssu. „Árásin er hatursglæpur sem beinist gegn hinsegin fólki um allan heim. Hinsegin fólk er með kerfisbundnum hætti beitt ofbeldi, jaðarsetningu og útskúfun víða um heim og þessi árás er af sama meiði. Hún er öfgafull birtingarmynd hinsegin haturs sem hinsegin fólk þekkir því miður of vel á eigin skinni,“ segir jafnframt í yfirlýsingunni.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hefur árásin vakið upp spurningar um þær litlu hömlur sem eru á byssueign í Bandaríkjunum. Barack Obama Bandaríkjaforseti ávarpaði þjóð sína í kjölfar árásarinnar og talaði fyrir hertri byssulöggjöf. Það hefur hann gert ítrekað síðan hann tók við embætti en samkvæmt vef The New York Times er þetta 23. fjöldaskotárásin í Bandaríkjunum síðan hann tók embætti árið 2009. Vefurinn Mother Jones segir skotárásirnar hafa verið 34 í embættistíð Obama. Meðaltal fallinna samkvæmt þeim vef eru tæplega níu manns í hverri árás.

Þrátt fyrir fögur fyrirheit Obama hefur ekkert gerst í hertri byssulöggjöf í Bandaríkjunum. Baldur Þórhallsson, stjórnmálafræðiprófessor við Háskóla Íslands, segir ástæðuna meðal annars liggja djúpt í menningu Bandaríkjanna. „Byssueign í Bandaríkjunum og mikilvægi þess að hafa aðgang að byssu tengist frelsishugmynd margra Bandaríkjamanna. Margir Bandaríkjamenn hafa litla trú á ríkisvaldinu eða því að ríkisvaldið, og þar með lögreglan, geti verndað þá. Þeir trúa að menn verði þá bara að bjarga sér sjálfir og tryggja eigið öryggi.“

Kannanir ytra sýna lítinn stuðning við herta byssulöggjöf í Bandaríkjunum. Umræðan kemur samt alltaf upp þegar mikið mannfall verður í skotárásum.

„Samtök byssueigenda og byssuframleiðenda eru mjög öflug hagsmunasamtök í Bandaríkjunum. Margir bandarískir stjórnmálamenn í mörgum fylkjum eru háðir stuðningi þessara öflugu hagsmunahópa,“ segir Baldur.

Erfitt geti reynst fyrir stjórnmálamenn að berjast gegn byssueign. Það skýri meðal annars hvers vegna Obama hefur fyrst og fremst verið opinskár með skoðun sína á byssueign á seinna kjörtímabili sínu. „Því ef þessi samtök beita sér gegn stjórnmálamönnunum þá eru þeir í verulegum vandræðum. Þau beita sér af fullu afli gegn þeim sem vilja takmarka aðgengi að byssum og það er mjög erfitt að fá þessi samtök á móti sér.“

Blæbrigðamunur er á stefnu Hillary Clinton og Donalds Trump þegar kemur að byssueign. Hillary styður aukna skoðun á bakgrunni þeirra sem vilja kaupa byssur. Auk þess vill hún loka svokallaðri Charlestonhjáleið sem heimilar byssukaup ef bakgrunnsathugun kaupanda hefur tekið meira en þrjá daga. Þá vill hún að skotvopn sem eru sérhönnuð fyrir hernað, svo sem hríðskotarifflar, fari úr almenningseign.

Donald Trump vill aftur á móti mikið frelsi þegar kemur að byssueign og ber fyrir sig ákvæði stjórnarskrárinnar sem segir að réttur fólksins til að bera skotvopn skuli ekki takmarkaður. Hann lét meðal annars hafa eftir sér að hryðjuverkin í París í nóvember hefðu farið öðruvísi ef byssukúlurnar hefðu þotið í hina áttina.

„Vel fram eftir nítjándu öldinni var ekkert ríkisvald á vesturströnd Bandaríkjanna og ekkert til þess að verja borgarana. Það skýrir þessa sögulegu áherslu á mikilvægi þess að hafa skotvopn til að verja sig,“ segir Baldur.

Vantraust í garð lögreglunnar sé ýmist vegna þeirrar skoðunar almennings að lögreglan geri ekki nóg til að vernda borgarana eða sé hreinlega hættuleg borgurunum. „Margir þeldökkir Bandaríkjamenn myndu til dæmis segja það. En svo er það líka bara þessi hugmynd að öryggjnu sé best komið í höndum einstaklinga.“

Í sumum ríkjum Bandaríkjanna þykir sjálfsagt að hafa litla byssu í hanskahólfinu eða handtöskunni til að nota í sjálfsvörn.

Ólíklegt er að miklar breytingar verði á byssulöggjöf Bandaríkjanna á næstunni að mati Baldurs. „Þetta er mjög viðkvæmt mál í bandarískum stjórnmálum, og mikið hitamál.“



Reykjavíkurborg flaggaði regnbogafánum í hálfa stöng við Ráðhúsið í gær til minningar um fórnarlömb skotárásarinnar í Orlando. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri sendi samúðarkveðjur vegna árásarinnar á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Samtök byssueigenda og byssuframleiðenda eru mjög öflug hagsmunasamtök í Bandaríkjunum.**
>
> Baldur Þórhallsson stjórnmálafræðiprófessor



**52%**

**Bandaríkjamanna styðja rétt almennings til að eiga byssur. 46 prósent styðja hert eftirlit og að skorður séu á byssueign.**

Samkvæmt könnun PEW

## Ofbeldisfullir hatursglæpir ekki á borði lögreglu



Ofbeldisfullir hatursglæpir gegn hinsegin fólki hafa ekki komið inn á borð hatursglæpadeildar lögreglu á höfuðborgarsvæðinu síðan deildin var stofnuð. Eyrún Eyþórsdóttir er yfirmaður deildarinnar en Samtökin '78 kærðu hatursummæli á netinu sem deildin hefur haft til skoðunar.

Eyrún segir þó að ekki sé búið að þjálfa alla lögreglumenn embættisins í að þekkja hatursglæpi. „Þannig að ef það er ekki skráð [sem hatursglæpur] í lögreglukerfinu þá getur það farið fram hjá mér þó ég skimi kerfið. Þó það hafi ekki komið inn á borð til mín þá útiloka ég ekki að það hafi verið einhver slík mál í gangi.“ Hún á ekki von á sambærilegum atburðum hér og gerðust í Orlando. Slíkir atburðir geti þó kynt undir hugmyndir hjá fólki.

Í svörum ríkislögreglustjóra kemur fram að greiningardeild ríkislögreglustjóra viti ekki af ógn gagnvart hinsegin fólki umfram aðra. Bent er á skýrslu embættisins um hættu af hryðjuverkum og öðrum stórfelldum árásum frá því í febrúar 2015. Þar segir meðal annars: „Óráðlegt er að ganga að því sem vísu að hatursmenn vestrænnar menningar geri greinarmun á Íslendingum og öðrum vestrænum þjóðum þótt Íslendingar séu herlausir og taki ekki beinan þátt í aðgerðum gegn hryðjuverkasamtökum í Mið-Austurlöndum.“



## Viðkvæm staða í frjálsum og opnum samfélögum

„Það er erfitt að lýsa í orðum viðbrögðum við þessum hræðilega atburði. Þarna tengjast saman öfgakennd öfl sem eiga sér rætur í einhvers konar öfgakenndri túlkun á trúarbrögðum og blandast inn í andúð og fjandskap gagnvart samkynhneigðu fólki,“ sagði Ólafur Ragnar Grímsson þegar Fréttablaðið leitaði viðbragða hjá honum við skotárásinni í gær.

„Í þriðja lagi er þessi hömlulausi aðgangur að skæðum vopnum í Bandaríkjunum. Þegar tugir manna eru drepnir á skömmum tíma á þennan hátt og aðrir tugir særast þá sjáum við hve viðkvæm staðan í hinu frjálsa, opna og örugga samfélagi er. Og kannski líka hve lánsöm við erum á Íslandi að geta búið í samfélagi þar sem allir fá að njóta síns lífs, hverrar gerðar sem þeir kunna að vera. Þar sem trúarbrögðum er ekki beitt til að ala upp öfgar og hatur í fólki og þar sem aðgangur að byssueign er háður alls konar hindrunum.“

Ólafur segir atburðinn hafa afhjúpað að Bandaríkin standi frammi fyrir djúpstæðum vanda. „Síendurteknir atburðir af þessu tagi í öflugasta lýðræðisríki veraldar eru áfall fyrir lýðræðið og hið frjálsa og siðmenntaða samfélag. Þessir atburðir eru þess vegna ekki bara vandamál fyrir Bandaríkin heldur líka viðvörun fyrir okkur öll í Evrópu. Við verðum að varðveita eðalkosti þessa friðsæla frjálsa samfélags sem margir okkar hafa kannski talið að væru sjálfsagðir.“

Það sé með ólíkindum að einn einstaklingur geti valdið skaða af þeim toga sem Omar Mateen olli. „Það er vegna þess að aðgangur að stríðsvopnum er veittur almennum borgurum sem geta þá beitt þeim á saklausa einstaklinga í sínu eigin samfélagi.“

# VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Á Hveravöllum rækta hjónin Páll og Heiðbjört íslenska tómata. Þar hefur sama fjölskyldan ræktað grænmeti óslitið frá árinu 1904. Þau búa að gamalli fjölskylduuppskrift að kryddsultu úr tómötum sem gott er að nota á brauð og kex.

**- Fjölskyldusulta Páls og Heiðbjartar -**

1 laukur // 4-6 tómatar // 1 græn paprika // 2 msk ólífuolía // ½ tsk cayenapipar
4 negulnaglar // 1 kanilstöng // ½ tsk af salti // 2 msk af hrásykri // 2 tsk af sítrónusafa.
Handfylli af söxuðum kóríander eða basil til að setja rétt undir lokin.

Skera grænmetið i litla bita. Hita olíuna og skella grænmetinu á pönnuna ásamt kryddum, sjóðið niður í 40-45 mín, hræra í annað veifið. eða þar til að allt er orðið vel maukað. Kæla niður. Fjarlægja negul og kanilstöngina. Njótið vel!





# Fámennið



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Fámennið skapar margvísleg vandamál á Íslandi. Kviðdómar myndu til dæmis aldrei ganga upp í íslensku réttarkerfi (þrátt fyrir réttarfar þjóðveldisaldar). Það væru of miklar líkur á því að einhver í kviðdómnum hefði tengsl við sakborning eða aðila máls hverju sinni. Eða þyrfti að eiga samskipti við hann síðar. Í sumum sveitarfélögum á Íslandi þekkjast allir með nafni og ef einhleypir Íslendingar fara á stefnumót þurfa þeir að fletta viðkomandi upp á islendingabok.is áður en alvara kemst í hlutina. Fleiri dæmi má telja.

Þótt hér sé skrifað um þessi mál af léttúð mega lesendur ekki velkjast í vafa um að fámennið skapar okkur mun alvarlegri vandamál. Sum þeirra voru afhjúpuð eftir banka- og gjaldeyrishrunið þegar menn voru að reyna að átta sig á hvað hefði eiginlega gerst hér. Þrír hagfræðingar, Sigríður Benediktsdóttir, Jón Daníelsson og Gylfi Zoëga, draga smæð landsins og fámennið sérstaklega fram sem sjálfstætt vandamál í greininni Lessons from a collapse of a financial system sem birtist árið 2011. Þar fjalla þau um ástæður bankahrunsins á Íslandi og lærdóma þess.

Persónuleg sambönd og bakgrunnur skipta miklu máli í litlu samfélagi eins og Íslandi. Ármann Þorvaldsson, fyrrverandi forstjóri Kaupthing Singer & Friedlander, rekur í bók sinni Ævintýraeyjunni að stærsta vandamál Íslendinga hafi verið skortur á trausti. Stjórnendum þriggja stóru bankanna hafi ekki líkað vel við hver annan. Sérstaklega hafi sambandið milli bankastjóra Landsbankans og forstjóra Kaupþings verið slæmt. Þá hafi þáverandi seðlabankastjóri ekki treyst neinum bankastjóranna og engir þeirra hafi treyst honum. Til þess að toppa þetta hafi seðlabankastjóranum svo ekki líkað vel við formann stjórnar Fjármálaeftirlitsins og átt í hnútukasti við viðskiptaráðherra í þokkabót. Þegar traust og opin skoðanaskipti hafi verið hvað mest aðkallandi þegar bankakerfið var á barmi hruns hafi menn haldið spilunum þétt að sér.

Það er út af fyrir sig galið að íslenskt bankakerfi hafi orðið 10 sinnum verg landsframleiðsla Íslands inni á einu minnsta sjálfstæða myntsvæði heimsins. Hörmungarnar voru skrifaðar í skýin. En fámennið og smæðin var og er áfram sjálfstætt vandamál hér á landi. Willem H. Buiter, aðalhagfræðingur Citigroup, sagði á AGS-ráðstefnunni í Hörpu í október 2011 að mannauðurinn (e. talent pool) á Íslandi væri á stærð við ensku borgina Coventry. Að þessu sögðu er ekki hafið yfir vafa hvort það sé raunhæft að Íslendingar eigi og stjórni bönkum sem tengdir eru alþjóðlegum fjármálamarkaði eftir afnám gjaldeyrishafta. Sérstaklega ef bankarnir starfa í skjóli óbeinnar ríkisábyrgðar.

Stóru lífeyrissjóðirnir eiga nú í viðræðum um kaup á Arion banka. Það er umhugsunarefni fyrir íslensk stjórnvöld hvort ekki sé skynsamlegt að fá erlent eignarhald að hinum bönkunum sem báðir eru í ríkiseigu með sameiningu við erlent fjármálafyrirtæki. Að minnsta kosti að öðrum þeirra ef það er á annað borð markmiðið að selja þá í fyllingu tímans. Svona í ljósi lærdóma sögunnar.

**Að þessu sögðu er ekki hafið yfir vafa hvort það sé raunhæft að Íslendingar eigi og stjórni bönkum sem tengdir eru alþjóðlegum fjármálamarkaði eftir afnám gjaldeyrishafta.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Halla á flugi**

**Samkvæmt nýjustu könnunum á fylgi forsetaframbjóðenda er Halla Tómasdóttir á fleygiferð upp á við. Kannanir í maí sýndu Höllu með 1% fylgi og í lok maí rétt marði Halla að taka þátt í kappræðum Stöðvar 2 þegar hún mældist með 2,5%. Halla mælist nú með yfir tíu prósenta fylgi og er skömmu á eftir Davíð Oddssyni. Ef Halla heldur áfram að rísa með þessum hætti er hætt við að það verði mjótt á mununum á milli hennar og Davíðs Oddssonar á kjördegi. Það væri sigur út af fyrir sig fyrir Höllu þrátt fyrir að búslóðinni verði ekki pakkað niður fyrir Bessastaði í þessari atrennu. Líklega munu stuðningsmenn Davíðs halla undir flatt ef halla fer meir undan fæti Davíðs og útlit verður fyrir að hann endi í þriðja sæti.**

**Garðabær, Iceland**

**Beinagrindurnar þurfa að spretta lifandi fram úr skáp Guðna Th. ef hann á ekki að verða næsti forseti. Guðni er með meira fylgi en allir aðrir frambjóðendur samanlagt. Ástþór Magnússon hefur reynt að lífga beinagrindurnar við með því að segja að Guðni sé frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins. Í þættinum Harmageddon sagði hann nærtækast að kjósa Guðna sem forseta Garðabæjar í stað forseta Íslands. En Guðni getur verið bæði. Eftir síðustu kosningar eru Bessastaðir í Garðabæ. snaeros@frettabladid.is**

# Hagsmunum ógnað?



Elín Björg Jónsdóttir
formaður BSRB

Alþingi var kallað saman fyrir helgi til að setja lög á kjaradeilu Félags íslenskra flugumferðarstjóra og Isavia. Það er auðvitað óþolandi að stjórnvöld gangi með þessum hætti þvert gegn rétti launafólks til að semja beint við sína viðsemjendur um kaup og kjör.

BSRB hefur mótmælt þessum vinnubrögðum harðlega. Bandalagið telur að heppilegra hefði verið að gefa deiluaðilum svigrúm til að ná samningum án hótana eða tímamarka. Verkfallsrétturinn er varinn af stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu en stjórnvöld telja að yfirvinnubann flugumferðarstjóra hafi ógnað almannahagsmunum, sem vegi þyngra. Það er einkennilegt ef ástandið er orðið þannig að vinni flugumferðarstjórar ekki yfirvinnu sé almannahagsmunum stefnt í voða.

Það er auðvitað grafalvarlegt, telji stjórnvöld að það sé staðan. Þá hlýtur næsta skrefið í þeirra viðleitni til að tryggja almannahagsmuni að vera að komast að því hverjir bera ábyrgð á því að ástandið er orðið svona og bæta úr því hið snarasta.

Það ætti kannski ekki að koma á óvart að stjórnvöld grípi til þess óyndisráðs að setja lög á þessa kjaradeilu, þrátt fyrir hástemmdar yfirlýsingar um víðtæka sátt á vinnumarkaði í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Á kjörtímabilinu hafa verið sett lög á skipverja um borð í Herjólfi, flugmenn, BHM og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga. Og nú er röðin komin að flugumferðarstjórum.

Harðnandi kjaradeilur og fjöldi lagasetninga á undanförnum árum sýnir að það er full ástæða til að endurskoða kerfið frá grunni. SALEK-hópurinn hefur meðal annars unnið að breytingu á kjarasamningslíkaninu með það að markmiði að færa það nær því besta sem þekkist á hinum Norðurlöndunum.

Enginn veit enn hvað kemur út úr þeirri vinnu. Við vitum ekki hvort niðurstaðan verður ásættanleg fyrir félagsmenn aðildarfélaga BSRB, önnur samtök launafólks eða viðsemjendur okkar. En við hljótum öll að sjá að núverandi ástand er ekki ásættanlegt. Við verðum að leggja okkur fram við að koma með nýja sýn og nýja aðferðafræði.

**Það er einkennilegt ef ástandið er orðið þannig að vinni flugumferðarstjórar ekki yfirvinnu sé almannahagsmunum stefnt í voða.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Tækifæri til breytinga



Helga Þórðardóttir
formaður Dögunar

Dögun er umbótasinnaður flokkur sem skilgreinir sig hvorki til hægri né vinstri. Stefna flokksins er einföld en markviss. Við höfum búið til verkefnalista yfir forgangsmál sem við ætlum okkur að ná fram með róttækum kerfisbreytingum. Ef verkefnalistinn er skoðaður þá sést að um er að ræða róttækar breytingar sem bæta hag almennings. Í raun breytingar sem stór hluti þjóðarinnar hefur kallað ítrekað eftir.

Við viljum minnka völd fjármálakerfisins yfir lífi okkar og setja skilyrði svo fjármálakerfið fari að þjóna okkur í stað þess að drottna yfir okkur. Við viljum stuðla að því að á Íslandi verði stofnaður samfélagsbanki eins og eru starfræktir í löndunum í kringum okkur. Við ætlum að afnema verðtrygginguna á neytendalánum og að vextir verði hóflegir.

Við viljum vinda ofan af lífeyrissjóðakerfinu sem er orðið ríki í ríkinu. Við viljum eitt sameinað lífeyriskerfi þar sem allir hafa sama rétt. Við viljum raunverulegt lýðræði innan lífeyrissjóðakerfisins.

Á Íslandi er stór hópur fólks sem á ekki fyrir brýnum nauðsynjum en það er ólíðandi hjá svo ríkri þjóð. Við viljum taka á þessum framfærsluvanda með því að reikna út

**Við viljum minnka völd fjármálakerfisins yfir lífi okkar og setja skilyrði svo fjármálakerfið fari að þjóna okkur í stað þess að drottna yfir okkur.**

hvað það kostar að lifa mannsæmandi lífi og tryggja síðan að enginn fái minna en það viðmið segir til um. Þannig verði öllum tryggð viðunandi framfærsla. Það er með öllu ólíðandi að stór hópur öryrkja og eldri borgara lifi undir fátækramörkum og að hér séu rúmlega sex þúsund börn sem lifa við fátækt.

Húsnæðisöryggi er mannréttindi og þess vegna leggjum við ríka áherslu á að auka valkosti á leigumarkaði. Við viljum skapa rými fyrir óhagnaðardrifin húsnæðissamvinnufélög.

Við viljum stokka upp stjórn fiskveiða og þá viljum við að jafnræði ríki meðal landsmanna um nýtingu á sameiginlegum fiskveiðiauðlindum. Við viljum að allur fiskur verði seldur á fiskmörkuðum og auðlindagjald reiknað af því fiskverði. Við viljum að handfæraveiðar verði gefnar frjálsar.

Við viljum að orkufyrirtæki eins og Landsvirkjun verði í eigu þjóðarinnar. Við viljum að ríkið sjái um að veita landsmönnum grunnþjónustu eins og mennta- og heilbrigðisþjónustu og að allir hafi sama rétt óháð efnahag eða búsetu.

Við leggjum ríka áherslu á lýðræðisumbætur og viljum nýja stjórnarskrá fyrir þjóðina. Við viljum virða þann ríka vilja sem kom fram í þjóðaratkvæðagreiðslunni 20. október 2012.

Dögun er róttækt stjórnmálaafl aðallega vegna þess að við ætlum að vinna fyrir hagsmuni almennings með því að breyta fyrrnefndum atriðum. Við köllum eftir fólki til samstarfs sem vill það sama og er reiðubúið að vinna heilshugar að þessum breytingum. Kjósandi góður, það ert þú einn sem getur veitt okkur vald til að koma þessu til leiðar. Dögun biður því um liðsinni þitt.

# Hvað vilja Píratar upp á dekk?



Ólafur Sigurðsson
matvælafræðingur, í stjórn Pírata í Hafnarfirði

Píratar eru öðruvísi en aðrir stjórnmálaflokkar.

Bent hefur verið á stefnu Pírata um upplýsingu, gagnrýna hugsun, gegnsæi í stjórnsýslunni, borgararéttindi, aukið lýðræði og eindregna afstöðu Pírata gegn hagsmunagæslu og spillingu o.fl.

Ein nærtækasta leiðin til að útskýra hvernig Píratar vinna að stefnumörkun er dæmisagan um samtalið á kaffistofunni í vinnunni þegar kvartað er yfir spillingunni og græðginni og að ekkert sé hægt að gera á meðan þjóðarauðnum sé rænt frá okkur. Við ættum að vera ríkari en Norðmenn en hér er enginn Noregur! Svo höldum við áfram að vinna og ekkert gerist.

Segjum nú svo að við breytum þessu. Einn verður fundarstjóri og aðeins má ræða eitt mál í einu. Ritari skrifar fundargerð en markmiðið er að komast að einfaldri niðurstöðu sem allir geta verið sammála um. Það má líka fá álit sérfræðings um málefnið. Þannig væri fundað þar til meirihluti er fyrir stefnu um málið. Þetta er að sjálfsögðu einfölduð útgáfa enda dæmisaga.

Það sem Píratar gera svo eftir sína félagsfundi er að setja stefnuna loks í kosningakerfi á netinu. Þar er málið fyrst til umræðu og koma þá ýmsir með athugasemdir, hver eftir sinni þekkingu en loks fer málið í kosningu. Ef málið verður að lokum samþykkt, þá verða þingmenn flokksins að fylgja þessu eftir, því þetta er þá orðin stefna flokksins.

**Hér er engin hægri eða vinstri stefna, enginn kommúnismi, kapítalismi eða annar „ismi“.**

Svona er stefnumótun Pírata í einfaldaðri útgáfu en hún kemur ætíð frá fólkinu en ekki hagsmunaaðilum. ASÍ gæti ekki gert betur ef það vildi valdefla launþegahreyfinguna. Þetta er sama aðferð og stjórnlagaráð vann eftir þegar það samdi tillögur að nýrri stjórnarskrá. Þetta eru alls ekki ný vinnubrögð en er ein lýðræðislegasta leiðin til að koma sjónarmiðum sem flestra á framfæri ásamt því að nýta þekkingu og reynslu sérfræðinga í hverjum málaflokki hverju sinni.

Hér er engin hægri eða vinstri stefna, enginn kommúnismi, kapítalismi eða annar „ismi“. Hér er fólkið sjálft að koma fram með sín mál sem því finnst mikilvægust hverju sinni og hér erum við sjálf að hafa áhrif á samfélagið okkar án afskipta stjórnmálamanna eða hagsmunaaðila.

Svona vilja Píratar vinna og þannig verða til fjölmargar stefnur Pírata í ýmsum málaflokkum. Sífellt er að bætast við þau atriði sem Píratar ætla að vinna að (piratar.is).

Nú um stundir er nokkur umræða um breytta skattastefnu til að jafna kjörin, heilbrigðismál og afnám vísitölu á húsnæðislán, allt stórmál.

Gömlu stjórnmálin hafa því miður verið misnotuð og brugðist okkur hrapallega, þess vegna er svo mikilvægt auka lýðræðislega þátttöku.

**Fjölmiðlaómenning**

Andstæðingar Pírata þreytast ekki á því að segja að við höfum enga stefnu, vitum ekkert hvað við viljum eða að við séum bara hópur unglinga sem hanga í tölvunni og borga ekki höfundarréttargjöld.

Því miður eru alltaf einhverjir sem trúa svona vitleysu, þótt stöðugt sé verið að benda blaðamönnum á að skoða stefnumótun Pírata á netinu (piratar.is) en þar er mikið af upplýsingum um stefnur og markmið Pírata. Þessi rangindi eru ekki alltaf leiðrétt enda eru sumir miðlarnir í eigu hagsmunaaðila með rík tengsl við stjórnmálaflokka.

Erlendar stofnanir hafa einmitt nýlega gert alvarlegar athugasemdir við stöðu fjölmiðla á Íslandi. Eftir síðustu alþingiskosningar kom út skýrsla frá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE). Í henni er lýst áhyggjum af samþjöppun á eignarhaldi fjölmiðla sem ógnar fjölbreytni í efnisframboði. Skorað er á stjórnvöld að íhuga frekari ráðstafnir til að takmarka samþjöppun, koma í veg fyrir einokun og hagsmunaárekstra og kanna hvort hægt sé að setja reglur sem takmarki áhrif tiltekinna einstaklinga, fyrirtækja eða hópa á einn eða fleiri hluta fjölmiðlamarkaðarins (úr þingræðu Birgittu Jónsdóttir 24/5).

Píratar vilja eindregið hvetja almenning og fjölmiðlafólk til að kynna sér vinnubrögð og stefnumótun Pírata til að forðast misskilning og rangfærslur um starf okkar.

# Að drekka vatn



Erla Gerður Sveinsdóttir
heimilislæknir og lýðheilsufræðingur Heilsuborg, formaður Félags fagfólks um offitu

Þegar við segjum að eitthvað sé einfalt í framkvæmd er gjarnan haft á orði að þetta sé eins og að drekka vatn svo auðvelt sé það. Í mínu starfi sem læknir hitti ég oft einstaklinga sem hreinlega drekka lítið sem ekkert vatn. Þeir upplifa sumir höfuðverk, svima, slappleika, bjúg og önnur einkenni sem þeir tengja ekki við ójafnvægi í vökvabúskap líkamans sem vissulega gæti verið raunin. Þess í stað skella þeir í sig einum kaffibolla eða orkudrykk til að reyna að hressa sig við. Slíkt gerir eingöngu stöðuna verri. Rannsóknir sýna að 25% barna og unglinga drekka minna vatn en þau þurfa. Neysla landans á sykruðum drykkjum slær hins vegar vafasöm met. Þannig að ekki virðist þetta vera svo auðvelt.

En hvað eigum við að drekka mikið vatn?

Það er mismunandi milli einstaklinga. Það er mjög háð því hvað við annars erum að gera. Þeir sem hreyfa sig mikið þurfa meira vatn, þeir sem borða saltríka fæðu, drekka mikið kaffi eða gosdrykki þurfa meira vatn. Einfalda svarið er að ef þvagið er ljósgult og lyktar lítið, þá ertu að drekka hæfilega mikið vatn.

**Í mínu starfi sem læknir hitti ég oft einstaklinga sem hreinlega drekka lítið sem ekkert vatn.**

**Dagur offitunnar**

Evrópusamtök fagfólks um offitu stóðu fyrir degi offitunnar 21. maí síðastliðinn. Markmið með slíkum degi er að vekja athygli á vaxandi tíðni offitu sem í dag er um 60% meðal fullorðinna í Evrópu. Alþjóða heilbrigðisstofnunin spáir að hlutfallið í sumum löndum verði um 90% árið 2030 ef fer sem horfir. Félag fagfólks um offitu ásamt fleirum sem láta sér annt um heilsu landans hvetur nú til aukinnar vatnsdrykkju og um leið til minni neyslu á viðbættum sykri sem að miklu leyti kemur úr drykkjum. Þessi breyting gæti dregið úr offitu og margs konar heilsufarsvanda sem henni getur fylgt.

**Drekkum meira vatn og minni sykur**

Munum eftir vatninu. Drekkum alltaf vatn við þorsta. Drekkum vatn reglubundið yfir daginn áður en við finnum fyrir þorsta. Gerum vatnið aðgengilegt og girnilegt. Höfum flöskur með köldu vatni tilbúna í ísskápnum. Höfum vatn við höndina yfir daginn í bílnum, á náttborðinu, á skrifborðinu. Setjum klaka, kreistum nokkra dropa af sítrónu eða setjum sneið af appelsínu út í til að fá smá bragð. Drekkum meira vatn og minni sykur.





# Nýir leiðsögumenn – velkomnir í misréttið!



**Jakob S. Jónsson**
leiðsögumaður

Að undanförnu hafa þeir skólar sem mennta leiðsögumenn verið að útskrifa nýja hópa glæsilegra leiðsögumanna. Það er full ástæða til að óska nýútskrifuðum leiðsögumönnum til hamingju með árangurinn og bjóða þá velkomna til starfa – þeirra er beðið með eftirvæntingu á vinnumarkaði. Ferðamönnum fjölgar og hér á landi er það nú einu sinni hefð að bjóða upp á ferðir þar sem sagt er frá landi, þjóð og menningu á spennandi og skemmtilegan hátt. Þegar best tekst til verður hinn erlendi ferðamaður vinur lands og þjóðar sem ákveður að koma aftur. Þar gegnir leiðsögumaðurinn lykilhlutverki.

Því miður er það þó svo, að á meðan vinnumarkaðurinn býður alla nýútskrifaða leiðsögumenn velkomna til starfa þá er þeim frá fyrsta starfsdegi mismunað af sínu eigin stéttarfélagi – og það á röngum forsendum eða jafnvel engum!

Félag leiðsögumanna telur sig þess umkomið að flokka menntun leiðsögumanna í æðri og óæðri og veitir aðild að félaginu samkvæmt því. Þeir sem hafa numið við þá leiðsöguskóla sem félagið hefur veitt blessun sína (Leiðsöguskóli Íslands/MK og EHÍ) fá að ganga í hið svokallaða fagfélag, meðan nemendur úr öðrum skólum (Ferðamálaskólinn, Keilir) mega hírast í stéttarfélaginu, en þar fá þeir að vera sem starfa við leiðsögn, en hafa ekki numið við skóla sem félagið viðurkennir.

Það má spyrja, hvað gerir stjórn Félags leiðsögumanna hæfa til að vega og meta nám og skóla og blessa sumt nám og suma skóla? Er eitthvert stéttarfélag á landinu sem tekur sér slíkt vald, þegar um ræðir sambærilegt starf? Það sést t.d. á launum, að þessi frekjulega afstaða stjórnar Félags leiðsögumanna hefur ekki skilað neinu til leiðsögumanna!

Þetta væri þó kannski gott og blessað ef nám í þessum skólum væri svo ólíkt að það réttlæti slíka misskiptingu. Félag leiðsögumanna hefur borið því við að í fyrrnefndu skólunum er kennt samkvæmt „viðurkenndri námskrá“ en ekki í þeim síðarnefndu. Ég hef í fyrri greinum mínum (25. febrúar, 17. mars, 6. apríl og 4. maí) sýnt fram á að þetta er einfaldlega rangt. Engin „viðurkennd námskrá“ um leiðsögunám er til, námið í skólunum hefur aldrei verið borið saman af til þess hæfum aðila; staðhæfingar stjórnar Félags leiðsögumanna standast ekki skoðun.

> **Stjórn Félags leiðsögumanna má velta því fyrir sér hvað það þýðir fyrir félagið að njóta ekki trausts helmings starfandi leiðsögumanna.**

**Misréttið augljóst**

Misréttið milli þessara tveggja félagsdeilda, hins svonefnda fagfélags og stéttarfélagsins, verður augljóst þegar heimasíða félagsins er skoðuð. Þar er gefinn kostur á að kynna sér hverjir eru meðlimir hins svonefnda fagfélags, atvinnurekendur geta haft samband við þá og boðið þeim vinnu þegar henta þykir. Meðlimir stéttarfélagsins standa hins vegar ekki til boða á heimasíðunni. Þeir mega skaffa sér vinnu sjálfir – en félagið hirðir af þeim stéttarfélagsgjaldið!

Þetta er þeim mun nöturlegra þegar þess er gætt, að fjölmargir meðlimir hins svokallaða fagfélags starfa ekki reglubundið við leiðsögn, en geta gegn vægu árgjaldi notið þeirra fríðinda sem allir félagsmenn njóta, hvort sem þeir eru í öðru félaginu eða báðum.

Þetta er auðvitað hróplegt misrétti sem hefur leitt til þess að um það bil helmingur starfandi leiðsögumanna, lauslega áætlað, hefur ákveðið að standa utan félagsins. Þeir sjá sér engan hag í að vera í félagi sem hirðir af þeim stéttarfélagsgjöldin en veitir ekki full félagsréttindi á móti.

Stjórn Félags leiðsögumanna má velta því fyrir sér hvað það þýðir fyrir félagið að njóta ekki trausts helmings starfandi leiðsögumanna. Stéttarfélag, sem svo er ástatt fyrir, ætti sannarlega að hugsa sinn gang!

Við, sem störfum við leiðsögn í fullu starfi, gerum okkur hins vegar grein fyrir því að þessi afstaða stjórnar félagins veikir kjör okkar og stöðu á vinnumarkaði. Það er kominn tími til að breyta því!

# Aldraðir og öryrkjar kjósa kjarabætur



**Björgvin Guðmundsson**
viðskiptafræðingur




Nú styttist í alþingiskosningar. Ef marka má yfirlýsingu leiðtoga ríkisstjórnarinnar verður kosið í október. Það er stuttur tími til stefnu og ekki seinna vænna að athuga hvað á að kjósa. Ég tel, að aldraðir og öryrkjar eigi að athuga hvaða flokkar og stjórnmálamenn styðji kjarabætur þeim til handa. Kjörseðillinn er eina vopn aldraðra og öryrkja. Kjörseðillinn er þeirra „verkfallsvopn“. Það ríður á að beita því rétt.

Það þarf að kanna kvaða stjórnmálaflokkar og stjórnmálamenn stóðu með öldruðum og öryrkjum við afgreiðslu frumvarps til fjárlaga í desember 2015. Það þarf að athuga hvaða flokkar og stjórnmálamenn hafa viljað hækka lífeyri aldraðra í 300 þúsund krónur á mánuði eins og verkafólk á að fá samkvæmt samningum. Það þarf að kanna hverjir vildu veita öldruðum og öryrkjum afturvirkar kjarabætur eins og ráðherrar, þingmenn, dómarar og umboðsmaður Alþingis fengu. Og hvaða þingmenn stóðu gegn því. Það er nokkur vinna í að athuga þetta. En þetta er nauðsynleg vinna svo unnt sé að greiða atkvæði með kjarabótum til handa öldruðum og öryrkjum.

En svo þarf einnig að athuga núna hvort stjórnarflokkarnir eru búnir að efna kosningaloforðin, sem þeir gáfu öldruðum og öryrkjum fyrir alþingiskosningarnar 2013. Ef alþingismenn vilja komast í vinnu hjá okkur áfram þarf að athuga hvernig þeir hafa staðið sig. Niðurstaðan er þessi: Leiðtogar og frambjóðendur stjórnarflokkanna gáfu öldruðum og öryrkjum það loforð fyrir alþingiskosningarnar 2013, að lífeyrir aldraðra og öryrkja yrði leiðréttur vegna kjaragliðnunar krepputímans 2009-2013. Sjálfstæðisflokkurinn lofaði að gera þetta þannig, að lífeyrir aldraðra yrði hækkaður til samræmis við hækkun lægstu launa 2009-2013. Framsóknarflokkurinn samþykkti, að lífeyrir yrði leiðréttur vegna kjaragliðnunar ( kjaraskerðingar) krepputímans. Það er ekki farið að efna þetta stóra loforð ennþá nú rétt fyrr kosningar.

> **Ég tel, að aldraðir og öryrkjar eigi að athuga hvaða flokkar og stjórnmálamenn styðji kjarabætur þeim til handa. Kjörseðillinn er eina vopn aldraðra og öryrkja.**

Formaður Sjálfstæðisflokksins, Bjarni Benediktsson, sendi öldruðum bréf 2013 og lofaði þeim því, að allar tekjutengingar í kerfi almannatrygginga yrðu afnumdar. Það þýddi að hætta að skerða lífeyri aldraðra hjá almannatryggingum vegna greiðslna úr lífeyrissjóði og vegna tekna af atvinnu og fjármagni. Þetta þýddi miklar kjarabætur fyrir aldraða, ef efnt yrði. Það þýðir ekki fyrir Bjarna að biðja um vinnu áfram hjá þjóðinni nema hann efni þetta stóra loforð fyrst. Og loforðin voru fleiri. Stjórnarflokkarnir lofuðu að afturkalla alla kjaraskerðingu aldraðra og öryrkja frá árinu 2009. Það voru sex atriði. Það er búið að efna þrjú þeirra en þrjú eru eftir. Það verður að efna þau líka

Kjörseðillinn er beitt vopn, ef hann er notaður rétt.

# Skoðanakannanir og skoðanamyndandi kannanir



**Guðjón Jensson**
leiðsögumaður og bókasafnsfræðingur

Fyrir nokkrum árum var hringt í heimasíma minn og eg beðinn um að svara nokkrum spurningum. Eg svaraði þeim framan af en brátt runnu á mig tvær grímur þegar eg fékk framan í mig spurningu sem mér þótti bæði tortryggileg og leiðandi. Þar sem eg færðist undan að svara spurningu viðkomandi um hvaða stjórnmálaflokk og hygðist velja við næstu kosningar var eg þá spurður að því hvort líklegt væri að eg kysi Sjálfstæðisflokkinn fremur en aðra flokka! Eðlileg viðbrögð mín voru að vilja vita hver spyrjandinn væri og á hvers vegum hann væri.

Þannig leiðandi eða veiðandi spurningar eru bannaðar fyrir dómstólum landsins og er það hlutverk dómara sem og lögmanna að vera á varðbergi og koma í veg fyrir slíka lögleysu. Spurningar sem þessar með fyrirfram svarmögulеika virðast vera heimilar hvað viðhorfskannanir varða enda engin lög eða reglur um þær. Þegar hringt er í fólk og spurt óvíðeigandi spurninga kann það ekki aðeins að vera móðgun við borgara, heldur einnig jafnvel ógn við lýðræðið.

> **Alþingi Íslendinga á að setja lög um skoðanakannanir og þá sérstaklega með kosningar til Alþingis, sveitarstjórna og forseta Íslands í huga.**

Í flestum lýðræðislöndum eru mjög strangar reglur um gerð skoðanakannana, hverjir megi gera þær, framkvæmd þeirra og kynningu. Gerðar eru þær kröfur að þær séu vandaðar og framkvæmdar af viðurkenndum aðilum þar sem farið er eftir vísindalegri aðferðafræði. Þar er jafnvel bannað að framkvæma skoðanakannanir ákveðinn tíma fyrir kjördag, oft er miðað við viku. Hér á Íslandi er þetta eins og í villta vestrinu þar sem allt á að vera svo frjálslegt og allt eigi að vera heimilt. Oft er vikið að því að fara eigi eftir íslenskum lögum sem oft eru ærið forneskjuleg og gjörsamlega úr takti við nútímaaðstæður og þjóðfélag nútímans. Hér virðist sem hvaða fúskari sem er geti gert það sem honum sýnist án þess að nokkur finni að.

Nú er rétt að benda á að „skoðanakönnun“ er ekki alltaf skoðanakönnun. Ef fram er lögð leiðandi spurning eins og sú sem fram hefur komið er ekki um vísindalega aðferð að ræða heldur skoðanamyndandi könnun sem er einskis virði. Slíkar „kannanir“ eru oft settar fram af hagsmunaaðila sem hefur hag af því að beina athygli sérstaklega að þeim aðila sem viðkomandi vill fá fylgi við. Þessar kannanir eru fremur til þess fallnar að móta skoðanir fremur en að mæla.

Því ber að líta til annarra landa eftir góðum fyrirmyndum. Alþingi Íslendinga á að setja lög um skoðanakannanir og þá sérstaklega með kosningar til Alþingis, sveitarstjórna og forseta Íslands í huga. Það er mjög brýnt að tryggja að þjóðfélagið fái að þróast hér áfram þannig að mannréttindi og lýðræðið verði bætt eftir því sem skynsemi og rökhugsun byggist á. Rétt væri að leita til Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands um faglega ráðgjöf en þar eru að líkindum framkvæmdar vönduðustu skoðanakannanir í dag.

Sennilega náum við ekki að setja slík lög fyrir næstu kosningar vegna forseta lýðveldisins þann 25. júní en ætti að nægja fyrir næstu fyrirhuguðu kosningar til Alþingis eins og ríkisstjórnin hefur lofað landsmönnum að hausti komanda.

netto

markhönnun ehf

# ERTU KLÁR FYRIR KVÖLDIÐ?

## ALLT Á GRILLIÐ Á FRÁBÆRU VERÐI




## ÁFRAM ÍSLAND!


**www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

# Landsnet: Að gera verk annarra að sínum. Hvað hefði Apple gert?



Magnús Rannver Rafnsson
verkfræðingur

RÚV fjallaði þann 17. apríl um erindi Línudans ehf. til Samkeppniseftirlitsins. Erindið fjallar um samkeppnis- og framfarahamlandi starfsumhverfi Landsnets auk þess sem ríkisfyrirtækið er sakað um að eigna sér í samstarfi við AraEngineering lögverndaða hönnun Línudans. Einungis er um að ræða nýjasta kaflann í langri sögu þar sem Landsnet hefur útilokað Línudans frá raunverulegu samstarfi.

Árni Björn Jónasson birti þann 14. maí grein í Morgunblaðinu þar sem hann ver hönnun þessa sem eign hans sjálfs. Þetta er athyglisverð „eftir-á-skýring“ sem er í fullkominni mótsögn við nýlegar opinberar fullyrðingar forstjóra Landsnets, stjórnarformanns Landsnets, sem og fyrrverandi forstjóra Landsnets, Þórðar Guðmundssonar – nú samstarfsmanns greinarhöfundar. Þeir félagar eru því tvísaga um uppruna stórsamninganna sem þeir hafa gert við Landsnet; án útboðs, samkeppni eða nokkurs annars sem gert gæti öðrum mögulegt að koma að málum á faglegum forsendum. Hér fer einhver augljóslega með rangt mál.

Það þarf ekki burðarþolsverkfræðing til að sjá líkindin. Hvert mannsbarn sér að um sömu ásýnd er að ræða og íslenska nýsköpunarfyrirtækið Línudans kynnti Þórði Guðmundssyni og forráðamönnum Landsnets árið 2012. Og hún er lögvernduð. Möstur þau er forstjóri Landsnets kynnti á haustdögum 2015 sem „nýja kynslóð háspennumastra“ endurspegla sömu ásýnd og búa þess vegna yfir sömu fagurfræðilegu eiginleikunum. Almenningur upplifir þessa sömu ásýnd á sama jákvæða háttinn þótt hann skilji ekki tæknina. Fram að þeim tímapunkti sem Línudans kynnti þessa nýju hönnun til leiks hafði ekkert sambærilegt litið dagsins ljós á vegum Landsnets.

Hvað ætli tæknirisinn Apple gerði ef Landsnet og AraEngineering hefðu sett á markað nýjan síma sem liti út eins og iPhone, kallaðist „Phony“ en byggi lítillega á annarri símatækni? Ég er viss um að Árni Björn Jónasson getur svarað þessu sjálfur. Þetta mál snýst einmitt ekki um tæknileg atriði. Þetta mál snýst um ásýnd, upplifun ásýndar í tilteknu umhverfi/samhengi og fagurfræðileg gæði. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar ásýnd raforkuflutningskerfa er kjarni djúpstæðs ágreinings í samfélaginu. Það var Línudans sem kom þessari hönnun á framfæri við Landsnet og á því augljósan rétt.

**Hin löggilda hönnunarvernd hefur einfaldlega ekkert með tæknilega þætti að gera. Fyrir slíkt notum við það sem kallast einkaleyfi og kemur þessu máli ekki við.**



### Hönnunarvernd

Viðskiptafræðingur sér og skilur líkindin, upplifir sömu hughrif af sömu hönnun þótt hann skilji ekki burðarþol mannvirkja. Viðskiptafræðingur getur einnig skilið betur en verkfræðingar að markaðsvirði tiltekinna útlitslegra gæða er lykilþáttur í þessu samhengi. Það er einmitt það sem Danir, Svíar og Finnar skilja svo vel þegar kemur að nýsköpun og vöruþróun. Árni Björn Jónasson undirstrikar skilningsleysi sitt á þessu sviði afskaplega vel með skrifum sínum. Hér er því ekki um það að ræða að undirritaður „geri ekki greinarmun“ á hinu eða þessu í tæknilegu tilliti – hér burðarþolstæknilegu tilliti. Hin löggilda hönnunarvernd hefur einfaldlega ekkert með tæknilega þætti að gera. Fyrir slíkt notum við það sem kallast einkaleyfi og kemur þessu máli ekki við. Greinarhöfundur Árni Björn Jónasson hefur áður gert starf mitt tortryggilegt með skrifum á þessum nótum sem miða einum of augljóslega að því að gæta persónulegra hagsmuna hans sjálfs – á kostnað samfélagsins.

Hönnunarvernd er einfaldlega fundin upp fyrir tilvik sem þessi. Það liggja mikil verðmæti í nýju ásýndinni og einmitt þess vegna er valið að nýta þessa tegund verndar, enda ekkert annað í boði fyrir þennan þátt nýsköpunar. Að eigna sér það sem aðrir hafa lagt fram og gera um það stórasamning í krafti „tengslanets“ er ekki bara ljótt og siðferðislega rangt, það er lögbrot. Að Landsnet í ofanálag geri slíka samninga við nýjan vinnuveitanda Þórðar Guðmundssonar – fyrrum forstjóra Landsnets – undirstrikar með afgerandi hætti hve stórt vandamál við erum með hér.

Línudans er nýsköpunarfyrirtæki sem þarf að gera grein fyrir viðskiptalegum þáttum síns viðskiptalíkans. Fyrirtækið þarf sömuleiðis að reiða sig á að verkum þess verði ekki stolið af innvígðum ráðgjöfum í sérhagsmunanetum. Fyrir því er sem stendur engin vernd. Orð greinarhöfundar um „algerlega nýja hönnun“ og „engar sýnilegar“ tengingar eru fráleitar fullyrðingar, enda grundvallareiginleikar í Línudanshönnuninni sem viðkomandi ætlar nú að eigna sér líka. Eitt af þessum fjölmörgu smáatriðum sem Landsnet ásamt innvígðum sérhagsmunaráðgjöfum einfaldlega eigna sér – hrifsa til sín í krafti stöðu sinnar. Hér er um að ræða fólk sem telur sig eiga rétt umfram aðra.

Þegar fyrirtæki Árna Björns Jónassonar AraEngineering gerir í krafti tengslanets stórsamninga við Landsnet um háspennumöstur sem hafa sömu ásýnd, skapa sömu hughrif og byggja á sömu hönnun og fagurfræðilegu hugmyndafræði og möstur sem Línudans kynnti fyrir Landsneti þremur árum fyrr – sannanlega – þá er búið að taka það sem sannanlega er annarra. Þess vegna er þessu máli ekki lokið.



# B12 VÍTAMÍN – SKORTUR GETUR VERIÐ LÍFSHÆTTULEGUR

**Artasan kynnir** B12-Boost frá Better You er áhrifaríkur og náttúrulegur munnúði sem inniheldur hátt hlutfall af B12-vítamíni (methylcobalamin), krómi og grænu tei. Auðveldasta leiðin til að tryggja hámarksupptöku er að úða því í munnholið en þannig kemst vítamínið hratt og örugglega út í blóðrásina. Úðinn er bragðgóður og hentar öllum.

B12-vítamín er gríðarlega mikilvægt og gegnir það margvíslegu hlutverki í líkama okkar. „Það er m.a. nauðsynlegt fyrir skiptingu frumnanna en rauðu blóðkornin eru í hópi þeirra frumna sem skipta sér oftast og því veldur B12-vítamínskortur blóðleysi. B12-vítamín er nauðsynlegt fyrir nýmyndun tauganna og spilar það því stórt hlutverk í að halda taugakerfinu okkar í lagi sem og heilastarfseminni,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfi hjá Arasan.



Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfi.

### HVAÐ VELDUR B12-SKORTI?

B12 er það vítamín sem flesta skortir á efri árum og oft er það vegna skorts á efninu „intrinsic factor“ sem er mikilvægt prótein, framleitt í maganum og hjálpar til við upptöku. „Það þýðir að þó svo að við borðum dýraafurðir eða tökum vítamínpillur, verður engin upptaka á B12 og við lendum í skorti. Óhófleg neysla áfengis, kaffis, kóladrykkja og nikótíns, notkun ýmissa lyfja, m.a. sýrubindandi lyfja og mikil eða langvarandi notkun sýklalyfja er meðal þess sem getur valdið okkur skorti,“ segir Hrönn.

> Upptaka á B12 gegnum slímhúð í munni er örugg og áhrifarík leið til að tryggja líkamanum nægjanlegt magn af B12 vítamíni og til að verja okkur gegn skorti.

**FÆST Í FLESTUM APÓTEKUM, HEILSUBÚÐUM OG HEILSUHILLUM STÓRMARKAÐA OG VERSLANA.**

### MATARÆÐIÐ SKIPTIR MIKLU MÁLI

Hrönn segir B12-vítamín ekki fást úr grænmeti eða jurtum. „Við fáum það að stærstum hluta úr matvælum sem koma úr dýraríkinu og þá aðallega kjöti, innmat, sjávarafurðum, eggjum, mjólk og osti. Að neyta grænmetisfæðis (vegan) þar sem sneitt er hjá öllum dýraafurðum er af mörgum talið afar heilbrigður lífsstíll en rannsóknir hafa sýnt að fólk sem fylgir þess háttar mataræði getur lent í skorti á ákveðnum lífsnauðsynlegum vítamínum, steinefnum og fitusýrum . B12 er þar á meðal og er vel þekkt að grænmetisætur fái reglulega B12-sprautur til að viðhalda heilbrigði sínu.“

### BRAGÐGÓÐUR MUNNÚÐI SEM TRYGGIR UPPTÖKU

Í ljósi þess að B12-skortur tengist oft vandamálum í meltingarvegi er best að taka það í formi munnúða. „Upptaka á B12 gegnum slímhúð í munni er örugg og áhrifarík leið til að tryggja líkamanum nægjanlegt magn af B12-vítamíni eða til að verja okkur fyrir B12-skorti,“ útskýrir Hrönn.

„B12 Boost munnúðinn frá Better You inniheldur methylcobalamin sem er náttúrulegt form þessa vítamíns og einmitt það sem er best fyrir okkur að taka. Úðinn er bragðgóður og tryggir að líkaminn fái allt það B12 sem hann þarf á afar auðveldan og einfaldan máta. Hann inniheldur einnig steinefnið chromium chloride (króm) sem nýtist öllum og er sérstaklega hjálplegt fólki með efnaskiptavillu og/eða blóðsykurvandamál og svo er grænt te í blöndunni sem eykur orku.“



B12 er það vítamín sem flesta skortir á efri árum.




Best er að taka B12 í formi munnúða.

## EINKENNI B12-SKORTS

- Orkuleysi og slen.
- Þreyta, ör hjartsláttur, andþyngsli og svimi.
- Náladofi í hand- og fótleggjum.
- Hægðatregða, uppþemba.
- Þyngdartap.
- Erfiðleikar með gang.
- Skapsveiflur.
- Minnisleysi, þunglyndi og vitglöp (dementia).

FRÉTTABLAÐIÐ

59,5%

íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.*

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.




Skv. prentmiðlakönnun Gallup, janúar–mars 2016




Allt sem þú þarft ...

# FÆR EINN HVÍLDARDAG Í VIKU

Í sumar ætlar **Heiða Ósk Úlfarsdóttir** einkaþjálfari að hreyfa sig meira úti, fara í göngutúra og fjallgöngur. Hún æfir yfirleitt sex sinnum í viku en stundum níu sinnum. Uppáhaldsæfingin hennar eykur styrk og stærð rassvöðvanna.

Einkaþjálfarinn Heiða Ósk Úlfarsdóttir hefur stundað íþróttir frá því hún fyrst man eftir sér. Hún byrjaði í dansi og fimleikum og æfði fótbolta frá fimm ára aldri til sextán ára. „Þá fór ég að lyfta meira og hafði alltaf áhuga á að taka þátt í módelfitness. Það var þó ekki fyrr en núna um þrítugt þegar ég var búin að eiga börnin mín að ég hafði sjálfstraustið og rétta hugarfarið til þess að taka þátt í þannig keppni. Ég tók þátt í mínu fyrsta módelfitness móti um páskana í ár og hafnaði í fimmta sæti. Þessi íþrótt hentar mér mjög vel því að ég þarf ekki að stóla á neinn annan en sjálfa mig til þess að standa mig vel,“ segir hún og bætir við að hún muni keppa aftur en í augnablikinu ætlar hún að einbeita sér að vinnunni.

Heiða svarar hér nokkrum spurningum um æfingar og heilsu auk þess að gefa uppskrift að ljúffengum eftirrétti.

**Hvað æfir þú?** Ég er mest að lyfta lóðum og svo finnst mér plyometric- og hiit-æfingar mjög skemmtilegar og blanda þessu oftast aðeins saman. Í sumar ætla ég að vera duglegri að hreyfa mig úti, fara í göngutúra og fjallgöngur.

**Hvað færðu þér í morgunmat?** Ég fæ mér ískaldan hafragraut með vatni, haframjöli, próteindufti, rúsínum eða döðlum og kanil. Þurrefnin er ég alltaf með tilbúin í réttum hlutföllum í litlum boxum fyrir vikuna og það eina sem ég þarf að gera er að bæta við vökva. Oftast nota ég vatn en set stundum mjólk, hreina jógúrt eða gríska jógúrt út í til þess að breyta til.

**Hvað æfir þú oft í viku?** Í venjulegri viku æfi ég um sex sinnum í viku en þegar ég var í undirbúning fyrir módelfitness mót þá æfði ég níu sinnum í viku. Ég tek alltaf allavega einn hvíldardag í viku.

## YNDISLEGUR EFTIRRÉTTUR

**Próteinís**

100 g eggjahvítur
1 msk. af sukrin-sykri
½ msk. casein-prótein
½ msk. whey-prótein
1 tsk. kakó

Byrjið á því að þeyta eggjahvítur og sykur saman þangað til það er orðið eins og marengs. Blandar síðan próteini og kakói varlega saman við og setjið í skál inn í frysti í um eina klukkustund.




**Heiða Ósk Úlfarsdóttir lifir heilbrigðu lífi, hreyfir sig reglulega og hugar að mataræðinu.** MYND/HANNA

**Uppáhaldsæfingin?** Það er án efa hip-thrust. Það er hægt að gera endalausar útfærslur á þessari æfingu og hún er mjög góð til þess að auka styrk og stærð á rassvöðvunum. Ég tek hana tvisvar til þrisvar í viku í mismunandi útfærslum. Síðan eru sprettir og hiit-þjálfun líka í miklu uppáhaldi.

**Hvernig er dæmigerður dagur hjá þér?** Ég fer oftast á æfingar á morgnana og mér finnst best að fara fastandi á þær æfingar. Ég er orkumest á morgnana og fæ mér síðan morgungrautinn þegar ég kem heim. Ég reyni svo að borða reglulega yfir daginn og í millimál fæ ég mér oftast ávexti. Ef ég fer á æfingu seinnipartinn finnst mér algjörlega nauðsynlegt að fá mér banana og whey-prótein eftir æfingu og borða síðan kvöldmat um klukkustund eftir það.

**Notar þú fæðubótarefni?** Ég nota alltaf whey-prótein frá Trec nutrition. Núna er ég byrjuð að nota meira af Bcaa til þess að byggja upp meiri vöðva. Ég tek líka hörfræolíu, D-vítamín, ómega-3, acidopilus, kalk og magnesíum. Í undirbúningi fyrir mót bæti ég inn CLA.

**Hvað finnst þér gott að fá þér í kvöldmat?** Langoftast fæ ég mér eitthvert kjötmeti, til dæmis kjúkling, grillkjöt eða fisk, sætar kartöflur og nóg af grænmeti.

**Hvað finnst þér gott að fá þér í millimál?** Ávexti og hnetusmjör.

**Hvað færðu þér þegar þú ætlar að gera vel við þig?** Ég fer stundum á hnetubarinn á laugardögum og dett í það þar.

**Ertu nammigrís?** Ég er algjör nammigrís, já! Ég elska súkkulaði og til að uppfylla súkkulaðiþörfina set ég stundum hreint kakó í grautinn minn. Svo fæ ég mér alveg stundum líka bland í poka þegar mér finnst ég eiga það skilið.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429










# HEILSUFÆÐA Í HYLKI

**Arctic Star kynnir** Sæbjúgu eru þekkt heilsufæða í Kína. Nú má fá þau góðu áhrif sem þeim fylgja á einfaldari máta en þau fást nú í hylkjum.

Arctic Star sæbjúgnahylkin innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum sem geta haft jákvæð áhrif á lífeðlisfræðilega starfsemi mannslíkamans, til dæmis er mikið kollagen í því en það er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans.

Sæbjúgu hafa verið þekkt sem heilsufæði í gegnum aldirnar í Kína, heimalandi Söndru Yunhong She, eiganda Arctic Star, framleiðanda sæbjúgnahylkjanna. Þar eru þau notuð til bóta við hinum ýmsu meinum. Kínverjar kalla sæbjúgu gjarnan „ginseng hafsins“ og til eru sagnir um notkun sæbjúgna þar fyrir meira en þúsund árum.

**Jákvæð áhrif**

„Heima hjá mömmu voru sæbjúgun elduð. Það tekur hins vegar mjög langan tíma að gera það og menn eru ekki að elda sæbjúgu daglega. Við fengum því þá hugmynd að búa til sæbjúgnahylki svo fólk geti fengið heilsubótarefnin úr sæbjúgunum daglega, á auðveldan máta,“ útskýrir Sandra.

Áður en Sandra og fjölskylda fóru að framleiða hylkin og markaðssetja þau gerðu þau nokkurs konar tilraunir á sjálfum sér og sínum nánustu. „Við tókum sæbjúgnahylkin í um tvö ár áður en við fórum að framleiða þau. Fyrir mig virkaði þetta afskaplega vel og meðal annars varð ónæmiskerfið í mér sterkara. Þegar ég var yngri fékk ég alltaf flensu nokkrum sinnum á ári. Á síðustu árum hef ég varla orðið veik. Þegar flensan er úti um allt í þjóðfélaginu fæ ég í mesta lagi smá hausverk í einn dag en ekki meir. Þannig að ég finn mikinn mun á mér.“

Sæbjúgnahylkin fóru í framleiðslu fyrir um tveimur árum. Þeir sem fengu að prófa sæbjúgnahylkin höfðu yfirleitt góða sögu að segja af þeim. „Flestir sem hafa prófað þetta hjá okkur komast að sömu niðurstöðu, að þetta sé gott fyrir liðamótin, minnki liðverki, lækki kólesteról og auki blóðflæði. Virknin er þó misjöfn hjá fólki en eins og áður segir þá vorum við lengi með vöruna í rannsókn og prófuðum hvernig hún virkaði á fólk og mismunandi kvilla sem það hafði. Við settum svo sæbjúgnahylkin á markað í fyrrasumar og viðtökurnar hafa verið góðar,“ segir Sandra og bætir við að þau hafi fengið fjölda símtala frá ánægðum neytendum. „Þeir voru að láta okkur vita hvernig sæbjúgnahylkin hafa virkað fyrir þá og erum við mjög ánægð að heyra frá þeim.“



Sandra finnur mun á sér eftir að hafa tekið inn sæbjúgnahylkin. Henni finnst ónæmiskerfi sitt vera sterkara en áður. MYND/GVA




**Arctic Star sæbjúgnahylki.**

## SÆBJÚGU ERU ÞEKKT FYRIR:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald.
- Að minnka verki í liðum og liðamótum.
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda.
- Að bæta ónæmiskerfið.
- Að auka blóðflæði.
- Að koma í veg fyrir æðakölkun.
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns

**Íslensk framleiðsla Framleiðandi sæbjúgna er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á arctic-star.is. Arctic Star sæbjúgnahylki fást í flestum apótekum og heilsubúðum og í Hagkaupum.**


TAX FREE
AF ÖLLUM VÖRUM!
Stærðir 36-56
Frábært úrval af úlpum, buxum, peysum, túnikum, leggings, bolum, kjólum og skóm!
ZIK ZAK
Fjölnota burðarpoki fylgir með öllum kaupum!
ZIK ZAK
TÍSKUHÚS
TAX FREE DAGAR!
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM!
Tax free jafngildir 19,36% afslætti
Dagana 14-22. júní
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314

## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www. velaverkjs.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Þakmálun, útimálun, múrviðgerðir. Innimálun, spörtlun, viðhaldsþjónusta. Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. S.891 9890 malarar@simnet.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www. flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald







## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

Símaspá, spái í spil, ræð drauma. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@ simnet.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204




## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Hljóðfæri



Glæsilegt dankst Hindsberg Píanó til sölu. Í góðu ásigkomulagi. Upplýsingar í síma 663 2845

# HEILSA

## Nudd

Heilnudd. Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www. tantratemple.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði óskast

**"STRAX"**
Óska eftir 2-3ja herb. íbúð til leigu. Íbúð á góðum kjörum með garði eða sólríkum svölum. Framtíðarleiga, vantar fyrir mánaðamótin júlí. Uppl. í s. 663 7569

## Geymsluhúsnæði

**SUMARTILBOÐ**
á geymsluplássi. Sækjum og sendum. geymslulausnir.is s:615-5005

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.




22 glæsilegar eignarlóðir austur af samkomusvæði Galtalæks.
Lóðastærð um 0,5 ha. og möguleiki á sameiningu lóða.
Vegagerð lokið og svæðið tilbúið til uppbyggingar.
Leyfi til byggingar 150 m2 húsa auk 30 m2 geymslu eða gestahúss.
Verð: **48,5 millj.**



Nánari upplýsingar veitir
**Jón Rafn Valdimarsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -






Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

# Auglýsing um tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

## Háskóli Íslands, Vísindagarðar

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 25. maí 2016 og borgarráði Reykjavíkur þann 2. júní 2016 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vísindagarða. Breytingin felur í sér stækkun skipulagssvæðis, breytt lóðarmörk og aukið byggingarmagn og nýtingarhlutfall. Lóðunum að Sturlugötu 8 og Eggertsgötu 35 er bætt inn á svæðið. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Keilugrandi-Boðagrandi-Fjörugrandi

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 25. maí 2016 og borgarráði Reykjavíkur þann 2. júní 2016 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðanna nr. 1 við Keilugranda auk lóða Fjörugranda og sléttar tölur Boðagranda. Í breytingunni felst niðurrif núverandi iðnaðarhúsnæðis og uppbygging íbúðarhúsnæðis á lóð Keilugranda 1. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 14. júní 2016 til og með 26. júlí 2016**. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is***, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 26. júlí 2016. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 14. júní 2016
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

# SKIPULAGSBREYTING

Svæði S33 í Skarðshlíðarhverfi

## Breyting á aðalskipulagi

**Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 08.06.2016 að undangengnu samþykki skipulags- og byggingarráðs þann 31.05.2016, að tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 hvað varðar svæði 33 í Skarðshlíðarhverfi dags. 19.01.2016, lagfært 30.05.2016, verði sett í auglýsingu skv. 31. grein skipulagslaga nr. 123/2010.**

Breytingin felst í því að hluti svæðisins S33, í Skarðshlíðarhverfi, samfélagsþjónusta, breytist í íbúðasvæði og sameinast íbúðasvæði ÍB 10. Á svæði S33 samfélagsþjónusta í Skarðshlíðarhverfi, sem ætlað var fyrir hjúkrunarheimili, heilsugæslu, skóla og leikskóla, verður nú skóli og leikskóli. S33 minnkar úr 4ha í 3ha og ÍB 10 stækkar úr 24ha í 25ha. Svæðið sem breytingin nær til er austan Hádegisskarðs milli Hraunskarðs og Apalskarðs.

## Breyting á deiliskipulagi

**Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 08.06.2016, að undangengnu samþykki skipulags- og byggingarráðs þann 31.05.2016, að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar sem öðlaðist gildi 22.07.2013 í samræmi við 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

Breytingin felst í því að svæði fyrir íbúðabyggð er stækkað inn á svæði ætlað samfélagsþjónustu (S33). Byggð ætluð fjölbýlishúsum (fjöleignarhúsum) er stækkuð og fyrirkomulagi þeirra og skilmálum breytt.

Tillögurnar verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu að Norðurhellu 2, frá 14.06. til 02.08. 2016. Hægt er að skoða aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagstillögu á **hafnarfjordur.is** Nánari upplýsingar eru veittar á umhverfis- og skipulagsþjónustu.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 02.08.2016. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests teljast samþykkir henni.

**HAFNARFJARÐARBÆR**
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

**ÞJÓNUSTUVER**
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

# Til sölu

Fyrirtæki sem sérhæfir sig í gólflögnum fyrir fyrirtæki, stofnanir og íbúðarhúsnæði

- Mikil veltuaukning milli ára
- Gott orðspor / Mikil góðvild
- Tækifæri til veltuaukningar
- Stórir viðskiptavinir
- Mörg verkefni framundan



Upplýsingar veittar á skrifstofu Miklaborgar
Áhugasamir hafi samband við

**Jón Rafn Valdimarsson**
löggiltur fyrirtækja, fasteigna- og skipasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

# EIGNAMIÐLUN

Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

## Kvistaland 9, 108 Reykjavík



Vel skipulagt og fallegt 192,2 fm. einbýli á einni hæð ásamt 33 fm bílskúr, samtals 225,2 fm. á mjög eftirsóttum stað í Fossvoginum. Húsið er teiknað af Albínu Thorðarson arkitekt og byggt árið 1977 úr steinsteypu. **Verð: Tilboð**



**Nánari upplýsingar veitir**

**Kjartan Hallgeirsson**
lögg. fasteignasali
sími 824 9093
kjartan@eignamidlun.is

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

# HRAUNHAMAR

FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

## Hraunbrún 28 – Hf – Einbýli

Opið hús í dag 14.6 milli kl. 17 og 17:30




Hraunhamar fasteignasala kynnir glæsilegt mikið endurnýjað einbýli ásamt bílskúr samtals um 165,6 fermetrar vel staðsett í vesturbæ Hafnarfjarðar. Eignin stendur við Hraunbrún 28 sem er frábær staðsetning, einstök hraunlóð og öll umgjörð hússins til fyrirmyndar. Eignin skiptist í forstofu, stofu, borðstofu, eldhús og baðherbergi. Á efri hæð er alrými ásamt hjónaherbergi. Í kjallara eru tvö stór herbergi, snyrting, þvottahús og geymsla. **Verð 54,9 millj.**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

SAFT

# Þurr augu?




**Tvöföld virkni**

**Sex sinnum lengri ending**

**Nýtt**

**án rotvarnarefna**

Thealoz Duo® er ný aðferð við meðhöndlun augnþurrks sem sækir innblástur beint til náttúrunnar. Til þess að koma jafnvægi á tárafilmuna notum við náttúrulegu efnin trehalósa, sem kemur á jafnvægi og verndar frumurnar á yfirborði hornhimnunnar, og hýalúronsýru, sem smyr yfirborð hornhimnunnar og gefur henni raka.

**TREHALÓSI**

Finnst í mörgum jurtum og hjálpar þeim að þrífast við þurrar aðstæður. Trehalósi verndar frumurnar og gerir þeim kleift að starfa með fullum afköstum.

**HÝALÚRONSÝRA**

Er að finna í augunum og hefur einstaka getu til að binda vatn. Hjálpar til við að smyrja og viðhalda táravökvanum á yfirborði augans.

provision

Fæst í öllum helstu apótekum.

# Stærsta stundin í sögunni

**Íslenska karlalandsliðið í fótbolta spilar sinn fyrsta leik á stórmóti frá upphafi þegar það mætir Cristiano Ronaldo og félögum í Saint-Étienne í kvöld. Fyrirliðinn segist ótrúlega stoltur af því að fá að spila fyrir íslenska þjóð og annar þjálfarinn segir þetta stærstu stundina í íslenskri fótboltasögu.**

EM2016

Tómas Þór Þórðarson
tomas@365.is

Blaðamenn frá Íslandi, Portúgal, Austurríki, Bretlandi, Hollandi, Noregi og Danmörku voru mættir á blaðamannafund íslenska landsliðsins í fótbolta í Saint-Étienne í gær þar sem Lars Lagerbäck, Heimir Hallgrímsson, Gylfi Þór Sigurðsson og Aron Einar Gunnarsson sátu fyrir svörum. Áhuginn á strákunum okkar er gífurlegur en íslenskir fjölmiðlamenn gátu vart stundað vinnu sína fyrir spurningum kollega sinna.

Til að byrja með reyndu Gylfi Þór og Aron Einar að gera ekki of mikið úr stórleiknum í kvöld gegn Portúgal sem verður sá fyrsti í sögunni hjá karlalandsliðinu á stórmóti. Þeir viðurkenndu þó fúslega að þeir gætu ekki beðið eftir stóru stundinni á Stade Geofroy-Guichard.

„Undirbúningurinn er mjög svipaður og fyrir alla leiki en auðvitað er komin smá spenna og eftirvænting í mannskapinn. Við erum búnir að bíða lengi eftir þessu. Þetta er nú samt bara fótboltaleikur og það er ekkert öðruvísi við þennan leik fyrir utan að hann er sá fyrsti hjá okkur á stórmóti,“ sagði Gylfi Þór og fyrirliðinn Aron Einar tók undir orð Swansea-mannsins:

„Þetta er bara venjulegur leikur fyrir okkur. Við þurfum að halda okkur á jörðinni og ofpeppast ekki. Við erum með þrautreyndan þjálfara sem hefur gert þetta margoft áður. Hann miðlar sinni reynslu til okkar strákanna og heldur okkur á tánum,“ sagði Aron Einar sem verður stoltur fyrirliði í kvöld.

„Við erum mjög stoltir. Það er það fyrsta sem kemur upp í hugann. Þetta er stór leikur en við þurfum að nálgast þennan leik eins og hvern annan leik. Það er mjög erfitt að lýsa því hversu stoltur maður er að vera að fara að spila við bestu þjóðir í heiminum. Ég er virkilega stoltur af því sem við höfum áorkað sem lið,“ sagði Aron Einar.


Gylfi Þór Sigurðsson slær á létta strengi á æfingunni í Saint-Étienne í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Við þurfum að halda okkur á jörðinni og ofpeppast ekki. Við erum með þrautreyndan þjálfara sem hefur gert þetta margoft áður.**
>
> Aron Einar Gunnarsson

### Ræðurnar leiðinlegar

Bæði Gylfi Þór og Aron Einar voru að glíma við meiðsli undir lok tímabilsins á Englandi en báðir eru klárir í slaginn. Heimir Hallgrímsson sagði á fundinum að allir leikmenn liðsins gætu spilað í kvöld þó sumir væru frískari en aðrir.

„Ég myndi ekki segja að ég hafi verið tæpur en ég var meiddur í baki. Ég er algjörlega búinn að ná mér,“ sagði Gylfi Þór um sig.

Portúgalskir blaðamenn á fundinum spurðu nánast eingöngu út í Cristiano Ronaldo og hvernig íslenska liðið ætlaði að reyna að ráða við hann. Lars var spurður hvort til stæði að setja yfirfrakka á hann.

„Við spilum ekki þannig, það kæmi mér á óvart ef við tækjum þá ákvörðun að breyta því. Hann er frábær leikmaður og auðvitað leggjum við einhverja aukaáherslu á Ronaldo. Portúgalska liðið er samt mjög gott og með marga góða einstaklinga,“ sagði Lars.

Hollenskur blaðamaður á staðnum vildi mikið fá að vita um frægar ræður Lars Lagerbäck og hvernig hann hvetur sína menn til dáða fyrir leiki. Hann sagði að leikmennirnir væru eflaust ekki sammála því að ræðurnar væru skemmtilegar og það kom á daginn þegar Gylfi var spurður út í þær.

„Á ég að segja satt? Þær eru ekkert mjög skemmtilegar. Nei, nei. Þær eru fínar. Hann veit alveg hvað hann er að tala um, karlinn. Hann hefur gríðarlega mikla reynslu og ekki bara af alþjóðlegum bolta og sérstaklega stórmótum. Þeir Heimir ná vel saman og mynda flott teymi,“ sagði Gylfi Þór.

### Miklir karakterar

Mörg þúsund íslenskir stuðningsmenn eru mættir til Frakklands til að styðja strákana okkar en stærstur hluti þeirra mætir til Saint-Étienne í dag. Þeir munu reyna að mála stúkuna og eflaust borgina bláa í dag.

„Þetta skiptir okkur miklu máli. Það sáu allir Hollandsleikinn úti. Þangað komu 3.000 manns að styðja okkur og stemningin eftir leik var frábær. Að fá svona stuðning frá sínu fólki er magnað. Við erum auðvitað stoltir af að spila fyrir Íslands hönd á þessu sviði,“ sagði Aron Einar.

En hvernig verður það fyrir strákana okkar að reyna að vera andlega tilbúnir í leikinn þegar þeir ganga út á völl og átta sig almennilega á því að þeir eru að spila á Evrópumótinu í fótbolta?

„Ég held að við getum ekkert í raun sagt fyrr en leikurinn er byrjaður hvernig hverjum og einum líður. Þetta er stærsta stundin í íslenskri fótboltasögu. Við verðum samt að gera greinarmun á þessu og vera ekki of tilfinninganæmir þegar við komum inn á völlinn. Þessir strákar okkar eru samt svo miklir karakterar að þeir geta ýtt þessu frá sér. En fyrir fólkið sem hefur unnið að boltanum heima í mörg ár er þetta stærsta stundin í íslenskri fótboltasögu,“ sagði Heimir Hallgrímsson.

## Líkleg byrjunarlið

Þetta eru að mati Fréttablaðsins þeir leikmenn sem eru líklegastir til að byrja leikinn í Saint-Etienne í kvöld.







## Stjarna gærdagsins á EM 2016

Emanuele Giaccherini og félagar í ítalska landsliðinu byrjuðu EM á frábærum sigri á Belgíu í gærkvöldi. Emanuele Giaccherini skoraði fyrra mark liðsins á 32. mínútu. Hann varð þá fyrsti leikmaður Bologna til að skora á stórmóti síðan Roberto Baggio skoraði á HM í Frakklandi 1998. Giaccherini varð tvisvar ítalskur meistari með Juventus, reyndi síðan fyrir sér hjá Sunderland í ensku úrvalsdeildinni en var lánaður til Bologna á síðasta tímabili. Fjölhæfur, blóðheitur og baráttuglaður leikmaður.



**EM 2016 í Frakklandi**

**D-riðill**

**Spánn - Tékkland 1-0**
1-0 Gerard Piqué (87.)

**E-riðill**

**Írland - Svíþjóð 1-1**
1-0 Gareth Bale (10.), 1-1 Ondrej Duda (61.), 2-1 Hal Robson-Kanu (81.).

**Belgía - Ítalía 0-2**
0-1 Emanuele Giaccherini (32.), 0-2 Gerard Piqué (90.+2).

**Held mér sé að verða óglatt af spenningi fyrir morgundeginum!!**

Benjamín Þórðarson
@BenniThordar

SUÐURLANDSSLAGUR HJÁ KONUNUM EINS OG SÍÐUSTU ÁR Í gær var dregið í átta liða úrslitum Borgunarbikars karla og kvenna í fótbolta. Hjá konunum verður Suðurlandsslagur á dagskránni þegar ÍBV tekur á móti Selfossi en þetta er þriðja árið í röð sem þessi félög mætast í átta liða úrslitum. Bikarmeistarar Stjörnunnar fá Hauka í heimsókn, Breiðablik spilar við HK/Víking og Þór/KA tekur á móti Fylki. Hjá körlunum fá bikarmeistarar Valsmanna Fylki í heimsókn og ljóst er að það verður lið úr Inkasso-deildinni í undanúrslitum því Fram og Selfoss drógust saman. Í hinum tveimur leikjunum tekur Þróttur á móti Íslandsmeisturum FH og Eyjamenn sækja Blika heim.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 22.00 | Sumarmessan | Sport |
| 00.00 | Síle - Panama | Sport |
| 02.10 | Argentína - Bólivía | Sport |

## EM dagur

### Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 16.00 | Austurríki - Ungverjal. | F-riðill |
| 19.00 | Portúgal - Ísland | F-riðill |



UEFA EURO2016 FRANCE
ÁFRAM ÍSLAND
Þú færð allt fyrir EM og 17. júní í Iceland
1899 kr. stk.
BUFF MEÐ ÍSLENSKA FÁNANUM
1699 kr. stk.
SVITABAND MEÐ ÍSLENSKA FÁNANUM
1899 kr. stk.
SÓLGLERAUGU MEÐ ÍSLENSKA FÁNANUM
6899 kr. stk.
EM ÍSLAND TREYJA MARGAR STÆRÐIR
1699 kr. kg.
KJARNAFÆÐI LAMBALÆRI HEIÐALAMB
1299 kr. kg.
ALI GRÍSAKÓTELETTUR M/BEINI
499 kr. stk.
HOLTA BBQ/BUFFALO VÆNGIR 800GR
2599 kr. kg.
FJALLALAMB LÆRISSNEIÐAR - ÞURRKRYDDAÐAR
1999 kr. kg.
FJALLALAMB SIRLOINSNEIÐAR - ÞURRKRYDDAÐAR
999 kr. kg.
ALI SPARE RIBS
79 kr. stk.
PEPSI, PEPSI MAX, APPELSÍN, MOUNTAIN DEW 330 ML.
299 kr. stk.
PAPRIKU- OG OSTASTJÖRNUR
229 kr. stk.
GÓU FRLÓRÍDABITAR STÓRIR
GEGGJAÐ ÚRVAL AF BLÖÐRUM
299 kr. stk.
ÍSLENSKI FÁNINN nylonfáni á priki 18x25 cm
249 kr. stk.
ÍSLENSKI FÁNINN pappírsfáni á priki 16x22 cm
Verð frá:
999 kr. stk.
GASBLÖÐRUR Í ÚRVALI
Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla. Tilboðin gilda til sunnudags
OPIÐ 24 TÍMA
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
Icelandbudir
Icelandbudir.is
Iceland



**Þjálfari Portúgals**
**Fernando Santos**
**Aldur:** 61 árs

Þjálfaði öll stóru félögin í Portúgal (Benfica, Porto, Sporting) og fór með Grikki á EM 2012 og HM 2014. Tók við þegar Paulo Bento var rekinn eftir tap fyrir Albaníu í fyrsta leik undankeppninnar.

**A-riðill** Undankeppni EM

| | S | J | T | Stig |
|---|---|---|---|---|
| 1. Portúgal | 8 | 7 | 0 | 21 |
| 2. Albanía | 8 | 4 | 2 | 14 |
| 3. Danmörk | 8 | 3 | 3 | 12 |
| 4. Serbía | 8 | 2 | 1 | 4 |
| 5. Armenía | 8 | 0 | 2 | 2 |

# Ekki lengur bara Cristiano Ronaldo

Cristiano Ronaldo bar portúgalska liðið á herðum sér á síðasta Evrópumóti árið 2012 þegar Portúgal fór alla leið í undanúrslitin en nú fær stórstjarnan meiri hjálp.

**Portúgal er fyrsti andstæðingur strákanna okkar á EM 2016 í fótbolta en liðin mætast í Saint-Étienne klukkan 19.00 í kvöld. Portúgal er sigurstranglegasta liðið í riðlinum og hefur innan sinna raða einn besta fótboltamann samtímans og sögunnar; Cristiano Ronaldo. Ronaldo er vitaskuld potturinn og pannan í portúgalska liðinu en Portúgal er miklu meira en bara Portúgal í dag.**

Portúgal mætir til leiks með virkilega sterkt lið sem straujaði sterkan riðil í undankeppninni með sjö sigrum og einum tapleik. Ný kynslóð er að koma upp í portúgalska liðinu og er blandan frábær með þessa ungu og hæfileikaríku menn í bland við reyndar stjörnur á borð við Ronaldo, Pepe, Ricardo Carvalho, Nani og João Moutinho.

Ronaldo bar portúgalska liðið á herðum sér á EM fyrir fjórum árum alla leið í undanúrslitin. Nú er hann mættur aftur til leiks með mun sterkari meðspilara og sterkara lið sem er líklegt til afreka á mótinu.

Portúgal hefur í heildina fleiri hæfileikaríkari leikmenn en íslenska liðið en sömu sögu mátti segja um Tékkland, Tyrkland og Holland. Samt kláruðu strákarnir okkar þau í undankeppninni. Föst leikatriði hafa verið aðalsmerki íslenska liðsins og þau þurfa að vera sterk gegn Portúgal í kvöld. Þó portúgalska vörnin sé sterk á liðið í vandræðum með að vinna seinni boltana en það er aðalsmerki Íslands. Þar liggur líklega möguleiki Íslands í kvöld.



**Leikir þjóðanna**

**Jafntefli**
0

**Ísland**
0
sigrar

**Portúgal**
4
sigrar

**Markatala:** Portúgal +6 (11-5)

## 7 Cristiano Ronaldo

**Aldur:** 30 | **Leikir:** 24 | **Mörk:** 70

Það er hættulegt fyrir íslenska liðið og í raun alla mótherja Portúgals hvað Cristiano Ronaldo kemur á mikilli siglingu inn á Evrópumótið. Ronaldo átti enn eina frábæra leiktíð með Real Madrid þar sem hann skoraði 35 mörk í 36 deildarleikjum og gaf fjórar stoðsendingar og þá skoraði hann sextán mörk í tólf leikjum í Meistaradeildinni á leið Real Madrid að Evrópumeistaratitlinum. Portúgal skoraði ellefu mörk í átta leikjum í undankeppninni og skoraði Ronaldo fimm af þeim. Hann var þreyttur undir lok leiktíðarinnar en fékk vikufrí hjá þjálfaranum Fernando Santos sem virðist hafa verið hárrétt ákvörðun hjá Santos. Ronaldo skellti sér á smá snekkjudjamm með góðum vinum og fallegum konum og mætti endurnærður í vináttuleik í síðustu viku þar sem hann skoraði tvö mörk í 7-0 sigri á Eistlandi. Ronaldo er ekki bara góður heldur hokinn af reynslu. Þetta er hans sjöunda stórmót.

### Sögumoli

Átta mörk voru skoruð þegar þjóðirnar mættust síðast í Porto 7. október 2011. Portúgal vann leikinn 5-3 en Cristiano Ronaldo komst þó ekki á blað. Nani skoraði hins vegar tvö fyrstu mörk portúgalska liðsins. Hallgrímur Jónasson (2 mörk) og Gylfi Þór Sigurðsson skoruðu mörk Íslands.

**EM2016**

Pedro Ponte
blaðamaður á Record í Portúgal

## Margir ungir að koma upp

Sterkasti hluti portúgalska liðsins er vitaskuld sóknarleikurinn út af Ronaldo en miðjumennirnir okkar eru líka mikilvægir. Við spiluðum áður 4-3-3 en undir stjórn Fernando Santos er liðið að spila 4-4-2 með Nani og Ronaldo frammi! Áður spiluðum við stundum án framherja en það gekk ekki upp. Okkur hefur vantað alvöru markaskorara síðan Pascal Pauleta hætti og þess vegna er Ronaldo að spila svona mikið sem fremsti maður. Portúgölsku stuðningsmennirnir og við blaðamennirnir viljum að hann spili frammi því þar skorar hann mest. Því nær markinu sem Ronaldo spilar, því meiri möguleika á Portúgal að vinna.

Það eru margir ungir leikmenn að koma upp í liðinu og auðvitað beinast augu flestra að Renato Sanchez sem var að fara til Bayern München. Hann fékk tækifæri í vikunni hjá þjálfaranum í byrjunarliðinu og spilaði gegn Englandi og Eistlandi. Hann gerði liðið klárlega betra.

Portúgalska liðið er hvað veikast í bakvarðarstöðunum. Vierinha hefur þó komið skemmtilega á óvart síðan hann byrjaði að spila með liðinu. Hann á samt í miklum vandræðum í stöðunni maður á mann. Nú er stutt í fyrsta leik og við erum ekki enn vissir um hver byrjar vinstra megin.

Hvað varðar föstu leikatriðin hjá Íslandi þá er Portúgal mjög sterkt í varnarleiknum en vandræðin hafa tengst því að vinna seinni boltann.“






# Nokkur orð um heimskulegar spurningar

Þá er loksins komið að því. Ísland mætir Portúgal í Stade Geoffroy-Guichard (já, ég þurfti að gúgla réttritun á heiti leikvangsins) í Saint-Étienne. Við fjölmiðlamenn komum til borgarinnar síðdegis í gær en okkar fyrsta verk var að ná í fjölmiðlapassann okkar fyrir mótið sjálft og svo kynna okkur vinnuaðstöðu við leikvanginn.

Þegar það var allt saman yfirstaðið tók við blaðamannafundur íslenska landsliðsins við leikvanginn. Fyrsti opinberi UEFA-blaðamannafundur Íslands á stórmóti í knattspyrnu. Kannski ekki stærsti viðburðurinn í öllu þessu ævintýri en sumum finnst það merkilegt. Í það minnsta mér.

Nú skulum við spóla til baka. Þann 12. desember á síðasta ári var dregið í riðla og þá kom í ljós að fyrsti andstæðingur Íslands á stórmóti yrði Portúgal með Cristiano Ronaldo fremstan í flokki. Síðan þá hefur Ísland spilað sjö vináttulandsleiki með öllu tilheyrandi fjölmiðlatússi auk annarra blaðamannafunda, svo sem þegar EM-hópur Íslands var tilkynntur 9. maí.

Allt snerist um EM í kringum síðustu æfingaleikina, gegn Noregi og Liechtenstein. Liðið kom svo út til Frakklands fyrir sléttri viku síðan og síðan þá hafa fulltrúar liðanna hitt fjölmiðlamenn á hverjum einasta degi. Þjálfararnir alltaf, minnst annar þeirra, og svo fjölmargir leikmenn. Við skulum heldur ekki gleyma klukkustundarlöngum hótelhittingi á laugardag þar sem



Lars Lagerbäck hlustar á spurningar blaðamannanna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

fjölmiðlar fengu frítt spil og máttu ræða við eins marga leikmenn og þeim sýndist.

Nú skulum við aftur skella okkur inn í salinn þar sem blaðamannafundur Íslands var haldinn við Stade Geoffroy-Guichard (ég þurfti að afrita heitið úr fyrstu málsgreininni) í gær. Inn ganga Aron Einar Gunnarsson, Gylfi Þór Sigurðsson, Heimir Hallgrímsson og Lars Lagerbäck. Þeir hafa fengið allar mögulegar spurningar um Portúgal og Cristiano Ronaldo sem hægt er að ímynda sér og það oftar en einu sinni. Að ekki sé minnst á hvernig hvernig þeim líði með að fara að spila stærsta fótboltaleik Íslands frá upphafi.



En hvað getur maður annað en spurt að þessu, enn einu sinni? Sama hversu heimskulegar spurningarnar kunni að hljóma? Stundum er ekkert annað í boði en að kyngja stoltinu og láta vaða, enn einu sinni, hvernig tilfinningin sé nú þegar þetta er allt saman að bresta á.

Stundum er það vinna okkar fréttamanna að kalla eftir ákveðnum viðbrögðum til að geta komið með viðtöl og fréttir sem hæfa tilefninu hverju sinni. Og það kallar oft á heimskulegar spurningar. Strákarnir eru nógu reyndir til að vita það og sýna okkur þá þolinmæði að svara samviskusamlega hverju sinni. Og eftir að hafa hlustað á svör þjálfara og leikmanna annarra liða, til dæmis á blaðamannafundi Portúgals í gær, er ég afar þakklátur fyrir okkar menn og þeirra svör.

Staðreyndin er einfaldlega sú að fjölmiðlaumhverfi í „stóru“ löndunum sem eru hér á EM með okkur hefur gert það að verkum að tilsvör leikmanna og þjálfara koma á klisjufæribandi þar sem allir frasar eru löngu mótaðir og endurteknir í sífellu. Ef einhverjum finnst svör okkar manna á einhvern hátt einstrengingsleg þá eru þau hátíð í samanburði. Vonandi grípa okkar menn aldrei til slíkra vinnubragða.


JÁ, ÞAÐ MUN RIGNA Í SUMAR
...Í ALVÖRU
VERTU MEÐ ALLT ÞITT Á ÞURRU FYRIR SUMARIÐ.
ÞÚ FÆRÐ VANDAÐA HLÍFÐARFATNAÐINN
FRÁ DIDRIKSONS Í ÚTILÍF.
Lush womens parka
Minute womens parka
Beata womens parka
DIDRIKSONS1913
Grundsund SWEDEN
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is



✝

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Jónsdóttir**
(Unna)

lést á hjúkrunarheimilinu Nesvöllum, Reykjanesbæ, fimmtudaginn 2. júní.

Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju þriðjudaginn 14. júní kl. 13.00.

**Þorsteinn Eggertsson** **Jóhanna Fjóla Ólafsdóttir**
**Guðfinna Jóna Eggertsdóttir** **Sigvaldi Hrafn Jósafatsson**
**Jón Þorkels Eggertsson** **Hólmfríður Guðmundsdóttir**
**Guðrún Eggertsdóttir**
**og fjölskyldur.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Gunnar Sólnes**
hæstaréttarlögmaður,
Espilundi 18, Akureyri,

andaðist 5. júní. Jarðsungið verður frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 16. júní kl. 13.30.

**Margrét Kristinsdóttir**
**Helga Magnúsdóttir** **Þorleifur Stefánsson**
**Hulda Magnúsdóttir**
**Selma Araóttir** **Jóhann Freyr Jónsson**
**Stefán Grétar Þorleifsson** **Marina Ravn**
**Saga Marie og Bastian**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þórunn Jónsdóttir**
Brekkugötu 15, Vogum,

lést á Sólvangi 4. júní síðastliðinn.

Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 15. júní kl. 15.

**Kolbeinn Sigurjónsson**
**Helgi Sævar Sigurðsson** **Signý Ólafsdóttir**
**Jón Sigurðsson**
**Karl Svavar Sigurðsson** **María Þorsteinsdóttir**
**Valgarð Sigurðsson** **Hrefna Hlín Karlsdóttir**
**og fjölskyldur.**





Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

Við andlát ástvinar
Nærgætni, hlýja og virðing

Áratuga reynsla við útfararþjónustu




Útfarar- og lögfræðiþjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Útfararstofa kirkjugarðanna

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is



Ísabella Leifsdóttir óperusöngkona, Jónína Björt Gunnarsdóttir leikkona, Rosie Middleton söngkona, Arnar Ingi Richardsson djasstónlistarmaður, Michael Betteridge tónskáld og Ingunn Lára Kristjánsdóttir leikstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Snúa ljótleika í fegurð

**Ingunn Lára Kristjánsdóttir er með völdu listafólki að vinna að nýju tónleikhúsverki úr niðurlægjandi texta af samskiptamiðlinum Twitter og umbreyta honum í fallegar senur.**

Við erum að gera ljótan texta merkingarlausan með því að slíta hann í sundur og semja fallega tónlist og hreyfingar við hann. Textann tökum við beint af samskiptamiðlinum Twitter, og hann er vægast sagt neikvæður í garð kvenna en við tætum textann niður og tökum völdin af orðunum með því að umbreyta honum í fallegar tónleikhússenur. Verkið vekur upp áleitnar spurningar.“

> Við tætum textann niður og tökum völdin af orðunum með því að umbreyta honum í fallegar tónleikhússenur.

Þetta segir Ingunn Lára Kristjánsdóttir leikstjóri. Hún er að vinna hér í borginni með bresku leikfélagi sem heitir Aequitas Collective og leikstýrir þar bæði tónlistarmönnum og leikurum frá Bretlandi og Íslandi. Afraksturinn ætlar hópurinn að sýna á morgun, 15. júní, klukkan 18, í Söngskóla Sigurðar Demetz í Ármúla 44. „Þetta er verk í vinnslu núna en við munum taka það lengra og gera stóra sýningu að ári, bæði á Íslandi og Englandi, svo þetta er bara byrjunin,“ segir Ingunn Lára sem jafnframt er að skrifa einleik um Ólöfu ríku frá Skarði. **gun@frettabladid.is**



✝

Elskulegur frændi minn og vinur,

**Hallbjörn Pétur Benjamínsson**
Skólabraut 10, Seltjarnarnesi,

andaðist á Droplaugarstöðum 4. júní.

Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju miðvikudaginn 15. júní klukkan 15.00.

**Elín Guðmundsdóttir** **Bergmann Bjarnason**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Magðalena Sigríður Elíasdóttir**
(Siddý)

andaðist föstudaginn 10. júní.

**Guðrún Helga Theodórsdóttir** **Jón Hilmarsson**
**Elías Theodórsson** **Ester Ólafsdóttir**
**Steinunn Hulda Theodórsdóttir** **Örn Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurður Aðalsteinn Björnsson**
málarameistari,

lést 9. júní. Jarðsungið er í kirkju Óháða safnaðarins fimmtudaginn 23. júní kl. 15.00.

**Sigríður Ingólfsdóttir**
**Margrét Sigurðardóttir** **Þorgeir Björnsson**
**Ingólfur Björn Sigurðsson** **Árný Inga Pálsdóttir**
**Örn Bragi Sigurðsson**
**Baldur Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur faðir okkar, sonur og bróðir,

**Sveinbjörn Kristjánsson**

lést 7. júní síðastliðinn. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju í dag, þriðjudaginn 14. júní, kl. 13.00.

**Guðný Ósk Árdal Sveinbjörnsdóttir**
**Guðrún Helga Sveinbjörnsdóttir**
**Dagur Steinn Sveinbjörnsson**
**Erla Hjartardóttir** **Kristján Erlendur Haraldsson**
**Haraldur Kristjánsson**
**Kristján Ra Kristjánsson**

# Í mark á hundrað ára hjóli

**Þröstur Eysteinsson skógræktarstjóri ætlar að taka 100 ára gamalt reiðhjól til kostanna í WOW Cyclothon hjólreiðakeppninni og hjóla í mark á þjóðhátíðardaginn.**

Ég fæ að hjóla með lokasprettinn," segir Þröstur Eysteinsson skógræktarstjóri og á við WOW Cyclothon hjólreiðakeppnina sem fram fer næstu sólarhringa. Hann verður á merkum grip, hjóli sem, Agnar Kofoed-Hansen átti en hann var fyrsti skógræktarstjóri landsins, gegndi embættinu frá 1908 til 1935 og hjólaði mikið um landið í embættiserindum.

Þröstur hefur verið skógræktarstjóri frá síðustu áramótum og hefur meðal annars leitt sameiningu Skógræktar ríkisins, Rannsóknastöðvar skógræktarinnar á Mógilsá og fimm skógræktarverkefni sem voru starfrækt hvert í sínum landshluta. Sameiningin er gerð fyrir atbeina Sigrúnar Magnúsdóttur umhverfisráðherra og gengur formlega í gildi 1. júlí. „Ráðherrann ákvað líka að nafn stofnunarinnar skyldi vera Skógræktin svo við þyrftum nú ekki að byrja á að rífast um það," segir Þröstur hlæjandi.

Hann segir þetta í fyrsta skipti sem skógræktarfólk tekur þátt í hjólreiðakeppninni stóru og ákveðið hafi verið að tengja það sameiningunni. Liðið er skipað tíu manns af báðum kynjum og úr öllum deildum sem sameinaðar verða og einum úr ráðuneytinu. Það mun keppa í flokki blandaðra liða.

„Þetta er svona hópeflisverkefni. Ég get ekki annað en stutt það, og geri það á minn hátt, með því að hjóla á þessu gamla hjóli síðasta spölinn í mark og það vill svo skemmtilega til að markið er í landi skógræktarinnar að Straumi við Krísuvíkurveg," segir Þröstur og kveðst ætla að bera klæðnað í þeim stíl sem hæfi hjólinu. **gun@frettabladid.is**



**Þröstur í æfingatúr á gamla hjólinu innan skógræktarinnar.** MYND/EDDA SIGURDÍS ODDSDÓTTIR

---



Ástkær móðir okkar, systir og amma,

**Tatjana Tkacova**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 6. júní. Fjölskyldan vill koma á framfæri þökkum til starfsfólks líknardeildar fyrir alúð og hlýju við umönnun hennar.

**Jelena Malejeva**
**Jegor Kazakov**
**Natalia Anz**
**Olga Molotnikova**
**Iryna Khyzhnyak**
**og barnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Andrés Haukur Ágústsson**

frá Hemlu, Vestur-Landeyjum, til heimilis að Seljahlíð, Hjallaseli 55,

lést á Landspítalanum 10. júní síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Seljakirkju mánudaginn 20. júní kl. 15.00.

**Aðalbjörg Kristjánsdóttir**
**Ágúst Ingi Andrésson** **Bryndís Jónsdóttir**
**Ingibjörg Andrésdóttir** **Hreinn Guðmundsson**
**Guðjón Már Andrésson**
**Helgi Magnússon**
**afa- og langafabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Sumarliði Kristmundsson**

Hábrekku 8, Ólafsvík

lést á Landspítalanum föstudaginn 10. júní. Útförin fer fram frá Ólafsvíkurkirkju laugardaginn 18. júní kl. 14.

**Kristín G. Jóhannsdóttir**
**Kristmundur Sumarliðason** **Hermína Lárusdóttir**
**Ingibjörg Sumarliðadóttir** **Einar Hjörleifsson**
**Þorkatla K. Sumarliðadóttir** **Baldur Á. Sigþórsson**
**og barnabörn.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Bettý Benjamínsdóttir**

Kjarrhólum 18, Selfossi,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi 8. júní.

Útförin fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 16. júní klukkan 13.00.

**Sigurður Einarsson**
**Sigurlaug A. Sigurðardóttir**
**Svanhildur Martin** **Brian K. Martin**
**Einar Einarsson** **Gayle Louise Einarsson**
**Magnús Einarsson** **Shari L. Russell**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elsku hjartans, yndislegi sonur okkar, bróðir, mágur og frændi,

**Stefán Valmundsson**

frá Flagbjarnarholti,

andaðist á gjörgæsludeild Landspítalans 3. júní. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 16. júní kl. 15.00.

Þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarsjóð Hjartaverndar.

**Margrét Teitsdóttir** **Fannar Ólafsson**
**Valmundur Gíslason** **Helga Matthíasdóttir**
**Gísli Valmundsson**
**Teitur Ingi Valmundsson** **Rúna Guðmundsdóttir**
**Kristrún Ósk Valmundsdóttir** **Ari Logason**
**og systkinabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Þórleif Elísabet Stefánsdóttir**

fyrrum húsfreyja á Gili, síðar Hólmagrund 12, Sauðárkróki,

andaðist þann 10. júní sl. á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki, deild 2. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju mánudaginn 20. júní kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Guðrún Skarphéðinsdóttir** **Herbert Hjálmarsson**
**Pálína Skarphéðinsdóttir** **Jens Berg Guðmundsson**
**Þuríður Skarphéðinsdóttir** **Kjartan Antonsson**
**Stefán Skarphéðinsson** **Ólína Rögnvaldsdóttir**
**Sóley Skarphéðinsdóttir** **Gestur Þorsteinsson**
**Símon Skarphéðinsson** **Brynja Ingimundardóttir**
**Elísabet Skarphéðinsdóttir** **Ragnar Ingólfsson**
**Alda Skarphéðinsdóttir** **Jón Ól. Sigfússon**
**Sigurbjörn Skarphéðinsson** **Ingibjörg M. Valgeirsdóttir**
**Sigurjóna Skarphéðinsdóttir** **Ólafur Friðriksson**
**Hafdís Skarphéðinsdóttir** **Hrólfur Sigurðsson**
**Sveinn Skarphéðinsson**
**Sigríður K. Skarphéðinsdóttir** **Reynir Hjörleifsson**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ingibjörg Jóhannsdóttir**

lést á Dvalarheimilinu Sólvöllum 2. júní.

Útförin fer fram frá Eyrarbakkakirkju fimmtudaginn 16. júní kl. 13.00.

**Jóhann E. Þórarinsson** **Helga Hallgrímsdóttir**
**Kristinn Þórarinsson**
**Ingi Þór Þórarinsson** **Guðrún Ísfold Johansen**
**Skúli Þórarinsson** **Norma Einarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristín Matthíasdóttir**

Asparfelli 6,

lést á Landspítalanum 7. júní. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 20. júní kl. 15.00.

**Karen Valdimarsdóttir** **Guðmundur Björgvinsson**
**Áslaug Valdimarsdóttir** **Bo Isberg**
**Haukur Valdimarsson** **Brynja Björk Gunnarsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

---





Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts foreldra minna, dóttur og tengdasonar, systkinis, mágs og mágkonu,

**Hjartar Jakobssonar og Auðar Gunnarsdóttur**

Hraunbæ 150,

sem létust á krabbameinsdeild Landspítalans 27. apríl og 11. maí 2016. Sérstakar þakkir til starfsfólks Landspítalans.

**Ásta Rut Hjartardóttir**
**Sigríður Benný Eiríksdóttir**
**Björgvin Jakobsson**
**Jóhann Jakobsson** **Unnur Ólafsdóttir**
**Guðmundur Jakobsson** **Anna Einarsdóttir**
**Eiríkur Gunnarsson** **Valgerður Stefánsdóttir**
**Trausti Gunnarsson** **Berglind Rut Sveinsdóttir**
**Hildur Gunnarsdóttir** **Guðjón Pétur Ólafsson**
**Ragnheiður Gunnarsdóttir** **Bjarni Snæbjörnsson**
**Unnur Gunnarsdóttir**

---



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

**Kristín Jónsdóttir**

sjúkraliði, Miðteigi 1, Akureyri

lést laugardaginn 11. júní á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 16. júní kl. 10.30.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Heimahlynningar á Akureyri.

**Lárus Sverrisson**
**Gunnhildur Gylfadóttir** **Hjálmar Herbertsson**
**Magnús Már Lárusson** **Helena Sif Jónsdóttir**
**Ágúst Lárusson** **Sólveig Gærdbo Smáradóttir**
**og barnabörn.**

---



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, dóttir, amma og langamma,

**Marta Baldvinsdóttir**

Bergvegi 5, Reykjanesbæ,

lést á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu Nesvöllum, Reykjanesbæ, mánudaginn 6. júní. Útförin fer fram frá Útskálakirkju fimmtudaginn 16. júní kl. 13.00.

**Sigurður B. Guðmundsson**
**Guðmundur Sigurðsson** **Kolbrún Geirsdóttir**
**Baldvin Sigurðsson** **Guðlaug Sveinsdóttir**
**Stefán Þór Sigurðsson** **Jórunn Silla Geirsdóttir**
**Jón Gunnar Sigurðsson** **Brynja Þorsteinsdóttir**
**Ægir Sigurðsson** **María Björnsdóttir**
**Bjarki Sigurðsson** **Hólmfríður Jónsdóttir**
**Smári Sigurðsson** **Heiða Guðmundsdóttir**
**Nanna Guðný Sigurðardóttir** **Sigurður Erlingsson**
**Guðrún Sigurðardóttir** **Hans Kristian Müller**
**Nanna Stefánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Þriðjudagur




Norðaustlæg eða breytileg átt, yfirleitt 3-8 m/s. Víða léttskýjað á landinu, en skýjað og smádropar austanlands. Hiti 7 til 18 stig, hlýjast í uppsveitum á Suðvestur- og Vesturlandi en kaldast við austurströndina.

## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 13° | 11° | 14° |
| ↗5 | ←4 | ↘4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 10° | 12° | 10° |
| ↖5 | ↑3 | ↗6 |

## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 9° | 13° |
| ↑4 | ↘4 | →5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 12° | 15° | 7° |
| ↖1 | ↗5 | ↗5 |

# Þrautir

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. gætt
6. drykkur
8. klæðalaus
9. bókstafur
11. ekki heldur
12. skopleikrit
14. græða
16. samtök
17. skurðbrún
18. fálm
20. átt
21. stefna

**LÓÐRÉTT**
1. samtök
3. í röð
4. kassa
5. viður
7. ótvíræður
10. útsæði
13. gerast
15. seytlar
16. ái
19. tvö þúsund



**LÁRÉTT:** 2. gátt, 6. te, 8. ber, 9. eff, 11. né, 12. farsi, 14. lækna, 16. aa, 17. egg, 18. fum, 20. sa, 21. ismi. **LÓÐRÉTT:** 1. stef, 3. áb, 4. tenings, 5. tré, 7. efalaus, 10. fræ, 13. ske, 15. agar, 16. afi, 19. mm.

## Skák Gunnar Björnsson



Örn Leó Jóhannsson (2.226) átti leik gegn Braga Þorfinnssyni (2.426) í lokaumferð Íslandsmótsins í skák. Bragi lék síðast 52...a4???

**Hvítur á leik**

**52. Be4!** Lítill og nettur leikur. Svartur er í algjörri leikþröng. Ef t.d. **52...Ke7 þá 53. Bxg6! og ef 52...Kf8 þá 53. Bxd5 exd5 54. Ke5.** Svartur gafst upp.

**www.skak.is:** Pistill um Sardiníu.




## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 6 | | | | |
| 9 | 4 | | 7 | 2 | | | 3 | |
| 7 | 5 | 1 | 9 | | 4 | | | |
| | | 9 | | | 6 | | | 2 |
| 4 | 7 | | 2 | | | 1 | 9 | |
| | 8 | | 1 | 7 | | 3 | | 5 |
| | | | | 4 | | 8 | | 7 |
| 8 | | 4 | | | | 2 | | 9 |
| 1 | | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 8 | 1 | | 3 | | |
| | | 8 | 9 | | | | | |
| 3 | | | | 7 | 5 | | | 1 |
| 5 | 7 | 4 | | 8 | 2 | | | |
| | | | | | 4 | | 1 | |
| | 2 | | | | | | | 8 |
| 6 | | | | 2 | 9 | | | |
| 9 | 3 | 1 | 5 | | | | 7 | |
| | | | | 3 | | 5 | 6 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | | | | |
| | 4 | | | | 3 | | 1 | |
| 1 | | 7 | 8 | | | | | |
| 9 | | | 1 | | 4 | 8 | | 6 |
| | | 6 | | 5 | | | | 3 |
| | | | | | 8 | | | |
| 6 | 5 | 4 | | 8 | | | 9 | |
| 2 | | | 5 | | 9 | 4 | | |
| | | | | | 1 | | 8 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 6 | 3 | 1 | 8 | 7 | 4 | 9 |
| 4 | 7 | 1 | 2 | 9 | 6 | 5 | 8 | 3 |
| 8 | 9 | 3 | 4 | 5 | 7 | 1 | 2 | 6 |
| 9 | 1 | 7 | 6 | 3 | 4 | 2 | 5 | 8 |
| 5 | 8 | 4 | 7 | 2 | 9 | 6 | 3 | 1 |
| 3 | 6 | 2 | 1 | 8 | 5 | 9 | 7 | 4 |
| 6 | 4 | 5 | 8 | 7 | 1 | 3 | 9 | 2 |
| 7 | 2 | 8 | 9 | 6 | 3 | 4 | 1 | 5 |
| 1 | 3 | 9 | 5 | 4 | 2 | 8 | 6 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5 | 7 | 3 | 2 | 8 | 1 | 6 | 9 |
| 8 | 9 | 2 | 1 | 7 | 6 | 4 | 3 | 5 |
| 1 | 3 | 6 | 9 | 4 | 5 | 8 | 2 | 7 |
| 6 | 8 | 5 | 7 | 3 | 1 | 2 | 9 | 4 |
| 7 | 1 | 4 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 | 6 |
| 9 | 2 | 3 | 5 | 6 | 4 | 7 | 1 | 8 |
| 5 | 6 | 8 | 4 | 1 | 3 | 9 | 7 | 2 |
| 3 | 4 | 9 | 2 | 5 | 7 | 6 | 8 | 1 |
| 2 | 7 | 1 | 6 | 8 | 9 | 5 | 4 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 3 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 8 | 9 |
| 1 | 7 | 8 | 9 | 6 | 2 | 5 | 4 | 3 |
| 2 | 4 | 9 | 3 | 8 | 5 | 1 | 6 | 7 |
| 6 | 9 | 2 | 4 | 5 | 3 | 7 | 1 | 8 |
| 7 | 5 | 3 | 8 | 9 | 1 | 4 | 2 | 6 |
| 8 | 1 | 4 | 7 | 2 | 6 | 9 | 3 | 5 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 | 3 | 9 | 2 |
| 3 | 8 | 7 | 2 | 1 | 9 | 6 | 5 | 4 |
| 9 | 2 | 5 | 6 | 3 | 4 | 8 | 7 | 1 |

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**STÚLKURNAR** EFTIR **EMMU CLINE,** ÍSLENSK ÞÝÐING **INGUNN SNÆDAL**

# „MEST GRÍPANDI BÓK SEM ÞÚ LEST Í SUMAR!“

*– EVENING STANDARD*





Emma Cline

KEMUR ÚT SAMTÍMIS Í BANDARÍKJUNUM OG Á ÍSLANDI Í DAG!

„Frumraun í sjaldgæfum gæðaflokki.“
**– WASHINGTON POST**

„Afar slyngur sögumaður.“
**– THE NEW YORKER**

„Kraftmikil og grípandi.“
**– ENTERATAINMENT WEEKLY**

*Stúlkurnar* gerist í Norður-Kaliforníu við róstusöm endalok sjöunda áratugarins. Unglingsstúlkan Evie Boyd dregst inn í söfnuð sem stjórnað er af manni með gríðarlegt aðdráttarafl. Þau búa saman á niðurníddum búgarði, sem í augum Evie er framandi og ómótstæðilegur. Þráhyggja hennar gagnvart stúlku í hópnum magnast dag frá degi og Evie er reiðubúin að gera hvað sem er til að vera ein af þeim. Og smám saman færist óhugsandi ofbeldið nær.

BJARTUR

DYNAMO REYKJAVÍK

# Njála sannkallaður sigurvegari kvöldsins

**Sýning Borgarleikhússins á Njálu, í leikgerð Mikaels Torfasonar og Þorleifs Arnar Arnarssonar, skoraði flest mörk á Grímunni, íslensku sviðslistaverðlaununum 2016 í gærkveldi. Hlaut verðlaun í 9 flokkum.**

Aðstandendur sýningarinnar Njálu riðu feitum hesti frá Grímuverðlaunahátíðinni í gærkveldi því hún sópaði til sín hverjum verðlaununum eftir önnur. Hilmi Snæ tókst þó að heilla dómnefndina með frammistöðu sinni í Hver er hræddur við Virginíu Woolf? sem leikari ársins 2016.

Heiðursverðlaunahafi ársins 2016 er Stefán Baldursson, fyrrverandi leikhússtjóri Leikfélags Reykjavíkur, þjóðleikhússtjóri, óperustjóri Íslensku óperunnar og leikstjóri um 80 leiksýninga.



Njála hlaut meðal annars aðalverðlaun Grímunnar fyrir búninga sem voru í höndum Sunnevu Ásu Weisshappel. MYND/BORGARLEIKHÚSIÐ

**Annars er listinn hér:**

**Sýning ársins**
Njála
**í leikgerð Mikaels Torfasonar og Þorleifs Arnar Arnarsson**
**Sviðsetning: Borgarleikhúsið og Íslenski dansflokkurinn**

**Leikrit ársins**
Njála
**í leikgerð Mikaels Torfasonar og Þorleifs Arnar Arnarssonar**
**Sviðsetning Borgarleikhúsið og Íslenski dansflokkurinn**

**Leikstjóri ársins**
Þorleifur Örn Arnarsson
**fyrir Njálu**
**í sviðsetningu Borgarleikhússins og Íslenska dansflokksins**

**Leikari ársins í aðalhlutverki**
Hilmir Snær Guðnason
**fyrir Hver er hræddur við Virginíu Woolf?**
**í sviðsetningu Borgarleikhússins**

**Leikkona ársins í aðalhlutverki**
Brynhildur Guðjónsdóttir
**fyrir Njálu**
**í sviðsetningu Borgarleikhússins og Íslenska dansflokksins**

**Leikari ársins í aukahlutverki**
Hjörtur Jóhann Jónsson
**fyrir Njálu**
**í sviðsetningu Borgarleikhússins og Íslenska dansflokksins**

**Leikkona ársins í aukahlutverki**
Kristín Þóra Haraldsdóttir
**fyrir Auglýsingu ársins**
**í sviðsetningu Borgarleikhússins**

**Leikmynd ársins**
Ilmur Stefánsdóttir
**fyrir Njálu**
**í sviðsetningu Borgarleikhússins og Íslenska dansflokksins**

**Búningar ársins**
Sunneva Ása Weisshappel
**fyrir Njálu**
**í sviðsetningu Borgarleikhússins og Íslenska dansflokksins**

**Lýsing ársins**
Björn Bergsteinn Guðmundsson
**fyrir Njálu**
**í sviðsetningu Borgarleikhússins og Íslenska dansflokksins**

**Tónlist ársins**
Árni Heiðar Karlsson og Valdimar Jóhannsson
**fyrir Njálu**
**í sviðsetningu Borgarleikhússins og Íslenska dansflokksins**

**Hljóðmynd ársins**
Valdimar Jóhannsson og Baldvin Þór Magnússon
**fyrir Kafla 2: og himinninn kristallast**
**í sviðsetningu Íslenska dansflokksins**

**Söngvari ársins**
Elmar Gilbertsson
**fyrir Don Giovanni**
**í sviðsetningu Íslensku óperunnar**

**Dans- og sviðshreyfingar ársins**
Erna Ómarsdóttir
**fyrir Njálu**
**í sviðsetningu Borgarleikhússins og Íslenska dansflokksins**

**Dansari ársins**
Aðalheiður Halldórsdóttir
**fyrir Persóna – What a feeling**
**í sviðsetningu Íslenska dansflokksins**

**Danshöfundur ársins**
Inga Huld Hákonardóttir og Rósa Ómarsdóttir
**fyrir The Valley**
**í sviðsetningu Menningarfélagsins Tvíeindar, Reykjavík Dance Festival og Tjarnarbíós**

**Útvarpsverk ársins**
Fylgsnið
**eftir Hávar Sigurjónsson**
**Leikstjórn Hilmar Jónsson**
**Framleiðandi Útvarpsleikhúsið á RÚV**

**Sproti ársins**
Hrafnhildur Hagalín og Björn Thors fyrir Flóð
**í sviðsetningu Borgarleikhússins**

**Barnasýning ársins**
Vera og vatnið
**eftir Tinnu Grétarsdóttur, Snædísi Lilju Ingadóttur, Guðnýju Hrund Sigurðardóttur og Sólrúnu Sumarliðadóttur**
**Í sviðsetningu Bíbí og blaka**

**Heiðursverðlaun Sviðslistasambands Íslands**
Stefán Baldursson

# Örlög unglingsstúlkna

**BÆKUR**

**Vinkonur**
★★★☆☆

**Höfundur:** Ragna Sigurðardóttir
**Kápa:** Emilía Ragnarsdóttir
**Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja
250 bls.

Vinátta á unglingsárum og hvaða áhrif hún hefur á ævina alla er greinilega hugleikin kvenrithöfundum um þessar mundir. Leikhópurinn Sokkabandið sýndi í vetur sem leið hið áleitna og oft erfiða verk Hystory eftir Kristínu Eiríksdóttur fyrir fullu húsi í Borgarleikhúsinu og vinkonufjórleikur Elenu Ferrante fer nú sigurför um lesheiminn. Samböndin sem myndast á mótunarárum hafa oft gríðarleg áhrif á það sem eftir lifir ævinnar, þar sem fólk fer samferða gegnum skrýtnasta tímabil lífsins, unglingsárin.

Vinátta og örlög unglingsstúlkna er leiðarstef í bók Rögnu Sigurðardóttur, Vinkonur.

Hafdís er dómsmálaráðherra sem hefur með mál hælisleitenda að gera. Eitt kvöldið hittir hún fyrir ókunnugan mann í eldhúsinu hjá sér. Röð atburða og ákvarðana verður til þess að hún tekur upp samband við tvær æskuvinkonur sínar, Láru og Júlíu, sem hafa átt mjög ólíkt lífshlaup hennar eigin. Til hliðar er sögð saga vináttu þessara þriggja kvenna meðan þær voru stelpur, vináttu sem er bæði heit og stutt og endar á vanhugsaðri ákvörðun eitt örlagaríkt kvöld sem breytir lífi þeirra allra varanlega.

Ragna Sigurðardóttir er vandaður og agaður sögumaður. Sögur hennar eru Reykjavíkursögur, samtímasögur þar sem listin er aldrei langt undan, enda er Ragna myndlistarmaður og rithöfundur í senn. Hlutverk myndlistarinnar í þessari sögu er að vekja upp spurningar um hvert fólk er í raun og veru. Lára er fengin til að mála mynd af Hafdísi og Hafdís verður skelfingu lostin við tilhugsunina um að hún viti ekki hvernig sú mynd mun verða, veit ekki hver hún er í augum sinnar gömlu vinkonu og heldur ekki í eigin augum. Júlía er reyndar líka fengin til að „móta“ Hafdísi með því að taka hana í einkaþjálfun og einnig í því samhengi óttast Hafdís myndina sem mun koma í ljós þegar grímunni sleppir.




Sagan fjallar um minnið, upplifunina og skilninginn, hvernig við fáum aldrei alla söguna, vitum aldrei hvernig heildarmyndin er og getum farið gegnum hálft lífið með ófullkominn sannleika í farteskinu. Hún er um hættuna sem fylgir hverju fótmáli unglingsstúlku sem fótar sig í heimi þar sem hlutverk hennar breytist á einu sumri. Hún er um sjálfið og sjálfsmyndina, hvernig við vitum aldrei hvernig við komum öðrum fyrir sjónir. Lýsingin á því þegar portrettmyndin er afhjúpuð og Hafdís kannast ekki við konuna á myndinni sem allir segja að sé svo góð af henni sjálfri, er hugarfóður fyrir lesandann.

Og svo er þessi saga líka um örlög og tilviljanir, hvernig ein ákvörðun getur leitt af sér atburðarás sem aldrei er hægt að sjá fyrir og hvernig aldrei er hægt að bjarga öllum, alveg sama hversu mikil löngunin er.

Ef einhverja galla mætti nefna þá er söguþráðurinn í samtímanum kannski ekki alveg jafn vel ofinn og fortíðarfrásögnin og má þar kannski helst nefna málið sem allt hverfist um og á vissulega erindi í dag: synjun umsóknar hælisleitanda og flutningur hans úr landi. Hælisleitandinn er ekki jafn raunveruleg persóna og sumar hinna og jafnvel einfaldaður um of. En það er lítið mál að líta framhjá því og njóta þessarar marglaga sögu og alls þess sem hún skilur eftir sig að lestri loknum.

**Brynhildur Björnsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Vinkonur er falleg og áleitin saga sem snertir við lesandanum á mörgum stöðvum.

# DEKA PRO ÚTIMÁLNING

## Á MÚRBÚÐARVERÐI




| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Klettháls 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

SAMBÍÓIN




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| THE CONJURING 2 | KL. 6 - 8 - 9 - 10:20 - 10:45 |
| THE CONJURING 2 VIP | KL. 5 - 8 - 10:45 |
| TMNT 2 3D | KL. 5:30 |
| TMNT 2 2D | KL. 5:30 - 8 |
| ALICE THROUGH... 2D | KL. 5:30 - 8 |
| KEANU | KL. 10:30 |
| MOTHER'S DAY | KL. 8 |
| CAPTAIN AMERICA 2D | KL. 10:20 |
| THE JUNGLE BOOK 2D | KL. 5:30 |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI | |
| THE CONJURING 2 | KL. 8 - 10:45 |
| TMNT 2 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| TMNT 2 2D | KL. 4 - 6:30 |
| ALICE THROUGH... 3D | KL. 5:30 |
| MOTHER'S DAY | KL. 9 |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| THE CONJURING 2 | KL. 5:10 - 8 - 10:45 |
| TMNT 2 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| ALICE THROUGH... 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| KEANU | KL. 10:40 |
| CAPTAIN AMERICA 2D | KL. 7:45 |
| THE JUNGLE BOOK 2D | KL. 5:20 |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | |
| THE CONJURING 2 | KL. 8 - 10:45 |
| TMNT 2 3D | KL. 5:30 |
| TMNT 2 2D | KL. 8 |
| WARCRAFT 2D | KL. 10:30 |
| ANGRY BIRDS ÍSL.TAL 2D | KL. 5:50 |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | |
| THE CONJURING 2 | KL. 8 - 10:45 |
| TMNT 2 3D | KL. 5:30 |
| TMNT 2 2D | KL. 8 - 10:30 |
| ALICE THROUGH... 3D | KL. 5:30 |




SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




Ópera í beinni
WERTHER
FORSALA HAFIN
26. júní í Háskólabíói

LEITIN AÐ DÓRU
FRUMSÝND 16. JÚNÍ




Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

LAUGARÁS BÍÓ

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
Coca-Cola




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| THE NICE GUYS | 8, 10:30 |
| FLORENCE FOSTER JENKINS | 5:30, 8 |
| WARCRAFT | 5:30, 8, 10:30 |
| ANGRY BIRDS ÍSL.TAL | 5:30 |
| BAD NEIGHBORS 2 | 10:20 |


# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is



**Þriðjudagskvöld í Þingvallakirkju hefst klukkan 20.00 í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### 14. JÚNÍ 2016

## Tónlist

**Hvað?** Þriðjudagskvöld í Þingvallakirkju
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Þingvallakirkja
Tónlistarhátíðin „Þriðjudagskvöld í Þingvallakirkju“ heldur áfram í dag. Þá koma fram tvær þjóðkunnar tónlistarkonur, þær Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari og Elísabet Waage hörpuleikari. Þær munu verða á þjóðlegum nótum og leika meðal annarra verkið „Árferð“ eftir Báru Grímsdóttur sem byggt er á íslenskum þjóðlögum um árstíðirnar fjórar. Flytjendur kynna sjálfir verkin og rabba við tónleikagesti. Tónleikarnir standa yfir í tæpa klukkustund og aðgangur er ókeypis. Frjáls framlög vel þegin. Gestir eru beðnir um að leggja bílum sínum við Flosagjá, eða á Valhallarreitnum og ganga þaðan til kirkju.

**Hvað?** Tríó Sigurðar Flosa og Fredrik Olsson
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex Hostel, Skúlagötu 28.
Næsta djasskvöld Kex Hostels fverður í kvöld, og þar kemur fram tríó saxófónleikarans Sigurðar Flosasonar. Með honum leika þeir Þórir Baldursson á Hammondorgel og Einar Scheving á trommur. Sérstakur gestur þeirra verður sænski gítarleikarinn Fredrik Olsson. Þeir munu flytja blúsaðan djass og djassaðan blús eftir Sigurð, bæði ný og eldri lög. Tónlistin hefst kl. 20.30 og stendur í um það bil tvær klukkustundir með hléi. Aðgangur er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir.

**Hvað?** Trúbador Biggi
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** American Bar
Trúbadorinn Biggi sér um að halda öllum í góðu stuði. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Yuki Lovey and Yeung Tung
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Boston
Yuki Lovey and Yeung Tung eru tónlistarmenn frá Hong Kong, hingað komnir ásamt sveitinni American band Hello Dollface. Verður slegið upp heljarinnar veislu á Boston í kvöld og leikin indí tónlist í bland við elektróníska tóna. Allir velkomnir.

**Hvað?** Gyða Valtýsdóttir & Shahzad Ismaily
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2.
Gyða Valtýsdóttir & Shahzad Ismaily mæta í Mengi í kvöld og láta til sín taka með ýmis konar tónlist. Aðgangseyrir 2.000 krónur.

## Fyrirlestur og erindi

**Hvað?** Mannúð, lög og fjölmenning.
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Háskóla Íslands, stofu 101 í Odda
Ný lög um útlendinga sem Alþingi samþykkti 2. júní síðastliðinn eru viðfangsefni næsta hádegisfundar í fundaröð Háskóla Íslands sem ber yfirskriftina Fræði og fjölmenning. Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, opnar fundinn. Til máls taka þau Unnur Brá Konráðsdóttir, Arndís A.K. Gunnarsdóttir og Claudie Ashonie Wilson. Allir velkomnir.



**Verðlaunamyndin Matt Shepard is a friend of mine verður sýnd í dag í Bíó Paradís.** MYND/GINA VON HOOF

**Hvað?** Hatursglæpir og mannréttindi
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Bíó Paradís
Bandaríska sendiráðið á Íslandi og vefmiðillinn GayIceland. is standa fyrir sýningu á verðlaunamyndinni „Matt Shepard is a friend of mine“ í dag. Tilefnið er að júnímánuður ár hvert er tileinkaður LGBTI-málefnum í Bandaríkjunum. Fylgst verður með atburðinum á Íslandi samtímis í um fjörutíu löndum. Sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, Robert Cushman Barber, flytur ávarp og gestum gefst tækifæri til að spyrja Randy Berry, sem er sérstakur sendifulltrúi Bandaríkjanna í málefnum hinsegin fólks, James Marsden, framkvæmdastjóra The Matthew Shepard Foundation og leikstjóra myndarinnar Michele Josue, í gegnum fjarfundarbúnað. Felix Bergsson er sérstakur stjórnandi viðburðarins. Allir hjartanlega velkomnir.

## Leiklist

**Hvað?** Improv Iceland
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra
Spunaleikhópurinn hefur vakið gríðarlega athygli og kemur nú fram á Húrra í kvöld. Aðgangseyrir 2.000 krónur.


Til sölu lóðir fyrir frístundahús



Eignarlóðir í Hvalfjarðarsveit - um 60 km frá Reykjavík - glæsilegt útsýni yfir Borgarfjörðin. Stutt í alla þjónustu t.d. aðeins 10 mín akstur frá Borgarnesi. Rafmagn og kalt vatn á svæðinu.

Allar nánari upplýsingar hjá FASTEIGNASALAN HÁKOT

Kirkjubraut 12 - 300 Akranes - Sími: 431 4045 - hakot.is


TÓNLEIKUR KYNNIR:
KRIS
KRISTOFFERSON
ELDBORG 26. SEPTEMBER
SÉRSTAKIR GESTIR
APPALACHIAN MURDER BUNNIES
ANDREW HAGAR AND KELLY KRISTOFFERSON
MIÐASALA HEFST Á MORGUN
HARPA.IS –TIX.IS OG Í SÍMA 528 50 50




19:10
**ELLEN**
Skemmtilegur spjallþáttur með hinni einu sönnu Ellen DeGeneres sem fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

FRÁBÆR
ÞRIÐJUDAGUR
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

19:50
**THE COMEBACK**
Fyrrverandi gamanþáttastjarna gerir örvæntingarfulla tilraun til að slá í gegn á ný. Skemmtilegir gamanþættir með Lisu Kudrow.



20:20
**VEEP**
Fimmta röðin af þessum bráðfyndnu gamanþáttum. Julia Louis-Dreyfus er hér í hlutverki þingmanns sem ratar í starf varaforseta Bandaríkjanna.



20:50
**THE DETOUR**
Frábærir gamanþættir um Nate sem fer í viðburðaríkt og óhefðbundið ferðalag með fjölskyldu sinni.



21:15
**RUSH HOUR**
Bráðskemmtilegir spennuþættir sem eru byggðir á myndinni Rush Hour og fjalla um tvo ólíka lögreglumenn sem stilla saman strengi sína.



22:00
**GODZILLA**
Lífi á jörðinni stendur ógn af leynilegum tilraunum með kjarnorku og eina von mannkyns er að fá hjálp frá Godzilla risaskrímslinu.



3 | Kl. 19:55
**DULDA ÍSLAND**
Vandaðir þættir í umsjón Jóns Óttars Ragnarssonar sem fer með okkur í ævintýraleiðangur um Ísland.




Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is




# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## STÖÐ 2

**07.00 Simpson-fjölskyldan**
**07.20 Ærlslagangur Kalla kanínu og félaga**
**07.45 The Middle**
**08.10 Mike and Molly**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.20 Junior Masterchef Australia**
**11.05 White Collar**
**11.50 Poppsvar**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 American Idol**
**14.25 American Idol**
**15.05 Nashville**
**15.50 Nashville**
**16.35 Ærlslagangur Kalla kanínu og félaga**
**16.55 Simpson-fjölskyldan**
**17.15 Bold and the Beautiful**
**17.40 Nágrannar**
**18.05 Friends**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Íþróttir**
**19.10 Ellen**
**19.50 The Comeback**
**20.20 Veep**
**20.50 The Detour**
**21.10 Rush Hour**
**21.55 Murder in the First** Önnur syrpan af þessum hörkuspennandi þáttum þar sem sakamál eru til umfjöllunar frá upphafi til enda út þáttaröðina.
**22.40 Outsiders (2.13)** Hörkuspennandi þættir sem fjalla um Farrell-klanið sem er eins konar utangarðsfólk sem lifir eftir eigin reglum hátt uppi í Appalachia-fjöllum, langt frá mannabyggð og ákveðin dulúð hvílir yfir. Þegar ógn steðjar að heimkynnum þeirra standa þau þétt saman og svífast einskis til þess að standa vörð um sig og lífsstíl sinn.
**23.25 Last Week Tonight With John Oliver** Spjallþáttur með John Oliver sem fer yfir atburði vikunnar með á sinn einstaka hátt en hann er þekktur fyrir sinn hárbeitta og beinskeytta húmor eins og glöggir áhorfendur muna úr þáttunum Daily Show en þar sló hann í gegn með regluleg innslög sem urðu til þess að hann fékk sinn eigin spjallþátt.
**23.55 Mistresses**
**00.40 Bones 11**
**01.25 You're The Worst (**
**01.50 Battle Creek**
**02.35 Devil's Due**
**04.00 True Detective**
**05.05 NCIS**
**05.50 The Middle**

## SPORT

**07.00 Sumarmessan**
**07.45 Mexíkó - Venesúela**
**09.25 Úrúgvæ - Jamaíka**
**11.05 Sumarmessan**
**11.50 Golden State - Cleveland** Útsending frá leik 5 í úrslitaeinvígi Golden State Warriors og Cleveland Cavaliers í NBA.
**13.40 Leiknir R. - KA**
**15.20 Breiðablik - FH**
**17.10 Pepsimörkin 2016**
**18.40 Mexíkó - Venesúela**
**20.20 Úrúgvæ - Jamaíka**
**22.00 Sumarmessan** Allt það helsta úr heimi knattspyrnunnar krufið til mergjar af íþróttafréttamönnum 365 ásamt góðum gestum. Copa America og EM í Frakklandi verða í brennidepli.
**23.05 OpenCourt - All-Star Stories & Memories**
**23.50 Chile - Panama Bein útsending**
**02.10 Argentína - Bólivía Bein útsending**

## STÖÐ 3

**17.50 Raising Hope**
**18.15 The Big Bang Theory**
**18.35 Modern Family**
**19.00 Fóstbræður**
**19.25 Entourage**
**19.55 Dulda Ísland**
**20.45 Last Man Standing**
**21.10 Silicon Valley**
**21.40 Graceland**
**22.25 The Listener**
**23.10 I.Zombie**
**23.55 American Horror Story** Fimmta þáttaröðin af þessum dulmögnuðu þáttum og eins og áður eru nú nýjar söguhetjur kynntar til leiks og sagan ekkert tengd þeirri sem sögð var í síðustu þáttaröð. Nú er sögusviðið hið leyndardómsfulla hótel Cortez í Los Angeles og fjallar um lögreglumann sem rannsakar óhugnanleg morð sem öll virðast tengjast hótelinu á einn eða annan hátt. Hótelstýran er leikin af engri annarri en Lady Gaga og fékk hún Golden Globes-verðlaun fyrir leik sinn í þáttunum sem einnig voru tilnefndir til verðlauna.
**00.40 Fóstbræður**
**01.10 Entourage**
**01.35 Dulda Ísland**
**02.25 Last Man Standing**
**02.45 Silicon Valley**
**03.15 Graceland**
**03.55 Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Dóra könnuður**
**07.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**07.47 Víkingurinn Viggó**
**08.00 Áfram Diego, áfram!**
**08.24 Svampur Sveinsson**
**08.49 Lalli**
**08.55 UKI**
**09.00 Ljóti andarunginn og ég**
**09.25 Latibær**
**09.48 Hvellur keppnisbíll**
**10.00 Brunabílarnir**
**10.25 Lukku láki**
**10.47 Mæja býfluga**
**11.00 Dóra könnuður**
**11.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**11.47 Víkingurinn Viggó**
**12.00 Áfram Diego, áfram!**
**12.24 Svampur Sveinsson**
**12.49 Lalli**
**12.55 UKI**
**13.00 Ljóti andarunginn og ég**
**13.25 Latibær**
**13.48 Hvellur keppnisbíll**
**14.00 Brunabílarnir**
**14.25 Lukku láki**
**14.48 Mæja býfluga**
**15.00 Dóra könnuður**
**15.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**15.47 Víkingurinn Viggó**
**16.00 Áfram Diego, áfram!**
**16.24 Svampur Sveinsson**
**16.49 Lalli**
**16.55 UKI**
**17.00 Ljóti andarunginn og ég**
**17.25 Latibær**
**17.48 Hvellur keppnisbíll**
**18.00 Brunabílarnir**
**18.25 Lukku láki**
**18.48 Mæja býfluga**
**19.00 Fíllinn Horton**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 PGA Tour 2016 - Highlights**
**08.55 FedEx St. Jude Classic**
**11.55 KPMG Women's PGA Championship**
**16.10 FedEx St. Jude Classic**
**19.10 Golfing World 2016**
**20.00 FedEx St. Jude Classic**

## BÍÓSTÖÐIN

**10.55 Nebraska**
**12.50 Belle**
**14.35 Hungry Hearts**
**16.25 Nebraska** Dag einn fær Woody, aldraður fyrrverandi vélvirki, bréf um að hann hafi unnið milljón dollara í happadrætti. Hann ákveður að ferðast frá Montana til Nebraska til að innheimta vinninginn. Fjölskylda hans er sannfærð um að hann sé orðinn ruglaður eftir áralanga ofneyslu áfengis og enginn trúir því að vinningurinn sé raunverulegur. Woody er hins vegar handviss um að vinningurinn sé staðreynd og ákveður að leggja af stað í ferðalag til Nebraska að sækja hann.
**18.20 Belle**
**20.05 Hungry Hearts**
**22.00 Godzilla**
**00.00 The Immigrant** Árið 1920 sigla pólsku systurnar Ewa og Magda til New York með það fyrir augum að upplifa ameríska drauminn. Þegar þær nálgast New York veikist Magda og þær systur verða viðskila. Ewa endar ein og varnarlaus á miskunnarlausum strætum Manhattan og verður bráðlega fórnarlamb Brunos sem býður henni húsaskjól en vill að hún borgi fyrir það með vændi. Með aðalhlutverk fara Marion Cottillard, Joaquin Phoenix og Jeremy Renner.
**02.00 2012**
**04.35 Godzilla**

## RÚV

**13.40 Gríman 2016**
**15.35 Baráttan um Bessastaði**
**16.00 Lögreglukonan**
**16.45 Táknmálsfréttir**
**17.00 EM svítan**
**18.00 Fréttir**
**18.10 Veður**
**18.15 EM svítan**
**19.00 Portúgal - Ísland**
**21.35 Viðtal við Jane Goodall**
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Veðurfréttir**
**22.25 Kynningar frambjóðenda - Forsetakosningar 2016**
**22.30 Hernám**
**23.20 Stúlkurnar í Anzac**
**00.20 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00 Rules of Engagement**
**08.20 Dr. Phil**
**09.00 America's Next Top Model**
**09.45 Survivor**
**10.30 Pepsi MAX tónlist**
**11.25 EM 2016 á 30 mínútum**
**12.00 The Biggest Loser - Ísland**
**13.00 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**13.40 The Late Late Show with James Corden**
**14.20 Top Chef**
**15.05 Melrose Place**
**15.50 Telenovela**
**16.15 America's Next Top Model**
**17.00 EM 2016 svítan. Portúgal - Ísland**
**18.50 Portúgal - Ísland**
**21.30 EM 2016 á 30 mínútum**
**22.05 Madam Secretary**
**22.50 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**23.30 The Late Late Show with James Corden**
**00.10 Billions**
**00.55 Brotherhood**
**01.40 Chicago Med**
**02.25 Satisfaction**
**03.10 Madam Secretary**
**03.55 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**04.35 The Late Late Show with James Corden**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


SAMSUNG
SAMSUNGSETRID.IS
Sjáðu alla leikina á EM
í 65" Samsung háskerpu
Leikir í F-riðli
HUN Wednesday 22 June - 18.00 Hrs POR
Hungary 34 Portugal
ISL Wednesday 22 June - 18.00 Hrs AUT
Iceland 33 Austria
POR Saturday 18 June - 21.00 Hrs AUT
Portugal 24 Austria
ISL Saturday 18 June - 18.00 Hrs HUN
Iceland 23 Hungary
POR Tuesday 14 June - 21.00 Hrs ISL
Portugal 12 Iceland
AUT Tuesday 14 June - 18.00 Hrs HUN
Austria 11 Hungary
EM TILBOÐ
EISA AWARD Best Product 2015-2016
HIGH END TV
Samsung UE65JS9500
Curved
SUHD TV
ULTRA HD PREMIUM
65" Samsung JS9505
699.900.-
SUHD • ULTRA HD PREMIUM • HDR1000 • 4K • QUANTUM DOT DISPLAY • SMART TV
Curved
EM TILBOÐ
SUHD TV
ULTRA HD PREMIUM
EM TILBOÐ
ULTRA HD
Kemur 15. júní n.k
65" Samsung JU7005
429.900.-
UHD • 1300 PQI • 4K • QUAD CORE • SMART TV
65" Samsung JS9005
SUHD • ULTRA HD PREMIUM • HDR1000 • 4K • QUANTUM DOT DISPLAY • SMART TV
EM verðlækkun kr. 110.000,- Nú kr: 539.900.-
EM TILBOÐ
ULTRA HD
Curved
65" Samsung JU7505
449.900.-
UHD • 1400 PQI • 4K • QUAD CORE • SMART TV
ULTRA HD
EM TILBOÐ
65" Samsung JU6075
369.900.-
UHD • 800 PQI • 4K • QUAD CORE • SMART TV
FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is
SAMSUNG SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500
SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038
ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333
TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211
OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655

# Frægir á ferð og flugi



Kelly Osbourne spreyjaði listilega á ljónsfót á sýningu Billys Morrison í The Desmond í Los Angeles.



Þegar tvö ofurbeib koma saman, þá er gaman. Caitlyn Jenner og Katy Perry léku á als oddi á Moschino-tískusýningunni.



Óskarsverðlaunaleikkonan Lupita Nyong'o var hrikalega flott á Tony Awards sem fram fór á sunnudagskvöldið í New York.



Kim og Kanye skelltu sér í mat á 'L'Avenue í París í gær. Líklega einhver EM-fiðringur í þeim.



Aðalfyrirsætan í dag, Emily Ratajkowski, hélt stærðarinnar afmælisveislu, enda verður maður bara einu sinni tuttugu og fimm. Líka ofurfyrirsætur.



Kaia Gerber, dóttir fyrirsætunnar Cindy Crawford og Rande Gerber, fékk mjög greinilega fínar tölur í genalottóinu. Hún er þegar farin að mæta á viðburði og blanda geði.



Ariana Grande mætti galvösk til Tókýó í Japan, með bangsann sinn. Hún fagnar einmitt 24 ára afmælinu í lok mánaðarins.



Mindy Kaling er sjúklega fyndin og afar glæsileg. Hún átti pallinn á sérlegri Mandy Kaling tískusýningu um helgina.






PIPAR\TBWA · SÍA

## SAMAN Í LIÐI

EM-fatan frá KFC með 13 Hot Wings og 13 BBQ Hot Wings, þú og liðið þitt.

**2.899 KR.**








Fátt er svo með öllu illt að ei boði gott á sannarlega hér við. Strákarnir komast líklega fyrr heim en planað var.

# Alveg raddlaus á toppnum

**Kaleo** sendi frá sér nýja plötu síðastliðinn föstudag sem hefur fengið vægast sagt rosalegar viðtökur. Sveitin hefur hins vegar þurft að aflýsa fyrirhuguðum tónleikum vegna raddleysis söngvarans, þar á meðal voru sjálfir útgáfutónleikarnir í El Rey Theatre í Los Angeles.

Já, álagið er búið að vera gífurlegt síðustu vikur og röddin gaf sig í síðustu viku. Við þurftum þar af leiðandi að aflýsa nokkrum tónleikum, þar á meðal útgáfutónleikunum í El Rey Theatre í Los Angeles sem að við höfum verið síðustu daga. Það er vissulega svekkjandi en lítið við því að gera. Það er búið að bóka okkur fullþétt undanfarið og svona geta afleiðingarnar verið,“ segir Jökull Júlíusson, söngvari, texta- og lagahöfundur Kaleo. Sveitin sendi frá sér sína aðra plötu, A/B, á föstudaginn og má með sanni segja að hún hafi fengið áberandi huggulegar viðtökur víðsvegar um heim.

> ÞAÐ ER ÓTRÚLEGT AÐ SEMJA LAG HEIMA Í STOFU OG HEYRA SÍÐAN ÞÚSUND MANNS SYNGJA ÞAÐ MEÐ ÞÉR HÁSTÖFUM ÁRI SÍÐAR.

### Beint á toppinn

A/B fór rakleiðis á toppinn víða um heim í allri almennri plötusölu iTunes, svo sem í Kanada, Grikklandi, Írlandi, Ísrael, Lúxemborg og Sviss. Hún fór beint í þriðja sæti í bæði Bandaríkjunum og Bretlandi. Þá er platan einnig í fyrsta sæti yfir plötusölu í flokki „alternative“ tónlistar í Bandaríkjunum eins og er.

„Við vissum að það væri mikil eftirvænting eftir plötunni víða en þessi viðbrögð koma vissulega skemmtilega á óvart og við erum bara í skýjunum,“ segir Jökull nokkuð brattur þrátt fyrir umrætt raddleysi. „Við verðum í New York næstu daga og komum meðal annars fram í Late Night TV hjá Seth Myers ásamt því að kynna plötuna í fjölmiðlum.“

Varðandi titil plötunnar segir Jökull hann henta einstaklega vel. „Platan sjálf er mjög fjölbreytt, rétt eins og tónlistin, mér fannst nafnið A/B eiga vel við þar sem hún er mjög tvískipt. Fyrri hlutinn blúsaður og rokk og ról, en á seinni hlutanum er meira af ballöðum. Þetta er fyrsta platan okkar á heimsvísu. Við létum nokkur lög af fyrri plötunni á þessa líka, en endurbættum þau eða tókum upp aftur.“

Innblásturinn að plötunni segir Jökull koma úr öllum áttum. „Ég er mjög hrifinn af gömlum upptökum og af tónlist frá sjötta og sjöunda áratugnum. Ég er aftur á móti líka alæta á tónlist og hef alltaf verið, svo ég held að innblásturinn geti í rauninni komið hvaðan sem er. Hvort sem það er hugmynd, texti eða melódían.“

### Mögnuð tilfinning

Sveitin hefur verið á tónleikaferðalagi um Bandaríkin síðan um miðjan febrúar og bersýnilega náð að heilla hvar sem þeir drepa niður fæti, og rúmlega það, samanber áðurnefndar vinsældir í Ísrael og Sviss.

Spurður um hvernig tilfinning það sé að standa á sviði fyrir framan troðfullan tónleikasal í hinni gleypandi stóru Ameríku, þar sem gestir öskursyngja á móti, svarar Jökull: „Það er ein magnaðasta tilfinning sem ég veit um. Hvort sem það er í Ameríku eða annars staðar. Það er ótrúlegt að semja lag heima í stofu og heyra síðan þúsund manns syngja það með þér hástöfum ári síðar.“

Auk Jökuls skipa Kaleo þeir Daníel Ægir Kristjánsson og Rubin Pollock. Tekur ekki á mannskapinn að eyða saman jafn miklum tíma og túr af þessu kalíberi krefst?

„Það getur tekið á. Dagarnir eru misjafnir. Sumir eru frábærir og aðrir eru það ekki. Menn eru með mismunandi áherslur og allir reyna að nýta þann litla frítíma sem gefst,“ svarar Jökull og talið berst að rómuðum partíunum rokkstjarna. „Þau fylgja, vissulega. En fyrir mér er þetta þannig að þú getur stjórnað því hversu oft og lengi partíið stendur. Sjálfur reyni ég að hreyfa mig og borða rétt, sem hjálpar mér mikið. Ég á erfitt með að fara úr mjúkri falsettu í All the pretty girls og yfir í að öskra Rock N Roller ef ég er þunnur og illa sofinn. Það þarf að hugsa vel um sig, þó það sé líka mikilvægt að skemmta sér og njóta,“ svarar hann sannfærandi.

### Spennandi heimför

Þrátt fyrir að Bandaríkin geri talsvert tilkall til sveitarinnar um þessar mundir nýta meðlimir hennar hvert tækifæri til að koma heim, þó þeim fari fækkandi, eins og Jökull orðar það. Þeir munu halda tónleika í Gamla bíói þann 9. júlí næstkomandi og eru gríðarlega spenntir. Þeir gætu raunar komið örlítið fyrr á Klakann en áætlað var, vegna raddleysisins.

„Það væri ekki leiðinlegt að ná Secret Solstice, enda virkilega flott „line-up“ þar. Ég hlakka mikið til að koma heim, og það á allra besta tíma ársins,“ segir Jökull sæll að lokum. **gudrun@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


EM Í FRAKKLANDI
10. JÚNÍ–10. JÚLÍ
VIÐ ERUM
TILBÚIN
ÞEGAR ALLT ER UNDIR SÝNUM VIÐ OKKAR BESTU HLIÐAR.
ÞETTA ER OKKAR VAKT.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Erlu Bjargar Gunnarsdóttur




## Hinsegin hatur

Ef kolvitlaus byssumaður myndi birtast meðal keppanda um rauðhærðasta Íslendinginn á Írskum dögum á Akranesi og hefja skothríð og myrða 49 rauðhærða myndu allir tala um manninn sem hataði rauðhært fólk. Hvort sem maðurinn ætti sögu um andleg veikindi eða segðist drepa í nafni hryðjuverkasamtaka þá myndi enginn efast um að ráðist hefði verið á rauðhært fólk af þeirri einföldu ástæðu að það er rauðhært.

Á sunnudaginn voru 49 skotnir til bana á skemmtistað fyrir hinsegin fólk. Hinir látnu eru allir hinsegin. Byssumaðurinn var auðvitað bilaður og kannski var hann meðlimur í hryðjuverkasamtökum. En hann drap þetta fólk, ekki eitthvert annað fólk, af því að það var hinsegin.

Í gær fylgdist ég með bandarískum fjölmiðlum í miklum vandræðagangi fjalla um þennan hroðalega verknað en kalla hann nær aldrei réttu nafni. Það var talað um árás gegn manneskjum. Árás gegn vestrænum gildum. Árás gegn ungu fólki sem er úti að skemmta sér. Árás gegn frelsinu. Enn eitt hryðjuverkið. Þetta er allt rétt. En það er líka nauðsynlegt að segja það hátt og skýrt að þetta fólk var drepið af því að það var hinsegin.

Annars erum við að fela eitthvað. Kannski þá staðreynd að fimmti hver hatursglæpur sem framinn er í Bandaríkjunum er gegn hinsegin fólki. Þetta hatur er ekkert nýtt. Kannski að hinsegin fólk segist oft finna fyrir ótta á götum úti. Finnist það taka sénsinn við hvern koss.

Og kannski erum við að fela að þrátt fyrir allt vestræna frjálslyndið sem við státum okkur af og ítrekað hefur verið ráðist á, þá eru bara ekki allir frjálsir.


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

Endalaust 365
GSM
2.990 KR.*
ÓTAKMARKAÐ TAL, SMS OG ÓTAKMARKAÐ GAGNAMAGN
*Greitt er aukalega fyrir farsímanotkun erlendis, til útlanda og í upplýsinganúmer. Nánari upplýsingar á 365.is
1817 | 365.is

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ
ÁFRAM ÍSLAND
UEFA EURO2016 FRANCE
FYLDS'
Nýjar handgerðar heilsudýnur í sérflokki frá Belgíu.
Eitt það allra besta sem þekkist í dag.

Nýtt
HÁGÆÐA NUDDSTÓLAR
Vorum að fá mikið úrval af alvöru nuddstólum Verð frá kr. 289.900.-
Alpha Techno AT 599i
Alpha Techno AT-5000-80
Margir mismunandi nuddmöguleikar
Gjörsamlega einn með öllu

Nýtt
MIKIÐ ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM
Einfaldur og þægilegur í notkun.
Verð áklæði kr. 199.900.-
Verð leður kr. 249.900.-
Leður svefnsófi með tungu / hægri / vinstri
Einfaldur og þægilegur í notkun.
Flottur í sófi sem sómir sér vel hvar sem er.
Verð kr. 299.900.-
Nettur svefnsófi með slitsterku áklæði og einfaldur í notkun
Nokkrir litir - Verð frá kr.174.900.-

RAÐAÐU SAMAN ÞÍNUM EIGIN FEYDOM SVEFNSÓFA
BONBONS S
2 grunneiningar: 4 sæta sófi / tvöfalt rúm með 2 púðum / koddum
aðeins kr. 169.900.-
FEYDOM BONBON M kr. 229.900.-
KÍKTU Á FEYDOM.COM OG SJÁÐU MÖGULEIKANA
Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
*3.5% lántökugjald
12 mán. vaxtalausar greiðslur*
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Umboðsaðilar: | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum